

skoðun 14

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur
Enski boltinn








# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
12. ágúst 2011
186. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




**Nýtt lag á afmælinu**
*Ásdís Rán og Ósk Norðfjörð senda frá sér nýtt lag undir nafninu The Blondies.*
**fólk 30**

**Málefni innflytjenda**
*Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur er nýkomin af ráðstefnu í Noregi.*
**föstudagsviðtal 12**



**Á ekki að taka í taumana?**
*Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu orðið aðhlátursefni.*
**sport 27**

**veðrið í dag**




**HÆGVIÐRI** eða hafgola. Víða bjart eða bjart með köflum en hætt við þokubökkum við norður- og austurströndina. Hiti á bilinu 10 til 18 stig.
VEÐUR 4

# Ríkisjóður fái tíu til ellefu milljarða króna í sölu og arð

**Reiknað er með að sala eigna og arðgreiðslur afli ríkissjóði 10 til 11 milljarða króna. Útgjöld ríkisins hafa dregist saman um 121 milljarð frá 2009 og tekjur aukist um 86. Stjórnarflokkar deila um tekjuöflun.**

**EFNAHAGSMÁL** Gert er ráð fyrir að afla 10 til 11 milljarða á næsta ári með sölu ríkiseigna og arðgreiðslum úr þeim fyrirtækjum sem ríkið á hlut í. Þetta mun, gangi það eftir, verða meginhluti þeirrar tekjuaukningar sem ríkisstjórnin hyggur á; en alls er gert ráð fyrir 14 milljörðum króna í nýjar tekjur. Skorið verður niður um sömu upphæð og því stoppað upp í alls 28 milljarða af fjárlagagatinu.

Meðal annarra tekna sem reiknað er með er hækkun veiðileyfagjalds, en gert er ráð fyrir að það skili sjö milljörðum í stað þeirra 4,5 sem áður hafði verið reiknað með. Þar með bætast 2,5 milljarðar við fyrri áætlanir. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur einnig sagt að skattar á banka og stóriðju verði hækkaðir.

Á árunum 2009 til 2011 hafa ríkisútgjöld dregist saman um 121,4 milljarða króna. Það stendur undir 58,6 prósentum af bættri fjárhagsstöðu ríkisins, en á sama tíma hafa tekjur ríkisins aukist um 85,9 milljarða króna. Nýjar tekjur á árinu 2011 námu 11 milljörðum króna.

Ef rýnt er í ríkisreikninga fyrri ára kemur í ljós að ríkisreksturinn bólgnaði út skömmu fyrir hrun.

**Gjöld ríkissjóðs**

| | |
|---|---|
| 2006 | 340.170 |
| 2007 | 397.523 |
| 2008 | 467.378 |
| 2009 | 568.620 |
| 2010 | 559.805 |

Í þúsundum króna

Árið 2006 námu heildarútgjöld ríkisins rúmum 340 milljörðum króna. Árið 2007, þegar ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks tók við, námu þau tæpum 398 milljörðum króna. Sú upphæð var rúmir 467 milljarðar árið 2008 og nam síðan tæpum 569 milljörðum króna árið 2009, en það ár tók ríkisstjórn Samfylkingar og VG við.

Ef rýnt er í einstaka málaflokka sést að viðtekin venja var að fara fram úr fjárheimildum víða í ríkiskerfinu. Þannig fóru heilbrigðisstofnanir á landinu tæpa 33 milljarða fram úr fjárheimildum á árabilinu 2003 til 2009.

Stjórnarflokkarnir hafa mismunandi áherslur í tekjuöflun og um það var tekist á sameiginlegum þingflokksfundi á mánudag. Fallið var frá breytingum á virðisaukaskattskerfinu og ákveðið að afla tekna með sölu ríkiseigna. **- kóp**




**HJARTAHLÝJAN ER Á ALLRA VÖRUM** Söfnunin „Á allra vörum“ var kynnt í gær og þar mættu þær systur Hekla Björk og Katla Dögg Hólmarsdætur. Söfnunin hefst í dag en söfnunarféð mun renna til Neistans, styrktarfélags hjartveikra barna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kemur náttúrunni til skila:

## Svar við bréfi Helgu á svið

**MENNING** „Það er mikil náttúra í bókinni og henni verður að koma til skila,“ segir Ólafur Egilsson, sem vinnur nú að leikgerð eftir metsölubókinni Svar við bréfi Helgu eftir Bergsvein Birgisson.



ÓLAFUR EGILSSON

Svar við bréfi Helgu fer á svið Borgarleikhússins í vetur. Leikstjóri er Kristín Eysteinsdóttir og á meðal leikara eru Þröstur Leó Gunnarsson, Ilmur Kristjánsdóttir og Sigrún Edda Björnsdóttir.

Ólafur segir ekki sjálfgefið hvernig eigi að sviðsetja verkið, en bætir við að í leikhúsinu séu til ýmis góð meðul og tæki sem hægt er að grípa til. „Sagan er falleg, en þar eru miklar myndlýsingar sem flytjast ekki beinlínis yfir á sviðið sem slíkar,“ segir hann. **- afb /** **sjá síðu 30**

Bankasýsla ríkisins virðist vera ósamstíga fjármálaráðherra:

# Sparisjóður Svarfdæla seldur

**EFNAHAGSMÁL** Bankasýsla ríkisins hefur ákveðið að setja hlut ríkisins í Sparisjóði Svarfdæla á Dalvík í opið söluferli, að tillögu stjórnar sparisjóðsins.

Þetta kom fram á fundi með stofnfjárhöfum í gærkvöldi, en heimildarmaður blaðsins sat fundinn.

Í desember var sparisjóðurinn fjárhagslega endurskipulagður með samkomulagi við Seðlabankann og á ríkissjóður nú 90% stofnfjár sparisjóðsins. Þessi hlutur var 380 milljóna króna virði um síðustu áramót. Heildareignir sjóðsins voru þá 3.834 milljónir en eiginfjárhlutfall sjóðsins var 16,3%.

Fjöldi stofnfjáraðila sparisjóðsins er 152 og stofnfé er samtals rúmar 424 milljónir. Sparisjóðurinn hefur verið rekinn í yfir 120 ár en um nokkurt skeið hefur hann verið í vanda staddur.

Eins og fram hefur komið hefur stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar einnig lagt til að stofnfé þess sjóðs verði selt, en ákvörðun um það verður tekin á fundi 18. ágúst.

Í viðtali við Fréttablaðið á miðvikudag sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra að ekki stæði til að selja sparisjóðina að svo stöddu. Orðrétt sagði hann: „Nei, það er ekki gert ráð fyrir því. Þau mál eru bara enn í þeim farvegi að það er ekkert verið að tala um það.“ Ekki náðist í fjármálaráðherra í gærkvöldi. **- kóþ**


Skólabóka-
markaður á
Fiskislóð 39
15-25%
afsláttur
Kennslubækur
Orðabækur
Handbækur

Við erum í hátíðarskapi og höfum sett saman fullt af girnilegum afmælistilboðum frá okkar virtustu samstarfsaðilum.
Sjónvarpsmiðstöðin
AFMÆLISTILBOÐ 40 ára
SÍÐUMÚLA 2



## SPURNING DAGSINS



*Svandís, ertu að tékka á málinu?*

Já, annað væri ávísun á stórslys.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra býst við að bregðast við háskaakstri eins og þeim sem ökumenn frá tékkneskri ferðaskrifstofu hafa stundað hér á landi.

Bandaríska sendiráðið heiðrar Ramadan með sérstökum Iftar-kvöldverði:

# Bjóða múslimum til kvöldverðar

**TRÚARBRÖGÐ** Luis Arreaga, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, býður leiðtogum og fólki úr söfnuði múslima á Íslandi til kvöldverðar þann 16. ágúst næstkomandi.

Að sögn Lauru J. Gritz, talsmanns sendiráðsins, verður þetta svokallaður iftar-kvöldverður en þá rjúfa múslimar föstuna sem stendur yfir svo lengi sem sól er á himni. Í fyrra bauð Sam Watson, sem þá fór með forstöðu í sendiráðinu, til slíks kvöldverðar.

Karím Askari, formaður Menningarseturs múslima á Íslandi, segist vonast til þess að hinn nýi bænaprestur þeirra, Taha Sidique, muni komast til þessa kvöldverðar en hann fékk langþráð dvalarleyfi hér á landi í fyrradag. Hann er nú í Egyptalandi og reynir að flýta för hingað til lands.

Söfnuðurinn var orðinn langeygður eftir dvalarleyfi fyrir bænaprestinn sinn en umsókn hans hafði verið til afgreiðslu í rúma þrjá mánuði hjá Útlendingastofnun. Var þeim mikið í mun að fá bænaprestinn áður en Ramadan, helgur mánuður múslima, rynni sitt skeið á enda en honum lýkur þann 29. ágúst. - jse



**TRÚBRÆÐUR TAKA TIL MATAR SÍNS** Hér sjást trúbræður úr söfnuði Menningasetrurs múslima á Íslandi taka til matar síns í upphafi Ramadan. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Ísraelar byggja íbúðir:

# Auka við landnemabyggð

**JERÚSALEM, AP** Innanríkisráðherra Ísraels gaf í gær lokasamþykki á byggingu 1.600 íbúða í austurhluta Jerúsalem. Hann hyggst samþykkja byggingu 2.700 íbúða til viðbóta á næstu dögum.

Palestínumenn vilja ekki setjast við samningaborðið meðan Ísraelar byggja landnemabyggðir á Vesturbakkanum og í Austur-Jerúsalem. Bandaríkjamenn hafa reynt að fá Palestínumenn ofan af því að krefjast viðurkenningar á palestínsku ríki og ganga frekar til samninga. - þeb

Sakaður um skemmdarverk:

# Ekkert sannast á Skapofsann

**LÖGREGLUMÁL** Rösklega fertugur karlmaður sem kallaður hefur verið „Skapofsi“ verður ekki ákærður fyrir talsverð skemmdarverk sem hann var grunaður um.

Skemmdarverkin voru unnin í kjölfar bankahrunsins á eignum þekktra útrásarvíkinga, til að mynda var rauðri málningu slett á bíla þeirra og híbýli.

Talsmaður lögreglu segir í viðtali við RÚV að ekki hafi þótt líklegt að hægt væri að sanna skemmdarverkin á hinn grunaða, sem var handtekinn í janúar. Málið hefur því verið látið niður falla. - kóþ



**ÞJÓÐHÁTÍÐ Í EYJUM** Maðurinn sem grunaður er um nauðgun á Þjóðhátíð í ár var dæmdur fyrir nauðgun á tjaldstæði árið 2006.

Nauðgari áfram í gæslu:

# Gæsluvarðhald til 2. september

**LÖGREGLUMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð yfir tuttugu og fimm ára gömlum karlmanni sem grunaður er um að hafa nauðgað ungri konu í Herjólfsdal um verslunarmannahelgina. Hann situr í gæsluvarðhaldi til 2. september.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á Selfossi miðar rannsókn á málinu ágætlega og er búist við að henni ljúki í þessum mánuði. Maðurinn var dæmdur í tveggja ára fangelsi árið 2006 fyrir að hafa nauðgað stúlku á tjaldstæði.

# Úr klóm talíbana og tígra í ró upp á Skaga

**Indverskur hugvekjari hefur komist úr klóm talíbana og undan klóm blettatígra á leið sinni um heiminn. Undanfarna daga hefur hann farið á hjóli sínu um Ísland með boðskap sinn. Ferðinni er síðan heitið til Grænlands.**

**MANNLÍF** Indverski ævintýramaðurinn Somen Debnath lagði af stað hjólandi frá heimabæ sínum Bengali á Indlandi í maí 2004 og hvílir sig nú hjá vinafólki á Akranesi eftir að hafa farið íslenskra landshorna á milli undanfarna daga.

Ýmislegt hefur á daga hans drifið þessi sjö ár þar sem talíbanar, blettatígur og nýnasistar koma við sögu. En fyrst vildi Fréttablaðið fræðast um erindi hans hingað. „Ég vil fá fólk til að huga að því hvernig það getur lagt sitt af mörkum til að gera lífið betra fyrir meðbræður sína og -systur,“ segir hann.

„Markmiðið er að ferðast um heiminn til ársins 2020 en þá vil ég virkja fjölmenningarlegt samfélag sem myndi búa í þorpi nálægt mínum heimahögum sem væri haldið gangandi með sjálfboðavinnu þannig að þar væri hægt að reka spítala og koma heimilislausum undir þak og þar yrði einnig unnið að öðrum góðum málum til að gera heiminn enn betri.“

Debnath hefur farið um 80 þúsund kílómetra og þrætt um 60 lönd. Virðist ætla að sannast hið fornkveðna að fall sé fararheill því ýmislegt gekk á í upphafi ferðar. „Strax á öðrum degi var ég á ferð á fáförnum slóðum en hitti þar veiðimenn sem ráðlögðu mér að vera ekki þar á ferð þar sem blettatígrar væru á ferðinni. Það reyndist rétt því síðar þóttist ég heyra í þessum skepnum svo ég klifraði upp í tré og viti menn! Þá sé ég fjóra blettatígra fyrir neðan mig. Þeir komu að og fóru að hnusa af bakpokanum mínum sem var þarna fyrir neðan. Þetta var að kvöldi til svo ég mátti dúsa uppi í tré fram á morgun eða í ellefu klukkustundir, þá fyrst var óhætt að fara niður.“



**Í HEIMSÓKN Á AKRANESI** Debnath brá sér í heimsókn upp á Skaga til þeirra Kára Haraldssonar og Sigurlaugar Njarðardóttur. Hér slakar hann á með dóttur þeirra hjóna henni Helenu Rut Pujari Káradóttur. Hún á rætur að rekja til Kalkútta sem er skammt frá Bengali, heimabæj Debnath. MYND/KÁRI HARALDSSON

> Náttúran er svo undarleg að þegar ég kemst í þessar þrautir verður það bara til þess að ég fæ meiri trú á styrk mínum.
>
> SOMEN DEBNATH

En ekki er öll vá af dýravöldum. „Ég var síðan tekinn af talíbönum þegar ég var á leiðinni frá Kabúl til Írak. Þeir bundu fyrir augu mín og fóru með mig í eitthvað neðanjarðarvirki. Þar létu þeir mig dúsa í fjóra daga. Síðan var ég yfirheyrður og spurður hvað mér þætti um talíbana, íslam og Kóraninn. Síðan spurðu þeir hvað ég ætlaðist fyrir ef þeir létu mig lausan. Ég sagðist ekki geta unnið nein ofbeldisverk en að öðru leyti væri ég til í að hjálpa þeim. Þá var ég látinn elda og mæltist maturinn svo vel fyrir að ég var kokkur þeirra í níu daga en þá létu þeir mig lausan.“ Hann segist einnig hafa orðið fyrir verulegum ónotum af nýnasistum í Austur-Evrópu. „Náttúran er svo undarleg að þegar ég kemst í þessar þrautir verður það bara til þess að ég fæ meiri trú á styrk mínum,“ segir hann.

Hann hyggst nú fara til Nuuk á Grænlandi en það er þó einhverjum vandkvæðum háð og því leitar hann eftir stuðningi á þeim áformum. Þeim sem vilja fylgjast með ferðum hans eða styðja hann er bent á heimasíðuna somen2020world.com. jse@fettabladid.is



**SÓMALÍA** Vannært barn liggur á sjúkrabeði í höfuðborginni Mogadishu. Tugþúsundir hafa látist í hungursneyðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þörf á miklu meiri aðstoð:

# Hungursneyð á eftir að aukast

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Enn hefur hungursneyð í Austur-Afríku ekki náð hámarki. Hundruð þúsunda manna munu svelta í hel ef ekki verður gripið til stórtækra aðgerða. Þetta segja Sameinuðu þjóðirnar.

Tugir þúsunda hafa þegar látið lífið og 1,3 milljarða dollara þarf til að snúa ástandinu við. Búist er við því að hungursneyðin nái til allra héraða í suðurhluta Sómalíu á næstu vikum nema meiri aðstoð berist. Um ellefu milljónir manna í Austur-Afríku þurfa á mataraðstoð að halda vegna langvinnra þurrka á svæðinu. - þeb

Hafnfirsk könnun um álver:

# Ekki stækkað enn um sinn

**IÐNAÐUR** Ótímabært er að kjósa aftur um frekari stækkun álversins í Straumsvík að mati Alcan og Hafnarfjarðarbæjar.

Skoðanakönnun þessara aðila, um atvinnumál og álverið í Straumsvík, gefur til kynna að þrír af hverjum fjórum íbúum Hafnarfjarðar telji álverið og yfirstandandi framleiðsluaukningu hafa jákvæð áhrif á bæjarfélagið: það skapi störf og tekjur fyrir bæjarsjóð. Væri kosið í dag myndu tæp 60 prósent styðja stækkun, sum að uppfylltum skilyrðum, svo sem um umhverfismál. - kóþ





HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0984

LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg


Tékkneska ferðaskrifstofan Adventura biðst afsökunar:

# Segir trukka-myndskeið fölsuð

**FERÐAMENNSKA** Paul Novotný, framkvæmdastjóri tékknesku ferðaskrifstofunnar Adventura, sem skipulagði ferðalag 22 Tékka er lentu í Blautulóni, undrast þau miklu viðbrögð sem óhappið hefur vakið á Íslandi.

Hann segir að fjölmiðlar hafi ekki gefið fyrirtækinu tækifæri til að svara fyrir sig. Svo langt hafi verið gengið að klippa til myndskeið frá fyrirtækinu, þau trufluð og þeim breytt. Þetta hafi verið „fyrir neðan beltisstað“. Fyrirtækið sé látið líta illa út:

„Sum ummæli [í umræðunni] eru handan kurteislegrar framsetningar, þau eru óhefluð og bera keim af útlendingahatri,“ segir Novotný.

Novotný segir að í gegnum árin hafi fyrirtækið sýnt hundruðum ferðamanna íslenska náttúru og leitist við að sýna henni virðingu.



**TRUKKURINN Á BÓLAKAFI** Framkvæmdastjóri Adventura biður Íslendinga innilega afsökunar.

Fyrirtækið sé stærsti viðskiptavinur Icelandair í Tékklandi.

„Við elskum landið ykkar virkilega,“ segir hann.

Hann biður Íslendinga og íslenska náttúru innilegrar afsökunar á atburðinum. og segist ætla að greiða allan kostnað vegna óhappsins.

Hann þakkar hjartanlega þeim fjölmörgu sem aðstoðuðu ferðalangana og segist hafa í þeim þrengingum fundið fyrir raunverulegri vináttu. - kóþ



70 lítil hjörtu þurfa lækningu á hverju ári
ÞAÐ ÞARF STÓRT HJARTA TIL AÐ BJARGA ÞEIM LITLU
Á allra vörum safnar nú fyrir nýju barnahjarta-sónartæki, í samstarfi við Neistann. Vertu með og leggðu hjartveikum börnum lið með því að kaupa Á allra vörum gloss frá Dior!
Sjá nánar á www.aallravorum.is.
HVAÐ ERT ÞÚ MEÐ STÓRT HJARTA?
Á ALLRA VÖRUM
Fíton/SÍA
EFTIRÐTALDIR STAÐIR SELJA Á ALLRA VÖRUM GLOSS
FRÍHÖFNIN Flugstöð Leifs Eiríkssonar.
HAGKAUPSBÚÐIRNAR: Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Holtagörðum, Spönginni, Garðabæ, Akureyri, Borgarnesi og Njarðvík.
LYF OG HEILSA: Kringlunni, Háaleiti, Hafnarfirði, JL-húsinu, Nes apóteki, Glæsibæ, Hamraborg, Domus Keflavík, Glerártorgi og Hrísalundi, Akureyri, Dalvík, Ólafsfirði, Selfossi, Hveragerði, Þorlákshöfn, Hellu, Hvolsvelli og Vestmannaeyjum.
SNYRTIVÖRUVERSLANIR: Hygea Kringlunni og Smáralind, Sigurboginn, Glæsibær, Ólöf snyrtistofa og Jara.
Dior
Hjartans þakkir:

## GENGIÐ 11.08.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,39 | 115,95 |
| Sterlingspund | 186,28 | 187,18 |
| Evra | 163,63 | 164,55 |
| Dönsk króna | 21,957 | 22,085 |
| Norsk króna | 20,897 | 21,021 |
| Sænsk króna | 17,580 | 17,684 |
| Japanskt jen | 1,5062 | 1,5150 |
| SDR | 184,21 | 185,31 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 219,8214

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Oddviti Sveitarfélagsins Skagastrandar vonast eftir hitaveitu:

# Húshitun yrði langtum ódýrari

**SKAGASTRÖND** Ákveðið verður í haust hvort RARIK veiti heitu vatni frá Reykjum á Húnavöllum til Skagastrandar.

Adolf H. Berndsen, oddviti Sveitarfélagsins Skagastrandar, segir að nú sé kynt með rafmagni þar og geti sá kostnaður verið nokkuð íþyngjandi en ef af þessum framkvæmdum yrði gæti það lækkað hann um 30 til 40 prósent. „Þetta er því afar mikilvægt fyrir bæði heimilin og eins atvinnulíf hér á Skagaströnd," segir hann. „Í raun er það bara spurningin um hvort þetta sé arðbært," segir hann enn fremur.

RARIK á og rekur fimm hitaveitur á landinu, þar á meðal þá á Reykjum sem heldur Blönduósbúum heitum.

Adolf segir að fáir staðir á landinu hafi breyst á síðustu árum jafn mikið og Skagaströnd. „Í byrjun árs 2007 var einungis einn opinber starfsmaður hér í þessum útgerðarbæ en það var hjúkrunarfræðingurinn á staðnum. Nú eru hér um 30 opinberir stafsmenn en varla nokkur útgerð," segir hann. Munar þar mest um skrifstofu Vinnumálastofnunar sem flutt var til Skagastrandar á vormánuðum 2007 en sú skrifstofa hefur umsjón með greiðslum á atvinnuleysisbótum. **- jse**



**SKAGASTRÖND** Það myndi spara Skagstrendingum skildinginn ef þeir fengju heita vatnið frá Reykjum.

Aðgerðir Orkuveitunnar:

# Perlan verður auglýst til sölu

**REYKJAVÍK** Til stendur að setja Perluna í Öskjuhlíð á sölu á næstu mánuðum. Orkuveita Reykjavíkur (OR), sem er eigandi Perlunnar, þarf að afla sér fimmtíu milljarða króna á næstu fimm árum og yrði sala Perlunnar liður í þeirri aðgerð. RÚV greinir frá þessu og segir að vel hafi gengið að selja eignir OR.

Fleiri eignir verða seldar, svo sem jörðin Hvammsvík í Hvalfirði og minjasafnið í Elliðaárdal. Í Perlunni hefur verið rekinn veitingastaður og Sögusafn. **- kóþ**

Skattaflótti Þjóðverja:

# Samið við banka í Sviss

**SVISS** Yfirvöld í Sviss og Þýskalandi hafa náð samkomulagi um að ljúka deilum vegna skattaflótta þýskra auðmanna til einkabanka í Sviss.

Svissnesku bankarnir munu greiða tvo milljarða svissneskra franka til Þýskalands upp í það sem ekki hefur verið gerð grein fyrir. Þessi upphæð verður síðar endurgreidd bönkunum í formi greidds skatts frá viðskiptavinunum. **- ibs**



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Þvingun samkeppnisyfirvalda bar tilætlaðan árangur og því var bankinn leystur undan dagsektinni.

Samkeppniseftirlitið:

# Sektaði ekki Seðlabankann

**SEÐLABANKINN** Samkeppniseftirlitið lítur svo á að dagsektirnar, sem fallið höfðu á Seðlabankann fyrir að láta ekki af hendi gögn sem eftirlitið hafði óskað eftir, væru þvingunaraðgerð. Þar sem aðgerðirnar hefðu borið tilætlaðan árangur sé óþarft að innheimta sektina.

Sektin nam um fimmtíu milljónum króna. Þetta kom fram á fréttavef RÚV í gær. Bankinn bar við að hann hefði ekki heimild til að afhenda gögnin vegna trúnaðarskyldu við viðskiptabankana. Seðlabankinn lét síðan gögnin af hendi eftir að hafa fengið þeirri skyldu aflétt. **- jse**

# Meintar iðnnjósnir ekki enn kannaðar

**Ríkislögreglustjóra mun ekki hafa þótt ástæða til að kanna hvort njósnað hafi verið um íslensk erfðagreiningar- og læknisfræðafyrirtæki. Bandaríska sendiráðið hafði látið bandarísk löggæsluyfirvöld vita af meintum njósnum Kínverja.**

**LÖGREGLUMÁL** Ríkislögreglustjóri aðhafðist ekkert þegar hann var beðinn að rannsaka meintar iðnnjósnir kínverskra aðila innan Íslenskrar erfðagreiningar, að sögn Kára Stefánssonar forstjóra fyrirtækisins.

„Þeir gerðu ekkert í þessu og, það sem meira er, hæstvirtur innanríkisráðherra gaf út yfirlýsingu um að þetta skipti ekki máli, því menn ættu ekki að vera með svona leyndarmál!" segir hann.

Í desember birti Fréttablaðið fréttir úr „sendiráðsskjölum" bandaríska sendiráðsins á Íslandi, sem Wikileaks setti síðar á netið.

Í einu skjalinu kom fram að Bandaríkjamenn telja Kínverja „stunda iðnnjósnir á sviði erfðagreiningar og læknisfræðilegra rannsókna á Íslandi". Umrætt skjal er merkt sem leyndarmál og var sent CIA, FBI og leyniþjónustu bandaríska hersins.

Sem fyrr segir fór Kári Stefánsson þá fram á það við ríkislögreglustjóra að hann rannsakaði hvort þessar staðhæfingar Bandaríkjamanna ættu við rök að styðjast. Kári vísar hér að framan í orð innanríkisráðherra, Ögmundar Jónassonar, sem var á þessum tíma spurður álits á málinu á Bylgjunni.

Ögmundur sagðist þá efast um að meintar njósnir væru „verulegt vandamál". Hann sagði Íslendinga vera að kynnast þessum „nýja heimi" sem stórþjóðir þekki vel:

„Þegar þær hafa verið að pukrast með ýmis leyndarmál í framleiðslunni. Hvort sem það var uppskriftin að kóka kóla eða kjarnorkubúnaði."

Kári segir í ljósi þessa að ekki hafi virst mikill áhugi fyrir því að grafast fyrir um sannleiksgildi leyniskjalanna bandarísku.

„Og ég er nú svo sem ekkert að væla undan því. Svona er þetta bara," segir hann.

Guðmundur Guðjónsson á skrifstofu Ríkislögreglustjóra skrifar í stuttu svari til blaðsins að málið hafi verið afgreitt á sínum tíma og vísar til Íslenskrar erfðagreiningar um frekari upplýsingar. Hann svaraði ekki endurtekinni fyrirspurn um hvað ríkislögreglustjóri hafi gert í málinu.

klemens@frettabladid.is



**KÁRI STEFÁNSSON** Forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar er óánægður með undirtektir löggæsluyfirvalda við beiðni hans um að rannsakað yrði hvort njósnað væri um fyrirtækið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Þeir gerðu ekkert í þessu ...
>
> **KÁRI STEFÁNSSON** FORSTJÓRI ÍSLENSKRAR ERFÐAGREININGAR



**FORSVARSKONUR ÁTAKSINS** Gróa Ásgeirsdóttir, Elísabet Sveinsdóttir og Guðný Pálsdóttir á Barnaspítala Hringsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Á allra vörum" hefst í dag:

# Fyrstu glossin afhent í gær

**SAMFÉLAGSMÁL** Átakið „Á allra vörum" hefst í fjórða sinn í dag.

Í ár beinir „Á allra vörum" kastljósinu að Neistanum og málefnum hjartveikra barna, en um 70 börn greinast með hjartagalla á ári hverju hér á landi. Sérstakt hjartatæki fyrir börn á Barnaspítala Hringsins er nú komið til ára sinna og þarf nýtt tæki.

Með sölu á „Á allra vörum" varaglossi frá Dior er vonast til að hægt verði að endurnýja tækið. **- sv**

Meint lífeyrissjóðsbrot:

# Komið á borð ríkissaksóknara

**EFNAHAGSMÁL** Ríkissaksóknari hefur fengið málefni Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogs á sitt borð þar sem grunur leikur á að brot sem unnin voru í sjóðnum kunni að varða hegningarlagaákvæði og þar fer ríkissaksóknari með ákæruvald. Þetta kom fram á fréttavef RÚV í gær.

Efnahagsbrotadeild hafði málið til umfjöllunar en það varðar hundrað milljón króna lán sem lífeyrissjóðurinn veitti Kópavogsbæ árið 2008. Fjármálaeftirlitið taldi lánveitinguna ekki í samræmi við lög. **- jse**


HÓPKAUP.IS Í DAG

Herra- eða dömuklipping á frábæru verði hjá hárgreiðslustofunni Texture

1.490 kr.

GILDIR 24 TÍMA

Verð 3.990 kr. | Afsláttur 63% | Afsláttur í kr. 2.500 kr.

50 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið

Dömu eða herraklipping á frábæru verði á hárgreiðslustofunni Texture

Dömuklipping á **1.890 kr.**
Listaverð **4.990 kr.**
Afsláttur **62%**
Afsláttur í kr. **3100 kr.**



texture HÁRSTOFA

HÓPKAUP í krafti fjöldans

hópkaup.is

PIPAR\TBWA • SÍA


## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

**HELGARVEÐRIÐ** Það verður víða bjart eða bjart með köflum í dag og vindur hægur. Á morgun þykknar upp austanlands og fer að rigna, líklega annað kvöld, en annars verður nokkuð bjart og þurrt. Áfram þurrt suðvestanlands á sunnudag en væta annars staðar.





**Á MORGUN** Strekkingur A-lands þegar líður á daginn, annars hægari.

**SUNNUDAGUR** Strekkingur með SA-ströndinni og vestast á landinu annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 23° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 29° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 19° |
| París | 23° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




**KJÚKLINGUR FERSKUR**
**699** kr/kg.
Verð áður 979.-

## BASIL- OG RJÓMAOSTAFYLLTUR KJÚKLINGUR fyrir 4 *að hætti Rikku*

1 heill kjúklingur
80 g rjómaostur með svörtum pipar
40 g rifinn parmesanostur
2 msk söxuð fersk basilika
½ sítróna
salt og nýmalaður pipar
2 msk ólífuolía
3 bökunarkartöflur
150 ml hvítvín
2 msk söxuð fersk steinselja

Hitið ofninn í 180°C. Blandið saman rjómaosti, parmesanosti, basiliku, 1 msk sítrónusafa og rifnum berki af ½ sítrónu. Skolið kjúklinginn og þerrið hann með eldhúspappír. Setjið hluta af blöndunni undir skinnið á bringunni á kjúklingnum og afganginn inn í kjúklinginn sjálfan. Berið olíu á kjúklinginn og kryddið með salti og pipar. Leggið kjúklinginn í álbakka með loki eða leirpott. Einnig er hægt að nota eldfast mót og leggja álpappír yfir það. Skerið kartöflurnar niður í bita og raðið meðfram kjúklingnum. Hellið hvítvíninu yfir kjúklinginn og kartöflurnar. Setjið lokið/álpappírinn yfir og bakið í 40 mínútur. Takið lokið af og bakið áfram í 35 mínútur. Gott er að bera réttinn fram með grilluðu brauði og fersku salati. Einnig má bæta rjóma við í soðið til tilbreytingar. Kjúklingurinn og kartöflurnar eru þá færðar úr pottinum, soðið sigtað á pönnu og látið malla við meðalhita í 5 mínútur, 2 msk af rjóma er þá bætt út í og sósan krydduð til með salti og pipar. Stráið ferskri steinselju yfir kartöflurnar áður en rétturinn er borinn fram.

NÆRINGARGILDI LDS
Kcal: 389/ 19% LDS*
Prótín: 50 g/ 100% LSD
Fita: 17 g/ 26% LDS
Kolvetni: 3 g/ 1% LDS
B12 vítamín: 5 mcg/ 100% LDS
Járn: 5.3 mg/ 30 % LDS

*Leiðbeinandi dagsskammtur (LDS) miðast við 2.000 kcal (hitaeininga) orkuþörf.



**998** kr/kg.
Verð áður 1.498.-

**Grísakótilettur**
frá grillmeistaranum



**1.098** kr/kg.
Verð áður 1.598.-

**Grísahnakki**
frá grillmeistaranum




**599** kr/kg.
Verð áður 898.-

**Kjúklingaleggir**
ferskir




TILBOÐ 25% afsláttur við kassa

**2.339** kr/kg.
Verð áður 3.118.-

**Lærissneiðar**
kryddlegnar

Santa Maria

**ÚRVAL AF GÆÐA KRYDDUM**



- Chilli & lime
- Sjávarsalt
- Kakó & chilli
- Mangó karrý
- Wasabi & sesam
- Pasta basilika
- Appelsínu pipar
- Þrefaldur pipar



CUPCAKES
KÖKUFORM
SKRAUT
MATARLITIR




TILBOÐ
PIACELLI 200G LADYFINGERS
**269** kr/pk.
Verð áður 289.-



NÝTT
GILLE KEXKÖKUR
**199** kr/pk.

NÝTT




SAMBAZON

**AÇAÍ SAFI**
- LÍFRÆNN SAFI
- OFURFÆÐA
- ÖFLUG ANDOXUNAREFNI
- LÁGUR SYKURSTUÐULL

*heilhveiti tortillas!*




TILBOÐ
HEILHVEITI TORTILLAS
**399** kr/pk.
Verð áður 439.-

NÝBAKAÐ



TILBOÐ
HAFRABRAUÐ
**249** kr/stk.
Verð áður 399.-

NÝBAKAÐ



TILBOÐ
KARAMELLUKAKA
**499** kr/stk.
Verð áður 699.-

24 Hagkaup **OPIÐ** *í sumar*
ALLAN sólarhringinn
Akureyri & Eiðistorg

Gildir til 14. ágúst á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Treystir þú meirihlutanum í borgarstjórn fyrir rekstri Reykjavíkurborgar?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 27,8% |
| NEI | 72,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Myndir þú treysta minnihlutanum í borgarstjórn fyrir rekstri Reykjavíkurborgar?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Meintur hryðjuverkamaður framseldur til Indónesíu frá Pakistan:

# Tekinn í sama bæ og Bin Laden

**INDÓNESÍA, AP** Indónesískur skæruliði, sem talinn er hafa smíðað sprengjuna sem varð 202 að bana á Balí árið 2002, var framseldur til heimalands síns í gær og mun þurfa að svara þar til saka.

Umar Patek var handtekinn í Pakistan í upphafi árs í bænum Abottabad. Þar var Osama Bin Laden einmitt veginn nokkrum mánuðum síðar og telja margir, þar á meðal indónesísk stjórnvöld, að tengsl séu þar á milli.

Ansyaad, Mbai, sem fer fyrir baráttu gegn hryðjuverkum þar í landi sagði meðal annars að upplýsingar frá Patek hafi skipt sköpum í að Bandaríkjamenn hafi fundið Bin Laden.



UMAR PATEK

Bandaríkjamenn taka hins vegar ekki undir það og segja að um tilviljun hafi verið að ræða.

Patek bíður nú réttarhalda. Ekki verður hægt að ákæra hann eftir nýjum og hörðum hryðjuverkalögum, heldur verður hann líklega kærður fyrir að hafa ólöglegt sprengiefni undir höndum. **- þj**

### 202 létust í Balí

202 létust í sprengingum í strandbæ á eyjunni Balí hinn 12. október árið 2002. Tveir menn sprengdu sig í loft upp, annar var inni á næturklúbbi og hinn í bíl fyrir utan.

88 hinna látnu voru ástralskir ferðamenn, 38 voru Indónesar og 29 Bretar.

Samtökin Jemaah Islamiyah stóðu fyrir sprengingunni og hafa þrír þegar verið teknir af lífi fyrir aðild sína að málinu. Enn einn lést í skotbardaga við lögreglu í Djakarta í fyrra.

Samningur undirritaður:

# Arion banki styrkir Hörpu

**MENNING** Arion banki verður fyrsti bakhjarl tónlistarviðburða Hörpu tónlistarhúss. Forsvarsmenn Hörpu og Arion banka undirrituðu samning í gær þess efnis að Arion banki verði einn helsti bakhjarl þeirra viðburða sem Harpa mun standa fyrir, að því er fram kemur í tilkynningu frá Hörpu.

Markmið samningsins er að styrkja menningar- og tónlistarstarf á Íslandi og kynna Hörpu fyrir almenningi og þá listviðburði sem Harpa skipuleggur. **- sv**

# Stjórnvöld vilja loka á rafræn samskipti

**Bresk yfirvöld meta nú með hvaða hætti megi aftra óeirðaseggjum frá því að skipuleggja uppþot og gripdeildir. Rætt um að hindra aðgang að samskiptasíðum og skilaboðaþjónustu Blackberry. Nokkuð rólegt á götum í gær og fyrrinótt.**

**LONDON, AP** Yfirvöld í Bretlandi hyggjast taka tæknina í sínar hendur, bæði til að slökkva óeirðabálið sem geisar víða um land og einnig til að hafa upp á þeim sem hafa gert sig seka um glæpi í róstunum. Annars vegar er rætt um að takmarka rafræn samskipti og svo að nýta sér forrit til að bera kennsl á meinta glæpamenn af myndum.

David Cameron forsætisráðherra kallaði þingið saman í gær til að ræða upplausnarástandið sem hefur tröllriðið bresku samfélagi síðan um síðustu helgi. Fjórir hafa látist, fjöldi slasast og eignartjón hefur verið gríðarlegt í stærstu borgum landsins. Þá hafa hundruð manna verið handtekin, rúmlega 900 bara í London.

Í ræðu sinni sagði Cameron að yfirvöld hygðust taka málið föstum tökum og lofaði hertum aðgerðum til að koma á friði, meðal annars með auknum heimildum lögreglu. Í því samhengi minntist hann á að lögreglumenn fengju leyfi til þess að taka hettur og grímur af róstuseggjum og að bera vandræðaseggi út úr húsnæði sem væri styrkt af ríkinu.

Hann sagði að ekkert væri útilokað í þessum málum og þar á meðal var notkun á háþrýstivatnsbyssum og að skjóta gúmmíkúlum gegn óeirðarseggjunum.

Hann lofaði einnig að þau fyrirtæki sem hafa orðið illa úti af völdum skemmdarvarga fengju hjálp til að koma starfsemi í gang á ný.

Sérstaka athygli vekur að Cameron sagði að yfirvöld væru að meta hvort hægt sé að takmarka notkun á samskiptamiðlum líkt og Facebook, Twitter og Blackberry Messenger, sem ribbaldahópar hafi notað til að skipuleggja aðgerðir sínar. Cameron sagði að athugandi væri „hvort hægt sé að stöðva samskipti fólks um þessar síður og þjónustur þegar við vitum að þau eru að skipuleggja ofbeldi, upplausn og glæpi“.



**GRÁIR FYRIR JÁRNUM** Óeirðalögreglan var við öllu búin. Þúsundir lögreglumanna hafa verið á götum breskra borga síðustu dægrin vegna óláta. Nú hyggjast yfirvöld bæta tækninni til að stöðva ribbalda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Wembley ekki fangabúðir!

922 höfðu verið handtekin í London vegna óeirðanna þegar Cameron kom fyrir þingið í gær. Sá mikli fjöldi varð tilefni fyrirspurnar frá Peter Tapsell, þingmanni Íhaldsflokksins, um hvort ekki væri ráð að smala handteknum saman á íþróttavelli til bráðabirgða. Það hefðu bandarísk yfirvöld til dæmis gert við mótmælendur gegn Víetnamstríðinu í upphafi áttunda áratugarins. Minntist Tapsell sérstaklega á þjóðarleikvanginn Wembley í því sambandi. Cameron svaraði því til að völlurinn væri fyrir stóra íþróttaviðburði, ekki til að geyma óeirðaseggi í varðhaldi.



DAVID CAMERON

Þá hefur nýtt forrit verið tekið í gagnið. Það ber saman myndir af meintum brotafólki í óeirðunum og myndir úr gagnagrunnum lögreglu, en hefur enn ekki borið mikinn árangur. Talsmaður lögreglu sagði að enn væri ódýrara og áhrifaríkara að birta myndir opinberlega og biðja almenning um ábendingar.

Lögregla hafði þegar í gær birt fjölda mynda og myndskeiða á Flickr-vef sínum.

Aðfaranótt fimmtudags var róleg í London og Birmingham þar sem þúsundir lögreglumanna stóðu vaktina og hellirigning var heldur ekki til að hvetja fólk út úr húsi. **thorgils@frettabladid.is**



**JARÐBOR** Íslandsbanka hefur verið falið að selja allt að 100 prósenta hlut Miðengis í Jarðborunum.

Fagfjárfestum boðið til leiks:

# Jarðboranir í opið söluferli

**VIÐSKIPTI Miðengi ehf. hefur falið Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka að annast ráðgjöf og formlegt söluferli Jarðborana hf., með það að markmiði að selja allt að 100% hlut Miðengis í fyrirtækinu.**

**Jarðboranir eru eitt stærsta fyrirtæki heims á sviði jarðhitaborana, segir í tilkynningu um þetta frá Miðengi, sem er eignarhaldsfélag í eigu Íslandsbanka.**

**Söluferlið er opið þeim sem uppfylla skilyrði þess að geta talist fagfjárfestar, auk aðila sem búa yfir fullnægjandi þekkingu og reynslu og geta sýnt fram á eiginfjárstöðu umfram 500 milljónir króna.** **- kóþ**

Maður svíkur út verkjalyf:

# Verkjatöflur í rangar hendur

**LANDLÆKNIR** Karlmaður um þrítugt sveik út 1.500 morfínskyldar töflur með því að þykjast vera eiginmaður kunningjakonu sinnar en hún hafði áður fengið slíkar töflur hjá heimilislækni sínum vegna brjóskloss.

Þetta kom fram á fréttavef RÚV í gær. Sá skammtur samsvarar því að átta töflur séu teknar á dag sem telst óhóflegt. Haft er eftir heimilislækni sem ávísaði lyfinu að erfitt sé að koma í veg fyrir svik hjá fíkniefnaneytendum með einbeittan brotavilja en málið hefði verið kært til Landlæknis. Upp komst um svikin þegar lyfjafræðingur hringdi í konuna að tjá henni að Tramol, sem er umrætt lyf, væri uppselt. **- jse**

Eigandi Name-it á Íslandi:

# Engin eiturefni í fötunum hér

**VIÐSKIPTI** Helga Árnadóttir, eigandi Name-it barnafataverslananna á Íslandi, segir barnaföt með krabbameinsvaldandi litarefnum ekki hafa verið til sölu í verslununum hér á landi. „Þetta voru tvær vörutegundir frá 2009 og þær voru innkallaðar frá Bestsellers. Þær komu aldrei hingað til Íslands,“ segir Helga.

Samkvæmt fréttum í dönskum fjölmiðlum var um að ræða 2.020 grænar peysur og 11.316 bláa jakka sem seldar voru í Danmörku og tíu öðrum löndum á árunum 2009 og 2010. Fullyrt var á vefsíðum fjölmiðlanna að Bestseller fyrirtækið hefði hvorki greint fjölmiðlum frá hættulega efninu né yfirvöldum. Hins vegar hefði verið greint frá því á litlum miðum í verslunum og á heimasíðu fyrirtækisins og fólk beðið að skila vörunum. **- ibs**



**VIÐ HÓTEL FRÓN Í JÚLÍ** Vegfarandi skildi eftir bangsa, blóm og kort til að minnast litla barnsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Litháísk móðir í farbanni:

# Rannsókn ljúki fyrir ágústlok

**LÖGREGLUMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur úrskurðað konu, sem skildi nýfætt sveinbarn eftir í ruslageymslu við Hótel Frón í síðasta mánuði, í farbann til 1. september næstkomandi.**

**Rannsókn á málinu gengur vel og er búist við að það verði sent til ríkissaksóknara í þessum mánuði. Á Vísi er greint frá því að töluverð tæknivinna sé eftir. Dánarorsök liggur ekki enn fyrir en barnið var á lífi og heilbrigt þegar það fæddist og er konan ein talin bera ábyrgð á andláti þess.** **- sv**

Matarhneyksli í Kína:

# Dauðadómur fyrir eitursölu

**KÍNA, AP** Fjórtán manns hafa hlotið dóma í Kína að undanförnu vegna hneykslismáls sem tengist notkun skaðlegs efnis í framleiðslu svínakjöts.

Sjö voru dæmd til fangavistar í gær, allt frá einu ári upp í tíu fyrir að selja svínabændum Klenbúteról, efni sem gerir kjöt magurt en veldur fólki svima, ógleði, höfuðverk og hjartsláttartruflunum. Fjölmörg hneyksli af sama meiði hafa skekið Kína undanfarin ár. Í síðasta mánuði hlutu sjö aðrir dóma, þar af var einn framleiðandi dæmdur til dauða. **- þj**

Forstjóri N1 segir hefðbundinn rekstur félagsins í góðu jafnvægi þrátt fyrir tap:

# Olíufélag tapaði tæpum 12 milljörðum

**VIÐSKIPTI** Olíufélagið N1 tapaði tæpum tólf milljörðum í fyrra. Þetta kemur fram í ársreikningi fyrirtækisins, sem birtur er á vefsíðu þess. Þar kemur fram að tap ársins 2010 hafi verið 11.824.266 krónur. Hagnaður ársins 2009 var rúmar 277 milljónir.

Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, segir tapið hafa mjög lítið með reksturinn að gera. Það felist í fjárhagslegri endurskipulagningu og verið sé að breyta efnahagsreikningi félagsins frá grunni.

„Við ákváðum að einfalda efnahagsreikninginn og skýra hann betur. Viðskiptavild var færð alveg niður og það eitt var um 4,5 milljarðar króna,“ segir Hermann. „En reksturinn gekk ágætlega í fyrra.“

> Þetta eru mjög flókin mál og kannski ekki fyrir hvern sem er að skilja
>
> **HERMANN GUÐMUNDSSON** FORSTJÓRI N1

Í júní afhentu fyrrverandi eigendur N1 hlutafé sitt til kröfuhafa, Arion banka og Íslandsbanka, sem eiga nú samtals rúmlega 70 prósenta hlut í fyrirtækinu. Hermann segir að þar með hafi skuldir félagsins verið lækkaðar og breytt í hlutafé til að styrkja efnahagsreikninginn.

„Félagið stendur betur nú en 2007 og 2008 og er vel í stakk búið til að takast á við það erfiða rekstrarumhverfi sem við stöndum frammi fyrir.“ Með því að selja fasteignafélag, sem rak flestar eignir N1, hafi fengist talsvert fé.

„Þetta eru flókin mál og kannski ekki fyrir hvern sem er að skilja,“ segir Hermann. „Hefðbundinn rekstur félagsins er í jafnvægi, en niðurstaða ársins er þessi stóra taptala vegna þess að það er verið að gjörbreyta því hvernig félagið er sett saman.“

Fram kemur í ársreikningnum að Hermann var með rúmlega 31,6 milljónir króna í laun á síðasta ári, eða rúmar 2,6 milljónir á mánuði.



**HERMANN GUÐMUNDSSON** Forstjóri N1 segir félagið standa vel að vígi þrátt fyrir 12 milljarða tap í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Einar Sveinsson stjórnarformaður var með 4,8 milljónir króna í árslaun en aðrir stjórnarmenn með 2,4 milljónir hver. **- sv**

Frábær sumar tilboð !

Komdu núna

# Mundu að Dorma...

...er með fleira en dýnur og gorma !

## Ahh ! Þægilegur

**Milano hægindastóll.**
**Nú á frábæru verði !**

Aðeins 39.900

Til í 4 litum:



Latte Svartur Brúnn



Vönduð heilsurúm með svæðaskiptu pokagormakerfi.

## Nature's Rest

Dýna, botn og lappir:
90x200 cm kr. 65.900,-
100x200 cm kr. 69.900,-
120x200 cm kr. 75.900,-
140x200 cm kr. 79.900,-



## Molly sófi.

Til í 2 litum:

Aðeins 59.900



Svartur

Hvítur

## Alex sófasett

3 plús 2

Einnig til í svörtu og brúnu taui.
Fullt verð 261.000,-

Nú aðeins 169.650
35% afsl!

Passar í bústaðinn:
3ja sæta: 190x90x85(h) cm
2ja sæta: 136x90x85(h) cm



OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-17

DORMA
– býður góða nótt

Úrval af ilmkertum frá:
YANKEE CANDLE
a passion for fragrance

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hvað heitir tékkneska ferðaskrifstofan sem á rútuna sem sökk í Blautulónum?*

**2** *Hvað heitir þjóðgarðsvörður á Þingvöllum?*

**3** *Með hvaða liði leikur knattspyrnumaðurinn Grétar Rafn Steinsson?*

**SVÖR**

*1. Adventura 2. Ólafur Örn Haraldsson 3. Bolton*

Aðsókn í Háskólann á Bifröst virðist ætla að aukast um tæplega 40 prósent:

# Bifröst stefnir að sjálfbærni

**MENNTUN** Miðað við þær umsóknir sem nú liggja fyrir í Háskólanum á Bifröst er útlit fyrir að aðsókn verði hátt í 40 prósentum meiri í ár miðað við árið í fyrra. Þetta segir Bryndís Hlöðversdóttir, rektor Háskólans á Bifröst.

Segir hún aðsóknina aukast verulega í staðnáminu. „Það er mikið af fjölskyldufólki sem er að koma til okkar þannig að leikskólinn er kominn að þolmörkum,“ segir hún.

Hún segir enn fremur að nokkurrar áherslubreytingar sé að vænta í náminu á Bifröst sem og í samfélaginu þar. „Við ætlum að setja okkur sjálfbærnimarkmið og það mun setja mark sitt á námið og lífið í þorpinu,“ segir rektorinn. Í upphafi næsta skólaárs verður þessi stefna mörkuð betur en Bryndís segir að Bifröst stefni að því að fá vottun um sjálfbærni innan nokkurra ára.

„Það er hægt að fara margar leiðir í þessum efnum og við eigum eftir að velja þá leið sem við teljum heppilegasta fyrir okkur,“ segir hún. Íbúar mega því búa sig undir frekara flokkunarkerfi sorps og viðskiptafræðinemar munu þurfa að huga að sjálfbærni um leið og þeir fræðast um arðbæran rekstur. **- jse**



**BRYNDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR** Samfélagið undir Grábrók stefnir á græn markmið.

Leita eftir aðstoð almennings:

# Dani man ekki hvar hann lagði

**SVÍÞJÓÐ** Lögregla í Malmö hefur óskað eftir hjálp almennings við að finna bíl sem týndist í júlí. Aldraður Dani lagði bílnum sínum í miðbæ Malmö en man ekki hvar.

Búið er að prófa allar hefðbundnar aðferðir sem notaðar eru þegar bíl er stolið, en ekki er hægt að segja fyrir víst að svo hafi verið í þessu tilviki. Mögulega er hann enn þar sem honum var lagt í upphafi. Því er leitað eftir aðstoð almennings. Bíllinn er af Peugeotgerð og á dönskum númerum. **- þeb**

Reykjavíkurmaraþonið:

# Hlauparar safna átta milljónum

**HREYFING** Rúmlega átta milljónir hafa safnast í áheitum til góðra málefna í tengslum við Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka sem fer fram 20. ágúst næstkomandi.

Í fréttatilkynningu kemur fram að 8,2 milljónir hafi þegar safnast á vefnum hlaupastyrkur.is, sem er nokkru meira en á sama tíma í fyrra. Þátttakendur geta stofnað síðu á vefnum og safnað áheitum í gegnum hana.

Rúmlega 1.700 þátttakendur hafa þegar skráð sig á hlaupastyrkur.is og hefur sá sem mestu hefur safnað þegar náð yfir 572 þúsund krónum. **- þj**

Hagnaður Icelandair var um 400 milljónir króna:

# Yfirvinnubann kostaði 300 milljónir króna

**VIÐSKIPTI** Yfirvinnubann flugmanna hjá Icelandair kostaði félagið um 300 milljónir, og eldgos fyrr á árinu aðra eins upphæð í kostnað og tekjutap, að því er fram kemur í árshlutauppgjöri félagsins.

Hagnaður Icelandair eftir skatta á öðrum ársfjórðungi ársins var 400 milljónir króna. Á sama tímabili í fyrra var 200 milljóna króna tap hjá félaginu. Heildarvelta Icelandair var 25 milljarðar króna og jókst um 14 prósent frá sama tíma í fyrra. Afskriftir voru 1,5 milljarðar króna. Þetta kemur fram í tilkynningu frá félaginu.

Eiginfjárhlutfall er tæp 30 prósent og handbært fé og markaðsverðbréf í lok júní þess árs námu um 18,4 milljörðum króna.

Í tilkynningunni er haft eftir Björgólfi Jóhannssyni, forstjóra Icelandair Group, að útkoman sé ánægjuleg. Farþegum hafi fjölgað um 27 prósent milli ára og framboð á millilandaflugi félagsins hafi aukist um 25 prósent. **- sv**



**ÁHYGGJUR** Fjárfestar á evrópskum mörkuðum hafa verið á nálum út af stöðu franskra banka og hefur Société Générale til dæmis fallið skarpt í verði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Reynt að róa fjárfesta í Frakklandi

**Frakkar reyna að sefa áhyggjur af efnahagslífi og stöðu þarlendra banka. Bréf Société Générale hafa fallið mikið síðustu tvo daga. Frakkland heldur toppflokki í lánshæfismati. Niðurskurður boðaður.**

**FRAKKLAND, AP** Nicolas Sarkozy hefur skipað ríkisstjórninni að skera enn frekar niður í ríkisútgjöldum til að bregðast við óvissuástandi sem ríkti á fjármálamörkuðum í gær.

Franskir bankar líkt og Société Générale (SocGen) féllu verulega í verði þar sem orðrómur um bága stöðu þeirra olli því að fjárfestar losuðu sig við bréf í þeim. Yfirvöld, forsvarsmenn bankanna og talsmenn helstu matsfyrirtækjanna reyndu að róa markaðinn með yfirlýsingum um áreiðanleika franska bankakerfisins.

Hlutabréf SocGen féllu í virði um 15% á miðvikudag og 5% í viðbót í gær. Það varð til þess að eftirlitsstofnanir í Frakklandi og Evrópusambandinu áréttuðu að hægt væri að grípa til refsinga gegn hverjum þeim sem reyndi að koma af stað fölskum orðrómi til að hagnast af því.

Meðal annars þurftu matsfyrirtækin þrjú að lýsa því yfir að ekki stæði til að fella lánshæfismat Frakklands niður úr toppflokki.

Viðvarandi halli hefur verið á fjárlögum ríkisins sem stóð í 7,1% í fyrra. Stefnt er að því að lækka hallann niður í 5,7% í ár og 4,6% á næsta ári og Sarkozy leggur mikla áherslu á að ná því takmarki.



**NICOLAS SARKOZY**

Víst er að grannt verður fylgst með hagtölum sem birtar verða í dag um franska efnahagslífið á öðrum ársfjórðungi.

Þá er sú staðreynd að Frakkar ganga til forsetakosninga næsta vor ekki til að deyfa áhyggjurnar. Erfitt verður að grípa til frekari niðurskurðar þegar samdráttur er í efnahagslífinu.

Þessi óstöðugleiki og taugaveiklun er rekinn til slæmrar skuldastöðu margra ríkja á Evrusvæðinu þar sem Ítalía er síðasta dæmið um ríki sem þarf að grípa til örþrifaráða til að ná jafnvægi í ríkisrekstrinum.

Sarkozy og Angela Merkel, kanslari Þýskalands, munu funda á þriðjudag þar sem þau munu ræða mögulegar lausnir á vandræðum Evrópu. **thorgils@frettabladid.is**

### Erfið staða neyðarsjóðsins

Slæm staða margra evrulanda hefur valdið áhyggjum því neyðarsjóður evrusvæðisins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins getur ekki bjargað öllum þeim ríkjum sem hjálparþurfi eru.

Grikkland hefur þegar fengið um 220 milljarða evra að láni, Írland fékk 67,5 milljarða og Portúgal 78 milljarða.

Sjóðurinn er nú með um 440 milljarða evra, en Ítalía gæti þurft allt að 665 milljarða ef allt fer á versta veg.


**Lögfesting á greiðsluskyldu launagreiðenda til VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs frá og með september 2011**



ATARNA

Samkvæmt lögum sem samþykkt voru á Alþingi í júní síðastliðnum (breyting á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða) þá ber öllum launagreiðendum að greiða 0,13% af heildarlaunum allra starfsmanna sinna til VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs frá og með 1. september 2011. Fram að þessum tíma hefur einungis verið kveðið á um greiðsluskyldu í kjarasamningum en nú nær hún samkvæmt lögum til allra launamanna, þar með talið til sjálfstæðra atvinnurekenda og þeirra sem ekki eru félagsmenn stéttarfélaga.

Launagreiðendum ber að standa skil á iðgjaldinu til viðkomandi lífeyrissjóðs með sama hætti og gildir um lífeyrisiðgjald og munu lífeyrissjóðir síðan ráðstafa gjaldinu til VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs.

Iðgjaldið veitir launamönnum réttindi til þjónustu hjá VIRK ef heilsubrestur leiðir til skertrar starfsgetu. Markmiðið er að auka getu til virkrar þátttöku á vinnumarkaði og draga þannig markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, starfsendurhæfingu og öðrum úrræðum.

Um er að ræða fjölbreytta þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem veitt er af sérhæfðum ráðgjöfum hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga sem og fjölbreyttum hópi sérfræðinga og fagaðila um allt land.

Nánari upplýsingar um VIRK – Starfsendurhæfingarsjóð er að finna á heimasíðu sjóðsins www.virk.is eða í síma 5355700.

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

**www.virk.is**

Egill Árnason™

# STÓRÚTSALA



**Eikarparket**
Verð frá
**4.990** kr./m²



**Flísar 30x60cm**
Verð frá
**3.990** kr./m²



**Eikar innihurðir**
Verð frá
**47.920** kr./m²



**Loftaþiljur**
Verð frá
**1.990** kr./m²

## Við erum flutt að Suðurlandsbraut 20

Suðurlandsbraut 20 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is
Opnunartímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 11 - 15

**FRÉTTASKÝRING:** Kvikmyndaskóli Íslands

# Meira fé þarf til óbreyttrar starfsemi

**Kvikmyndaskóli Íslands getur ekki staðið undir óbreyttri starfsemi nema aukið fjármagn fáist frá ríkinu. Skuldir skólans eru undir 100 milljónum og koma til af því að nemendum hefur fjölgað án þess að framlag hafi fylgt með.**



**KVIKMYNDAGERÐ** Skólastjóri Kvikmyndaskóla Íslands vonast til þess að samningar náist um fjármögnun skólans fyrir helgi. Úr vinnslu við sjónvarpsþáttaröðina Hamarinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stjórnendur Kvikmyndaskóla Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytið hafa nú nálgast nokkuð í viðræðum sínum um fjárframlög ríkisins til skólans. Mikið bar á milli í vor, en stjórnendur hafa nú lækkað kröfu sína um árlegt framlag.



**HILMAR ODDSSON**

Í erindi sem skólinn sendi menntamálanefnd Alþingis í mars var farið fram á að árlegt framlag ríkisins yrði 140 milljónir króna. Það var á síðasta ári 38 milljónir, en áður 40, þannig að farið var fram á 100 milljóna króna aukningu á framlaginu.

Þetta var ráðuneytið ekki tilbúið að fallast á, en bauð að samið yrði um 57 milljóna króna árlegt framlag. Það telja stjórnendur skólans ekki nóg og höfnuðu tillögunni í júní. Þeir hafa nú komið fram með gagntilboð um 70 milljóna króna framlag. Í raun ber því aðeins 13 milljónir króna á milli skólans og ráðuneytisins.

Fulltrúar hittust í síðustu viku á fundi, þar sem ákveðin lausn á málinu var rædd. Elías Jón Guðjónsson, aðstoðarmaður ráðherra, segir að nú sé frekari upplýsinga beðið frá skólanum.

### Vonast eftir samkomulagi

Hilmar Oddsson skólastjóri segist bjartsýnn á að samningar náist fyrir helgi. „Á báðum vígstöðvum eru menn að vinna vinnuna sína á fullu og ég er vongóður um lausn." Kvikmyndaskólinn á rætur að rekja til námskeiðahalds sem hófst 1982 og jókst það stig af stigi. Haustið 2003 fékk skólinn formlega viðurkenningu frá menntamálaráðuneytinu á tveggja ára starfsmenntabraut á framhaldsskólastigi. Árið 2007 bættust þrjár brautir við. Lánasjóður íslenskra námsmanna lánar að fullu fyrir skólagjöldunum, en þau eru 600 þúsund krónur á önn, eða 2,4 milljónir fyrir tveggja ára nám.

Árið 2007 var gerður styrktarsamningur um þróunarverkefni milli ráðuneytisins og skólans, en áður hafði ráðuneytið styrkt skólann lítillega. Samið var um 96 milljóna króna greiðslu til skólans fyrir árin 2007 til 2009. Samningurinn var framlengdur til ársloka 2010 og var samið um 42 milljón króna greiðslu á því ári. Sá samningur var síðan framlengdur út júlí 2011.

Samkvæmt samningnum er miðað við að nemendafjöldi skuli ekki vera færri en 36 á önn. Um áramótin 2009/10 voru 133 nemendur við nám í skólanum.

### Vantar fjármagn

Árið 2010 gerði Capacent stofnanaúttekt á skólanum fyrir ráðuneytið. Þar kemur skýrt fram að fjárhagsleg staða skólans sé veik og hana þurfi að styrkja verulega, eigi skólinn að standa undir langtíma skuldbindingum sínum.

Í skýrslunni er kveðið á um ýmsar úrbætur sem þurfi að gera á rekstri skólans. Skýra þurfi stefnuna, fastráða deildarstjóra og skilja betur á milli eigenda og skólastjórnanda. Þá er námsmati sagt ábótavant og ráðist um of af persónubundnu mati kennara.

Skýrsluhöfundar velta þeirri hugmynd einnig upp hvort rétt sé að lengja nám í einstaka deildum um eitt ár og gefa nemendum þannig kost á aukinni sérhæfingu. Þá er lagt til að deildarforsetar sem beri ábyrgð á sérsviðum verði fastráðnir og starfshlutfall aukið og að gæðamál skólans séu skilgreind betur.

### Tap á rekstrinum

Ársreikningur skólans fyrir árið 2010 liggur ekki fyrir, en reikningurinn miðar við skólaár. Í samandregnum ársreikningi fyrir skólaárið 2008 til 2009, sem dagsettur er 31. júlí 2009, kemur hins vegar fram að eigið fé skólans sé neikvætt um 35,4 milljónir króna. Allt hlutafé skólans er í eigu Telemakkus ehf., en það nemur 500 þúsund krónum. Það félag er í eigu Ragnhildar Bjarkadóttur og Sólrúnar H. Skúladóttur, en sú fyrrnefnda situr í stjórn Kvikmyndaskólans. Eigið fé Telemakkus var 1,9 milljónir í árslok 2009 og skuldir námu rúmri 1 milljón króna.

Rekstrartap skólans skólaárið 2008 til 2009 var 6,8 milljónir fyrir fjármagnstekjur, en þegar tekið er tillit til þeirra skilaði skólinn 710 þúsund króna hagnaði. Skólaárið þar á undan nam rekstrartapið, fyrir fjármagnstekjur og -gjöld, 7,7 milljónum, en við það bætast 11,3 milljónir króna í fjármagnsgjöld sem leiddi til 18,9 milljóna króna taps.

### Nýjar brautir lágu fyrir

Líkt og kemur fram hér til hliðar lítur Böðvar Bjarki Pétursson, stjórnarformaður skólans, svo á að viðurkenning á þremur nýjum brautum, sem fékkst 2007, hafi í raun þýtt að skólinn myndi stækka.

Gögn sýna að fyrirætlanir um brautirnar lágu fyrir þegar árið 2004 og fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir að þeim yrði komið á koppinn eigi síðar en 1. apríl 2005. Á þeim tíma var ekki í gildi neinn styrktarsamningur milli skólans og ríkisins. Hann var gerður árið 2005 og miðaði við 28 milljóna króna framlag á ári.

Þegar brautirnar voru viðurkenndar er enn fremur vísað í viðurkenningarbréf ráðuneytisins frá 2003, um einkaskóla á framhaldsskólastigi. „Viðurkenningin byggir á að Kvikmyndaskóli Íslands uppfylli þau almennu skilyrði sem staðfest voru í viðurkenningarbréfi ráðuneytisins til skólans 17. september 2003," segir í viðurkenningu ráðuneytisins.

Í viðurkenningunni frá 2003, sem ráðuneytið vísar í, er skýrt tekið fram að einkaskólar eigi ekki kröfu um framlög eða styrki af almannafé. Það sé á ábyrgð skólastjórnanda að útvega rekstrarfé.

Elías Jón Guðjónsson, aðstoðarmaður ráðherra, segir að af gögnum megi vera ljóst að þó að námsbrautirnar hafi verið viðurkenndar árið 2007 hafi ekki falist fyrirheit um auknar fjárveitingar í þeirri viðurkenningu.



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is

## Ekki í samræmi við viðurkenningar á nýjum námsbrautum

Böðvar Bjarki Pétursson, stjórnarformaður skólans, segir vanda skólans liggja í því að hann hafi stækkað umfram fjárframlög. Það sé sameiginleg ábyrgð skólans og ráðuneytisins. Fjárframlögin séu hins vegar í ósamræmi við viðurkenningar á þremur nýjum námsbrautum sem skólinn hlaut árið 2007. Böðvar segir að þótt ekki sé getið um fjárframlög í þeim gjörningi sé hann lykillinn að gæðum skólans.

„Skólinn stendur út af fyrir sig ekkert óskaplega illa fjárhagslega. Skuldir eru ekki mjög háar eða slíkt, en við verðum bara að fá samning þannig að hann standi undir þeim nemendafjölda sem við erum með. Það er staðan sem við erum að glíma við."



**BÖÐVAR BJARKI PÉTURSSON**

Böðvar Bjarki segir skuldirnar vera undir 100 milljónum og þær séu að mestu til komnar vegna reksturs skólans. Langtímaskuldir séu um 15 milljónir. Spurður hvernig eigi að greiða þær niður segir hann: „Í raun og veru höfum við lagt fram ákveðið tilboð og með 70 milljóna króna framlagi ætti að vera hægt að trappa það niður mjög hratt."

Meðal þeirra hugmynda sem upp hafa komið varðandi vanda skólans er að fækka nemendum. Böðvar Bjarki segir það ekki raunhæft.

„Það er erfitt að fækka nemendum því við verðum að halda ákveðnum lágmarksfjölda. Það kæmi til greina ef ríkið væri tilbúið að borga meira með hverjum nemenda," segir hann og vísar í dýrt húsnæði og dýran tækjakost.

Í samningi þeim sem gerður var árið 2007 og rann út í júlí er gert ráð fyrir því að nemendafjöldi í skólanum fari ekki undir 36 á önn. Samkvæmt upplýsingum frá skólanum hafa nemendur verið 135 til 140 undanfarnar annir.

## Ekki ríkisábyrgð

„Nemendur Kvikmyndaskóla Íslands greiða há skólagjöld og rekstur skólans er nánast alfarið borinn uppi af þeim. Þar af leiðandi krefst ráðuneytið þess að nemendum verði gerð sérstök grein fyrir því að ríkissjóður er ekki ábyrgur fyrir fjárhag skólans og að skólinn ber ábyrgð á að veita nemendum þá þjónustu sem þeir greiða fyrir eins og hvert annað einkafyrirtæki á markaði. Þessar upplýsingar skulu kynntar nemendum skriflega áður en þeir greiða skólagjöld."

*Úr viðurkenningu ráðuneytisins á Kvikmyndaskóla Íslands sem einkaskóla, sem gefin var út 17. september 2003. Til hennar er vísað í viðurkenningu á nýjum námsbrautum árið 2007.*

## Gagna beðið



„Það er verið að vinna að rekstraráætlun skólans og starfsmenn ráðuneytisins eru ásamt fulltrúum skólans að fara yfir hana, skýringar og forsendur fyrir henni og hvernig þetta muni ganga upp. Frekari gagna frá skólanum er beðið, bæði vegna mats á rekstrarforsendum og vegna faglegrar viðurkenningar," segir **Elías Jón Guðjónsson**, aðstoðarmaður mennta- og menningarmálaráðherra.

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör




KJÚKLINGABRINGUR
NETTÓ
**2.098** kr/kg
áður 2.295 kr/kg

GRILLAÐ
GRILLBÓK VÖLLA SNÆ
1.998 KR

JUSTIN BIEBER
MYNDIR
**259** kr/pk.

## VERÐUR ÁGÚST **GRILLMÁNUÐUR**?

KJÚKLINGAVÆNGIR
NETTÓ



**298** kr/kg
áður 349 kr/kg

GRÍSAKÓTELETTUR
**52%** afsláttur



**989** kr/kg
áður 2.049 kr/kg
KJARNAFÆÐI

PÍTUBUFF
6 X 60 G
M/BRAUÐI




**798** kr/pk.
áður 998 kr/pk.
GOÐI

GRÍSAVÖÐVI
BRAZIL
**38%** afsláttur




**991** kr/kg
áður 1.598 kr/kg

GRÍSAMÍNÚTUSTEIK
FERSK
**25%** afsláttur



**1.349** kr/kg
áður 1.798 kr/kg

HUNANGS
GRÍSAHNAKKI
**25%** afsláttur




**1.649** kr/kg
áður 2.198 kr/kg

CROISSANT
M/SKINKU&OSTI
BAKAÐ Á STAÐNUM*
**50%** afsláttur



**115** kr/stk.
áður 229 kr/stk.
GILDIR EKKI UM NETTÓ SALAVEGI*

DISNEY SAFI
EPLA - OG APPELSÍNU
3 X 200ML
**29%** afsláttur




**99** kr/pk.
áður 139 kr/pk.

PLÓMUR
750 G ASKJA
**50%** afsláttur



**199** kr/pk.
áður 398 kr/pk.

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDAVÍXL

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

**Tilboðin gilda 11. - 14. ágúst**
eða meðan birgðir endast

föstudagur **Föstudags**viðtalið | Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir, mannfræðingur og forstöðumaður

# Umræðan skammt komin hér

**Hallfríður Þórarinsdóttir** er doktor í mannfræði og forstöðumaður MIRRU, rannsóknarmiðstöðvar um málefni innflytjenda. Húin ræddi um málefni innflytjenda, meðal annars í tengslum við atburði í Noregi og Bretlandi, við ***Þórunni Elísabetu Bogadóttur.***

Þó að málefni innflytjenda séu í eldlínunni víða í nágrannalöndunum hefur sú umræða ekki nema að litlu leyti ratað hingað. Umræðan mun færast af jaðrinum á næstunni að mati Hallfríðar Þórarinsdóttur, mannfræðings og forstöðumanns Mirru, rannsóknarmiðstöðvar um málefni innflytjenda. „Fjölgun innflytjenda hér á landi varð svo mikil á stuttum tíma. Þeim fjölgaði þegar þenslan byrjaði. Menn höfðu ekki gert nokkrar ráðstafanir, ekki svo mikið sem framtíðarspá um það hvort hér yrði fólksfjölgun eða hverjir myndu flytja hingað. Það segir sína sögu um skort á árvekni stjórnvalda. Hingað fluttist fólk í þúsundatali, sex til sjö þúsund eitt árið sem þýðir að það komu 22,2 manneskjur á hverja þúsund íbúa. Í næsta landi á eftir á Norðurlöndunum, Noregi, var talan 4,4. Ég held að fæst okkar hafi áttað sig á þessari rosalega öru fjölgun.“

Íslendingar skera sig úr meðal nágrannaríkjanna að sögn Hallfríðar. „Við tökum ekki á móti hælisleitendum og tökum bara við kvótaflóttamönnum, ólíkt Danmörku, Noregi og Svíþjóð sem hafa verið fús til að taka á móti þessu fólki. Alþjóðlegir búferlaflutningar til Íslands miðast allir meira eða minna við þarfir vinnumarkaðarins.“ Þá eru innflytjendur á Íslandi einsleitur hópur. Um áttatíu prósent innflytjenda á Íslandi eru af evrópskum uppruna og enn stærri hluti er kristinn. „Samsetning innflytjenda skiptir máli, hvernig hópurinn lítur út, hvaðan hann kemur og inn í hvaða aðstæður.“

### Viðbrögðin þvert á áætlanir hryðjuverkamannsins

Hallfríður er nýkomin heim af ráðstefnu Sambands norrænna félagsfræðinga, sem var haldin í skugga hryðjuverkanna í Noregi. Hryðjuverkin voru sem kunnugt er framin af öfgahægrimanni sem var mótfallinn innflytjendum og innflytjendastefnu stjórnvalda. Hallfríður segir að hryðjuverkin hafi borið á góma í öllum ræðum og pallborðsumræðum. „Uppi hafa verið raddir í Noregi um að þessir öfgasinnar hafi ekki fengið að tala og ekki haft rödd, sem fræðimenn sögðu mér að væri bara þvæla. Það hefur alveg verið rými fyrir þá.“ Hún segir hins vegar mjög merkilegt að atburðirnir hafi þjappað fólki saman. „Í fyrsta sinn gerist það að hinn „etníski“ Norðmaður tekur hina inn, þeir eru í fyrsta sinn hluti af samfélagi, af norsku þjóðinni. Sama af hvaða uppruna þeir eru þá eru allir Norðmenn. Það er stórkostlegt og algjörlega þvert á ætlunarverk Breiviks.“ Innfæddir Norðmenn hafi undanfarið lagt sig sérstaklega fram við að vera elskulegir við aðra. „Innflytjendur sem hafa verið lengi þarna tóku eftir þessu. Norðmenn eru nefnilega eins og Íslendingar, svolítið afskiptir. En þessi þróun þykir jákvæð, fólk virkilega áttaði sig á þörfinni fyrir að sýna í verki að það væri ekki uppfullt af hatursfullum hugmyndum gagnvart innflytjendum.“

### Getur gerst á Íslandi

Uppgangur flokka sem eru á móti innflytjendum hefur verið mikill víða um Evrópu undanfarið. „Þessir hægriflokkar eru til á öllum Norðurlöndunum, hafa notið mikils fylgis og þeim vex ásmegin. Mér finnst það mjög óhuggulegt. Þetta er greinilega einhver bylgja,“ segir Hallfríður og telur að félagsvísindamenn verði að beina sjónum sínum að þessum málum til að skilja megi þá og þróun þeirra. „Þessir flokkar ná að tala til einhverra þátta í fólki og ég held að það sem er að gerast með Breivik og fleiri, þó að það sé mjög öfgafullt dæmi, er að fólk heldur í einhverja mýtu um að einhvern tímann hafi verið til sönn og hrein þjóð. Eins og það hafi verið til uppskrift og henni sé nú ögrað. Ef maður skoðar hlutina þá hefur þessi uppskrift aldrei verið algjörlega til. En það skyldi enginn ætla að þetta gæti ekki gerst á Íslandi líka.“

### Víkka út hugmyndir um Íslendinga

Umræðan um innflytjendamál á Íslandi er afskaplega skammt á veg komin, að sögn Hallfríðar. „Innflytjendamál eru eðli málsins samkvæmt ofboðslega eldfimur málaflokkur og við eigum eftir að sjá þá þróun verða hér eins og í nágrannalöndunum. Nú er þetta jaðarmálaflokkur en hann mun sækja meira inn á miðjuna eins og þar.“ Hún segir ýmsa pytti sem Íslendingar þurfi að varast. Umræðan sé vandmeðfarin og megi ekki verða eins og með margt annað hér á landi. „Það er annaðhvort svart eða hvítt og engir gráir fletir. Það er ólýðræðisleg umræða. Fólk þorir ekki að gagnrýna stefnu í innflytjendamálum eða taka afstöðu gegn einhverjum gildum sem eru forkastanleg í lýðræðissamfélagi af því að það er svo hrætt við að fá á sig rasistastimpil. Hinar öfgarnar eru þar sem fólk veður uppi, óheflað og fullt af mannhatri. Það kann heldur ekki góðri lukku að stýra. Við verðum að vera óhrædd við að finna einhverja miðju, einhvern umræðuvettvang. Annar hættulegur pyttur er að telja að allir eigi að vera á sama máli.“

Hallfríður segir nauðsynlegt að hugsa um þjóðarhugtakið í allri umræðunni og hvað það þýði að vera Íslendingur. „Það er ekkert afmarkað eða mótað í stein, heldur síbreytilegt. Einu sinni var til dæmis ómögulegt að vera hommi og Íslendingur, það var ekki viðurkennt. Núna er það sjálfsagt mál. Við höfum víkkað út skilgreininguna. Við eigum að hugsa um þjóðarmótun sem lifandi ferli og erum alltaf að endurskilgreina og sjá hvað passar, við komumst aldrei á endastöð með það.“ Hún segir það þó hættulegt veganesti að alla síðustu öld hafi verið ýtt undir einsleitni hér á landi, meðal annars í málfari og trúarbrögðum. „Við sjáum núna að þetta er ekki heppilegt og við þurfum að stokka þetta upp. Það þýðir ekki að við ætlum að heimila fjölkvæni eða neitt slíkt. En við þurfum að víkka út hugmyndir okkar um hvað þýðir að vera Íslendingur, sem er skemmtilegt verkefni að takast á við. Við verðum að vera vakandi fyrir þessu.“

### Vörumst að hópar verði utanveltu

Óeirðirnar í Bretlandi hafa einnig verið tengdar við innflytjendamál þótt þær snúist ekki um það. „Ég heyrði í sérfræðingi í Bretlandi sem sagði að það væru nokkur atriði sem eru rótin að þessum óeirðum. Rótina má finna í ákveðnum hópi ungmenna sem eru ekki endilega innflytjendur þó sum séu það. Þetta er ungt fólk sem kemur úr brotnum fjölskyldum, sem hefur enga menntun, er atvinnulaust og skuldar mikið. Fólki finnst það svo utangarðs og það á enga möguleika.“ Þetta ber að varast hér á landi segir hún, bæði varðandi fólk sem er íslenskt í marga ættliði og innflytjendur. „Að það myndist ekki samfélagshópar sem verða utanveltu. Það er ofboðslega hættulegt ef það erfist frá kynslóð til kynslóðar að fólk sé á félagslegri framfærslu og finni sig ekki í samfélaginu, það er uppskrift að hryllingi. Það er einmitt það sem gefur til að mynda öfgasinnum byr undir báða vængi, þegar þeir geta bent á þetta fólk og sagt að það séu aumingjar sem séu á framfærslu ríkisins. Þess vegna er svo mikið atriði að virkja fólk. Við þurfum að vera árvökul gagnvart því að skólakerfið standi innflytjendum opið. Á Íslandi er mikið brottfall innflytjenda úr framhaldsskólum. Eitthvað er að ef sú þróun fær að halda áfram óhindruð. Þá erum við bara að kalla yfir okkur skelfingu að nokkrum árum liðnum. Við verðum að ýta undir að önnur kynslóð innflytjenda hafi sömu tækifæri og önnur börn.“

### Fyrirmyndirnar mikilvægar

„Í Bretlandi hefur frístundaheimilum verið lokað vegna niðurskurðar og svo kemur Cameron [forsætisráðherra Bretlands] og segir að þetta sé bara einhver skríll. Þessir krakkar eru svo reiðir og pirraðir.“ Hallfríður segist einnig spyrja sig spurninga um lögregluliðið í London. „Er lögreglan öll hvít í Bretlandi eða er fólk af alls kyns uppruna? Það skiptir rosalegu máli að hafa sjónrænar fyrirmyndir í þessum málum. Til dæmis skiptir máli fyrir konur að sjá að kona geti verið formaður flokks eða forseti, standi í valdastöðu. Að sama skapi skiptir það máli fyrir minnihlutahópa að sjá sína eigin fulltrúa í valdastöðum.“ Við eigum langa leið í það með slíkt hér á landi segir hún, enda innflytjendur svo nýir í okkar samfélagi. „Vonandi verður það eins og stórkostlegu dæmin sem við höfum hérna um konur í valdastöðum. Þarna höfum við gert eitthvað sem er rétt, varpað fyrir róða fordómum og tekið þá almennu afstöðu að meta fólk á eigin verðleikum en ekki því hvaða hópi það tilheyrir. Það er mikilvægt veganesti og við ættum að geta notað þessi dæmi sem leiðarljós inn í framtíðina um hvernig við tökumst á við breyttar aðstæður í samfélaginu.“



**HALLFRÍÐUR ÞÓRARINSDÓTTIR MANNFRÆÐINGUR** Hallfríður, sem er nýkomin heim af ráðstefnu félagsfræðinga í Noregi, segir merkilegt að árásir Breiviks í Ósló og Útey hafi þjappað Norðmönnum saman – sama af hvaða uppruna þeir eru. Það sé stórkostlegt og algjörlega þvert á ætlunverk Breiviks. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Á Íslandi er mikið brottfall innflytjenda úr framhaldsskólum. Eitthvað er að ef sú þróun fær að halda áfram óhindruð.

## Hvað er MIRRA?

Mirra er rannsóknamiðstöð um málefni innflytjenda hér á landi. Hún tilheyrir Reykjavíkurakademíunni og er eina sjálfstæða rannsóknarstofnunin í málefnum innflytjenda. Stofnunin hefur lokið við viðtalsrannsókn á viðhorfi Pólverja á Íslandi til Íslands og Íslendinga, þar sem talað var við um fimm hundruð Pólverja. Hins vegar skortir fjármagn til að vinna úr gögnunum. Stofnunin tekur nú þátt í viðamikilli samnorrænni rannsókn um vinnuafl frá Mið- og Austur-Evrópu á Norðurlöndunum, mynstri búferlaflutninga, vinnuaðstæðum og starfsháttum við ráðningar.

# Hágæða kaffi og grill við valdar Orku- og Shellstöðvar.

## Panini mánaðarins



Tilboð

Panini mánaðarins

399 kr.




Tilboð

Allir kaffidrykkir

199 kr.

Caffe Latte, Espresso, Macchiato, Sviss Mocca, Cappuccino.

Stöðin er ný veitingasala við valdar bensínstöðvar Orkunnar og Shell. Stöðin býður hágæða kaffi, panini, hamborgara, samlokur, rúnstykki, og fleira.

Hamborgari, franskar og gos

949 kr.







Orkulykill

Þú getur greitt með kortum og lyklum Orkunnar og Skeljungs á Stöðinni.

## Hvað býður þín stöð uppá?

| | Sími | Opið 24 tíma | Grill | Kaffi | Panini | Pylsa | Bílalúga |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Birkimelur | 551 4474 | | | ✓ | ✓ | ✓ | |
| Bústaðavegur | 552 7616 | 24 | | ✓ | ✓ | ✓ | |
| Garðabær | 565 8743 | | | ✓ | ✓ | ✓ | |
| Hagasmári | 554 2280 | 24 | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| Laugavegur | 561 9926 | | | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| Suðurfell | 557 4060 | 24 | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| Vesturlandsvegur | 587 9730 | 24 | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| Miklabraut norður | 571 4404 | | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| Skagabraut Akranesi | 431 2592 | | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |

www.stodin.is

Stöðin

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Eru óeirðir, skemmdarverk og gripdeildir í Bretlandi öðrum en gerendunum að kenna?

# Félagsfræðilega umræðan

Óeiðirnar og gripdeildirnar í Englandi hafa vakið með mörgum óhug. Þær eru langt frá því að vera einangrað tilvik reiði og mótmæla vegna þess að lögregla kynni að hafa farið offari er hún skaut grunaðan fíkniefnasala til bana, þótt það hafi verið upphafið. Útbreiðsla ofbeldisins í borgum landsins sýnir að eitthvað miklu djúpstæðara er að í brezku samfélagi.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Nick Clegg, aðstoðarforsætisráðherra Bretlands, sagði í gær að mikilvægast væri nú að lögreglan næði tökum á ástandinu og það tækist að endurvekja öryggiskennd almennra borgara. „Félagsfræðilega umræðan“ gæti farið fram síðar.

Sú umræða er þó á fullri ferð, bæði í fjölmiðlum í Bretlandi og í öðrum Evrópulöndum, þar sem margir velta því eðlilega fyrir sér hvort svipuð samfélagsleg upplausn gæti átt sér stað í þeirra eigin landi.

Lundúnalögreglan hefur löngum verið gagnrýnd fyrir að mismuna fólki eftir kynþáttum og sumir telja að lítið traust á lögreglu og öðrum stofnunum samfélagsins sé ein ástæða þess að ástandið hefur farið úr böndunum.

Stéttaskiptingu og tekjumun, sem er meiri í Bretlandi en flestum öðrum Evrópuríkjum, er líka kennt um. Sumir kenna um yfirgengilegri neyzluhyggju; að fátækt og atvinnulaust ungt fólk þoli ekki að geta ekki keypt sér hlutina sem það sér auglýsta og þeir efnameiri eigi nóg af og hafi þess vegna gengið berserksgang í verzlunum.

Á móti er bent á að óeirðirnar hafi verið skipulagðar í gegnum farsíma og fartölvur og óeirðaseggirnir gangi margir hverjir í dýrum merkjafötum; séu ekki einu sinni allir atvinnulausir eða efnalitlir. Skortur sé þess vegna ekki vandamálið.

Sumir, til dæmis Ken Livingstone fyrrverandi borgarstjóri London, kenna miklum niðurskurði ríkisútgjalda um. Á móti er bent á að hann sé ekki nema að litlu leyti kominn til framkvæmda. Hins vegar geti umræður um niðurskurð og sparnað hjá lögreglunni hugsanlega komið þeirri hugmynd inn hjá ofbeldismönnum og þjófum að þeir geti komizt upp með lögbrot.

Sumir telja leitina að „tilgangi“ óeirðanna fráleita og segja að það sé einmitt tilgangsleysið, sem sé mesta áhyggjuefnið. Margt ungt fólk virði gildi samfélagsins að vettugi og komi ekki auga á þversögnina í því þegar það tekur þátt í að leggja eigið hverfi og nærsamfélag í rúst í meintri uppreisn gegn ömurlegum aðstæðum og framtíðarhorfum.

„Félagsfræðilega umræðan“ er að sumu leyti því marki brennd, að fólk reynir að taka ábyrgðina á glæpunum, sem framdir hafa verið í Bretlandi undanfarna daga, frá einstaklingunum sem frömdu þá og kenna einhverjum öðrum um. Og það er rangt. Einstaklingurinn er alltaf ábyrgur gjörða sinna og getur alltaf valið sjálfur hvernig hann bregzt við aðstæðum sínum.

Það er hins vegar full ástæða til að fylgjast vel með því hvernig Bretar vinna úr þessum vondu atburðum og hvaða leiðir þeir finna til að draga úr líkum á að hugarfar eins og það sem birtist í óeirðunum verði til.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




**Lesendur gefa sér góðan tíma í Fréttablaðið**

Það skiptir máli hvaða blað fólk gefur sér tíma til að lesa. Ný Prentmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir að **lesendur á aldrinum 12-59 ára gefa sér lengri tíma til að lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið.** Við hlökkum til að færa ykkur fleiri góðar stundir í framtíðinni.

*Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Mældur er tími sem fer í lestur hvers eintaks Morgunblaðsins og Fréttablaðsins hjá lesendum á aldrinum 12-59 ára á öllu landinu.



**Allt sem þú þarft...**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Eindæmin

Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, hefur gagnrýnt meirihlutann fyrir hvað ársreikningur kom seint fram, sagði vinnubrögðin með eindæmum og þau rýrðu traust á borgarstjórn. Gagnrýnin er réttmæt, það er ekki góð stjórnsýsla að leggja ársreikning svo seint fram að það varði við áminningu. Reyndin er þó sú að þetta er ekki einsdæmi. Hið sama gerðist í fyrrasumar, þó það hafi ekki farið hátt. Þá var borgarstjórn áminnt fyrir að leggja ársreikning of seint fram. Borgarstjórinn sem þá tók við bréfinu hét Hanna Birna Kristjánsdóttir.



### Aðferðir einræðisherra

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, leitar nú allra leiða til að loka á samskiptasíður á netinu; twitter, Facebook og hvað þær heita. Ástæðan er að þær hafa verið notaðar af þátttakendum í óeirðunum þar í landi til skipulagningar. Verði af því skipar Cameron sér í flokk með stjórnendum í Íran, Kína, Egyptalandi og Sýrlandi, svo einhverjir séu nefndir. Ákveðin kaldhæðni örlaganna þar á ferð.



### Slakur í forstjórastólnum

Hermanni Guðmundssyni, forstjóra N1, tókst ekki að afstýra 12 milljarða króna tapi sem fyrirtækið skilaði í fyrra, þrátt fyrir að þiggja sjálfur 2,6 milljónir króna í mánaðarlaun. Hermann reyndi fyrir sér í bókaútgáfu í fyrra og sat uppi með þúsundir eintaka af bókum Jónínu Ben og Björgvins G. Sigurðssonar. Hann var þó slakur yfir því og sagði bóksöluna agnarsmáan hluta af veltu fyrirtækisins. „Þetta er álíka hátt hlutfall og er stolið af bensíni hjá okkur á hverju ári,“ sagði forstjórinn þá. Kannski má skýra hluta hallans með þessu slaka viðhorfi forstjórans?

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Gengishagnaðurinn til fólksins

Skattamál



Lilja Mósesdóttir
alþingismaður

Frá hruni hefur tekist að ná hallarekstri ríkisins niður um 150 milljarða með sársaukafullum niðurskurði og hækkun skattstofna eins og virðisauka-, fjármagnstekju- og tekjuskatts auk nýrra skatta eins og auðlegðar-, orku- og bankaskattsins svokallaða. Gengishrunið og aukin skattheimta hafa leitt til þess að mörg þúsund heimili ná ekki endum saman og skuldabyrðin hefur þyngst.

Nú er nóg komið. Ríkið þarf að afla tekna með skattheimtu hjá fyrirtækjum sem hagnast hafa á gengishruni krónunnar. Gengi krónunnar hefur undanfarið verið mun lægra en sem nemur væntu meðalgengi. Talið er að gengi krónunnar ætti að styrkjast um 10% til lengri tíma litið og því séu útflutningsfyrirtækin að fá 10% meðgjöf. Skattur sem nemur 10% á útflutningstekjur mun gefa af sér um 80 milljarða í skatttekjur. Minnka á halla ríkissjóðs um 30 milljarða á þessu ári og um 20 milljarða á næsta ári.

Of lágt gengi tryggir rekstur ósjálfbærra útflutningsfyrirtækja sem fara í þrot um leið og gengi krónunnar styrkist um 10%. Með því að skattleggja útflutningsfyrirtæki tryggjum við sjálfbær störf í mennta- og heilbrigðisgeiranum verði ekki lögð niður fyrir ósjálfbær störf í útflutningi. Sumir telja hins vegar að auðlindaskattur sé betri en skattur á gengishagnað útflutningsfyrirtækja. Hér er verið að bera saman epli og appelsínur. Við sköttum ekki afnot af auðlind til að ná inn skatttekjum af gengishagnaði! Enn aðrir hafa áhyggjur af því að útflutningsfyrirtæki muni flytja starfsemi til útlanda vegna skattheimtunnar. Það má ekki gleyma því að gengi krónunnar hefur fallið um allt að 80% frá því fyrir hrun og sjávarútvegs- og stóriðjufyrirtæki flúðu ekki land fyrir gengishrapið. Útflutningsskatturinn raskar hvorki rekstrarforsendum né samkeppnishæfni útflutningsfyrirtækja. Að lokum má geta þess að 10% skattur á útflutningsverðmæti mun ekki breyta því að launakostnaður og orkukostnaður hér á landi er mun lægri en almennt gerist í nágrannalöndunum.

> Útflutningsskatturinn raskar hvorki rekstrarforsendum né samkeppnishæfni útflutningsfyrirtækja.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ökufantagerði

Í DAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Þeir ökunemar sem ljúka námi í dag þurfa að fá þjálfun í svokölluðum ökugerðum þar sem bílar eru látnir lenda í ýmsum ævintýrum eins og að renna til í hálku. Þetta hljómar skemmtilegt og gagnlegt þótt ekki sé víst að hið síðarnefnda sé rétt. Í handbókinni Handbook of Road Safety Measures sem mælir árangur af ýmsum ráðstöfunum í umferðaröryggismálum er þannig vitnað til tveggja rannsókna á fylgni milli hálkuþjálfunar og slysatíðni. Báðar rannsóknirnar sýndu að slysatíðni ungra ökumanna sem fóru í gegnum slíka þjálfun jókst.

Vel ber að merkja að rannsóknirnar tvær eru um tuttugu ára gamlar, en mér er engu að síður ekki kunnugt um aðrar nýlegri rannsóknir sem sýna jákvæða fylgni milli þess að menn læri að renna bílum í hálku á sérútbúnum bílabrautum og þess hve öruggir ökumenn þeir verði.

Hugsanleg ástæða þess að hið gagnstæða kunni að vera tilfellið er að almennt virðist umferðaröryggi minnka með aukinni umferðaröryggistilfinningu. Hringtorg eru örugg því mönnum líður illa þar. Þess vegna má efast um að það sé gott að gefa ungum ökumönnum þá tilfinningu að þeir hafi „lært að keyra við erfiðar aðstæður“. Betra er að þeir haldi að þeir kunni það ekki. Enda kunna þeir það ekki.

Sjálfsöryggi þykir gott. Ótti þykir slæmur. Hvort tveggja getur verið okkur til gagns eða jafnt sem ógagns. Ótti er þannig hluti af innbyggðri áhættureiknivél líkamans. Hann hefur það hlutverk að vara okkur við hættulegum aðstæðum og fá okkur að forða okkur frá þeim. Það er full ástæða til að vinna á sumum ótta, engum er til gagns að vera sísvitnandi við stýrið, en varasamt getur verið að skipta ótta út fyrir sjálfsöryggi þegar er um að ræða aðstæður sem sannarlega eru hættulegar.

### Elítuflugmenn

Tökum eitt dæmi. Skýrsla sérfræðinganefndar um tildrög flugslyssins í Smolensk, þar sem forseti Póllands og tugir annarra háttsettra stjórnmála- og embættismanna létu lífið, liggur nú fyrir.

Þótt meðal annars komi þar fram að flugumferðarstjórnin hafi á tímum gefið áhöfninni rangar upplýsingar, virðist sem mistök áhafnarinnar sjálfrar hafi þó vegið þyngst. Notaðar voru rangar hæðarmælingar, árekstrarvarar hunsaðir. Skyggni var nánast ekkert. Flugvélin skall á tré í aðflugi.

Þá virðist sem sá andi sem ríkti innan þeirrar sérdeildar pólska flughersins sem sá um flytja æðstu stjórnmálaleiðtoga landsins hafi haft sitt að segja. Ungum, tiltölulega lítt reyndum flugmönnum var talin trú um að þeir væru „elítuflugmenn“. Og elítuflugmennirnir fóru að taka sénsa.

Í kjölfar útkomu skýrslunnar leysti forsætisráðherra Póllands sérdeildina upp og tilkynnti að framvegis yrðu VIP-flutningar í höndum almennra flugfélaga. Þetta er rétt ákvörðun. Ekki verður séð hvers vegna aðrar kröfur ættu að vera gerðar við flutning stjórnmálamanna en annarra farþega. Með kröfum er að sjálfsögðu átt við kröfur um öryggi þeirra sem flogið er með en ekki kröfur um hugrekki þeirra sem fljúga.

### Elítuökumenn

Í akstri og flugi gilda sömu lögmál. Líkt og menn ættu ekki að hætta sér um borð í flugvél sem stýrt er af hugrökkum flugmanni ættu menn að hugsa sig um áður en þeir setjast í farþegasætið hjá ökumanni sem segir miklar sögur af eigin færni við stýrið. Ýmislegt bendir nefnilega til að „góðir“ ökumenn séu mjög oft mjög vondir ökumenn. Og því betri sem þeir telja sig vera þeim mun verri og hættulegri eru þeir í raun.

Það þarf kannski vart að taka það fram en hinn sannkallaði elítuökumaður er ekki sá sem sýnir mikla færni við stýrið þegar hann hefur sjálfur komið sér í ógöngur, heldur sá sem kemur sér og farþegum sínum heilum heim. Líklegast keyra margir elítuökumenn eins og kerlingar. Því þeir eru kerlingar.

Rannsóknir gefa ekki tilefni til að ætla að skortur á ökufærni ráði úrslitum um tildrög margra slysa. Algengustu orsakirnar eru oftrú ökumanna á eigin getu, rangt áhættumat eða hreinasta heimska. Á þær orsakir þarf að ráðast. Það má hafa ákveðnar efasamendir um hvort það að skylda alla ökunema til að taka nokkra hringi á sérbyggðri kappakstursbraut sé réttasta eða hagkvæmasta leiðin að því marki.

# Sjónarspil á þingi

Stjórnsýsla

Sigurður Ingi Jóhannsson
alþingismaður



Á fyrsta nefndarfundi Alþingis eftir sumarfrí var það val ríkisstjórnarflokkanna að kalla saman þrjár nefndir, utanríkismálanefnd, sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og umhverfisnefnd. Málefnið var fundur í Alþjóðahvalveiðiráðinu sem haldinn var fyrr í sumar.

Á þeim fundi urðu engar breytingar á stefnu Íslands – embættismenn þjóðarinnar unnu sína vinnu faglega og vel. Stóðu á rétti okkar til veiða og unnu að því að gera vinnu Alþjóðahvalveiðiráðsins marktæka og skynsama.

Formönnum utanríkismálanefndar og umhverfisnefndar fannst greinilega ekki nægjusamlega vel að verki staðið og töldu forgangsmál að fara yfir málið með þessum þremur nefndum.

Nú er það svo að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með málefni hvalveiða. Á þeim ráðherrastóli situr einn þingmaður VG – samflokksmaður formanns utanríkismálanefndar.

Þeir mega vera ósammála um þetta eins og annað. Það er einnig þannig að ekkert athugavert er að kalla saman nefndir til að fjalla um mikilvæg mál – og nauðsynlegt að upplýsa þingmenn um stöðuna.

Stóra spurningin er þessi; er þetta það mál sem hefur hæstan forgangskvóta hjá formanni utanríkismálanefndar og ríkisstjórn VG og Samfylkingar.

Í því sambandi vil ég minna á beiðni undirritaðs og einnig beiðni Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknar, frá því fyrr í sumar að kalla saman utanríkismálanefnd ásamt sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd til að fjalla um viðræður við ESB.

Ekki síst í ljósi þess ástands sem er á evrunni og fjármálamörkuðum í Evrópu og vestanhafs.

En einnig vegna sérkennilegra yfirlýsinga utanríkisráðherra um að Ísland þurfi engar undanþágur í sjávarútvegsmálum og að utanríkisráðherra einn geti mótað samningsskilyrði Íslands. Jafnframt ástæður þess að samningahópar um landbúnaðar- og sjávarútvegsmál funda ekki með reglulegum hætti og ástæður þess að utanríkisráðherra hefur ekki haft samráð við hagsmunasamtök, alþingismenn o.fl. eins og kveðið var á um þegar sótt var um aðild.

Væri ekki mikilvægara að fjalla á opnum fundi um ESB viðræðurnar. Þar eru þó breyttar aðstæður sbr. efnahagshrun landa Suður-Evrópu. En einnig vegna þess að þar virðist ráðherra utanríkismála fara frjálslega með samþykktir Alþingis og stefnu.

En – nei, að mati formanns utanríkismálanefndar og þeirra sem stýra för hjá ríkisstjórn VG og Samfylkingar var það efst í forgangsröð að fjalla um fund sem haldinn var fyrir mánuði um hvalveiðar.

Hér liggur eitthvað undir steini! Skyldi það vera fiskur? Eða eitthvað annað – ef til vill ESB?



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**THOR VILHJÁLMSSON** rithöfundur (1925-2011) fæddist þennan dag.

*„Réttlæti er aldrei endanlegt, en draumurinn um réttlæti verður að lifa.“*



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,*

**Rúnar Ingi Finnbogason**

fv. starfsmaður Icelandair,

er látinn. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 16. ágúst kl. 13.00.

**Elínbjörg Jóna Ágústsdóttir og aðrir aðstandendur.**



†

*Ástkær dóttir okkar, systir og barnabarn,*

**Eva Lynn Fogg**

sem lést af slysförum 3. ágúst sl., verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 12. ágúst kl. 13.00.

**Guðrún Olga Gústafsdóttir**
**Keith Fogg**
**Aron Már Ólafsson**
**Gústaf Þór Ágústsson**
**Dennis Fogg** **Jean Fogg**



†

*Ástkær sambýlismaður minn, faðir og bróðir,*

**Þórður Björn Árnason**

Selsvöllum 9, Grindavík,

andaðist á heimili sínu 7. ágúst. Útför hans fer fram frá Grindavíkurkirkju miðvikudaginn 17. ágúst kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning fyrir börn hans, reikn.nr. 0143-15-380548, kt. 091273-2769.

**Dorota Rakoczy**
**Oliwia Laura**
**Davíð Árni**
**Óliver Daði**
**og systkini.**

†



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Guðrúnar Ágústu Sigurjónsdóttur**

Árskógum 2, Reykjavík, áður Norðurgarði, Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ.

**Ólafur R. Guðnason** **Kristín A. Schmidt**
**Helgi Þ. Guðnason** **Guðlaug K. Einarsdóttir**
**Ása F. M. Guðnadóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**ÞETTA GERÐIST:** 12. ÁGÚST ÁRIÐ 1957

## *Stöðumælar settir upp í Reykjavík*

Á annað hundrað stöðumæla voru settir upp þennan dag í miðbæ Reykjavíkur fyrir 54 árum. Í grein í Vísi sem birtist 19. ágúst 1957 segir frá því þegar stöðumælarnir voru tæmdir í fyrsta sinn, klukkan hálf níu á laugardagsmorgni. Þá höfðu safnast í þá í kringum 7.500 krónur í krónupeningum. Í greininni er haft eftir lögregluþjónum að göturnar hefðu tæmst af bílum, þar sem stöðumælunum hafði verið komið fyrir.

Þá var þegar á áætlun að fjölga stöðumælum upp í 274 mæla í miðborg Reykjavíkur. Við flestar götur var gjaldið 1 króna fyrir 15 mínútur og 2 krónur fyrir hálftíma, sem var hámarkstími. Við Kirkjutorg, Hótel Ísland í Austurstræti og á horni Tjarnargötu og Kirkjustrætis var gjaldið helmingi lægra og hægt að greiða fyrir allt að 2 tíma í einu en þar voru svokölluð bílastæðistorg.

*Heimild: wikipedia.org, timarit.is*



ARATUNGA: FIMMTÍU ÁRA STARFSAFMÆLI FAGNAÐ Á MORGUN

# Íbúarnir tengjast Aratungu

Samkomuhúsið Aratunga í Bláskógabyggð var tekið í notkun fyrir 50 árum. Húsið var byggt sem menningar- og samkomuhús staðarins og ætla íbúar að fagna hálfrar aldarafmælinu á morgun. Allir eru velkomnir.

„Við sem erum fædd í sveitinni hugsum hlýlega til þessa húss og viljum alls ekki að það drabbist niður,“ segir Margrét Sverrisdóttir, ein þriggja í undirbúningsnefnd fyrir afmælishátíðina. Húsinu hefur verið haldið vel við og stendur í upprunalegri mynd.

Árið 1959 stóð Biskupstungnahreppur að því að húsið var byggt ásamt ungmennafélaginu á staðnum og kvenfélaginu. Íbúar sveitarfélagsins komu að byggingunni og var mikil vinna unnin í sjálfboðavinnu. Sumarið 1961 var það formlega tekið í notkun.

„Aratunga var félagsheimili okkar hér í Bláskógabyggð og íbúarnir tengjast húsinu. Hér hafa verið sett upp leikrit og haldin félagsvist og ýmiss konar fundir, afmælisveislur, fermingarveislur og brúðkaup,“ útskýrir Margrét og segir enn vinsælt að halda veislur í Aratungu. Þar fór fór einnig öll leikfimi- og íþróttakennsla fram og ungmennafélagið hélt þar æfingar. „Aðstaðan þykir nú ekki stór í dag til íþróttaiðkunar og íþróttakennslan fer nú fram annars staðar,“ segir Margrét.

Húsið gegnir þó enn mikilvægu hlutverki fyrir íbúana þó að áherslur hafi breyst. Aratunga hýsir nú skrifstofur stjórnsýslu Bláskógabyggðar og þar er rekið mötuneyti bæði fyrir leikskólann og barnaskólann á svæðinu. „Það má segja að yngsta kynslóðin hér í sveitinni haldi áfram að tengjast Aratungu,“ segir Margrét.

Afmælisdagskráin hefst klukkan 11 á morgun. Meðal þess sem gestum er boðið upp á er körfuboltakennsla, málverkasýning Arnar Erlendssonar frá Dalsmynni og hægt verður að fylgjast með beltagröfu skera gúrku í 50 sneiðar. Þá verður bændaglíma, grænmetiskynning og Íslandsmeistaramót í gúrkuáti í umsjón Sölufélags garðyrkjumanna, reiðhjólaþraut og fótboltakeppni.

Um kvöldið verður stórdansleikur með Sumargleðinni en Sumargleðin lék á vinsælum böllum í Aratungu á níunda áratugnum. Hljómsveitin Karma kemur einnig fram. Margrét vonast til að sjá sem flesta. „Við ætlum að fá gott veður.“

**heida@frettabladid.is**




**GEGNIR ENN HLUTVERKI** Afmælishátíð verður haldin á morgun í tilefni þess að 50 ár eru síðan félagsheimilið og samkomuhúsið Aratunga í Bláskógabyggð var tekið í notkun.

# Lífrænn dagur á Sólheimum

Lífrænn dagur verður haldinn á Sólheimum á morgun. Þar munu söluaðilar, framleiðendur og aðrir sem tengjast lífrænum lífsstíl kynna starfsemi sína svo og Félag lífrænna neytenda. Í boði verða afurðir úr bakaríi, matvinnslu, jurtastofu, garðyrkjustöð og gróðurhúsum Sólheima.

Góðir gestir verða í Sólheimum þennan dag. Til dæmis Íris Hera Norðfjörð frá veitingastaðnum Kryddlegnum hjörtum sem verður gestakokkur Sólheima þetta árið og býður gestum upp á lífrænar súpur ásamt lífrænu brauði og salati frá Sólheimum. Hátíðin fer fram í Grænu könnunni, kaffihúsi Sólheima.

Þennan sama dag verða þeir Ragnar Bjarnason og Þorgeir Ástvaldsson með tónleika klukkan 14. Klukkan 15 verður fræðsluganga frá Sesseljuhúsi um tínslu matsveppa með sveppasérfræðingnum Michele Rebora.

Lífræni dagurinn hefst klukkan 12 og stendur til klukkan 18.



**SÓLHEIMAR** Lífrænn dagur verður haldinn í Sólheimum á morgun.



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Stefán Jónsson**

pípulagningameistari, Hvassaleiti 56, Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni mánudaginn 8. ágúst. Útför fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 19. ágúst kl. 13.00.

**Eva Óskarsdóttir**
**Margrét Stefánsdóttir** **Ingvar Karlsson**
**Ingvar Stefánsson** **Áslaug Hartmannsdóttir**
**Ásta Edda Stefánsdóttir** **Birgir Björgvinsson**
**Ellert Kristján Stefánsson** **Helga Veronica Gunnarsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Svanur Kristjánsson**

Hafnarbergi 16, Þorlákshöfn,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 10. ágúst. Útförin fer fram frá Þorlákskirkju miðvikudaginn 17. ágúst kl. 14.00.

**Edda Laufey Pálsdóttir**
**Laufey Elfa Svansdóttir** **Tor Ulset**
**Páll Kristján Svansson** **Kristín Berglind Kristjánsdóttir**
**Guðrún Ingibjörg Svansdóttir** **Bjarni Jónsson**
**og barnabörn.**



**Fræðsla og náttúruskoðun** verður í boði í Vatnsmýrinni og við Mývatn á morgun í tilefni af 40 ára afmæli Ramsar-samningsins. Gengið verður af stað frá Norræna húsinu klukkan 13 og frá bílastæðinu við Belgjarfjall við Mývatn klukkan 14.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512-5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512




**Endurskröpun pylsubarsins Bæjarins beztu í Toronto sló í gegn í síðustu viku:**

# Pylsurnar seldust upp




MYND/BRADLEY REINHARDT

Endurskröpun á Bæjarins beztu pylsum í Toronto í Kanada sló í gegn um síðustu helgi. Kanadabúarnir John Baker og Juli Daoust Baker, eigendur hönnunarverslunarinnar Mjölk, ákváðu að opna pylsubar í anda hins reykvíska Bæjarins beztu fyrir utan verslunina á föstudaginn fyrir viku.

Viðtökurnar komu þeim hjónum á óvart og þegar staðurinn var opnaður hafði myndast löng röð upp götuna. „Fólk elskaði pylsurnar og var sólgið í þær," segir John Baker en pylsurnar tvö hundruð sem keyptar höfðu verið seldust upp á rúmum tveimur tímum. „Við hefðum getað selt miklu meira en bjuggumst alls ekki við að þetta yrði svona vinsælt." John segir að pylsurnar hafi verið matreiddar á íslenska vísu. Þær voru gufusoðnar í bjór og bornar fram með íslensku hráefni og sósum sem fluttar voru inn frá Íslandi. Ekki fékkst þó leyfi til að flytja sjálfar pyls-

;FRAMHALD | 2

Við óskum Annie Mist til hamingju með framúrskarandi árangur

Annie Mist er afreksmaður í fremstu röð og vel að sér um næringu og heilsu.

*Heimsmeistari í Crossfitt 2011.*
*silfurhafi á heimsleikum í Crossfitt 2010,*
*Evrópumeistari í Crossfitt 2009 og 2010*
*ásamt því að vera margfaldur*
*þrekmótsmeistari Íslands*




Heilsuréttir Nings
TRANS FITA
MSG

Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Heilsuréttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

NINGS

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is

**Ástarvikan í Bolungarvík** líður nú undir lok. Til að slá botninn í vel heppnaða viku verður dansleikur í félagsheimilinu í bænum annað kvöld en fyrir dansi leikur ástarvikuhljómsveitin DRAMA.


ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál




GÆÐAFISKUR

**Sölustaðir:**
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.


Hið árlega Stórmót Árbæjarsafns og Taflfélags Reykjavíkur fer fram á sunnudaginn. Taflið hefst klukkan 14.00. Fyrir Stórmótið, klukkan 13, verður lifandi tafl á torginu í Árbæjarsafni þar sem uppáklæddar drottningar, konungar og hirðir þeirra taka sér stöðu.

www.minjasafnreykjavikur.is



Á Möðrudal reka Vilhjálmur og kona hans Elísabet ferðaþjónustuna Fjalladýrð með gistirými í fögrum burstabæ. Á veitingastaðnum bjóðast fágætar geitasteikur sem Vilhjálmur segir keimlíkar lambakjöti en fitusnauðar og meira í ætt við villibráð.

# Herðubreið á methraða

**Til stendur að mála 103 Herðubreiðarmyndir í anda Stórvals á Möðrudalsöræfum á morgun. Þar verður einnig leikið, sungið, dansað, messað og kjammsað á sveitabjúgum, hangikjöti og öðru góðgæti.**

„Sumir fara beint í pensilför Stórvals og oft fegurstu rjómatertur sem koma út úr því, en flestir mála eftir eigin höfði og mörg ótrúleg listaverk orðið til til móts við Herðubreið," segir Vilhjálmur Vernharðsson, bóndi í Möðrudal á Fjöllum, sem á morgun opnar hlöðudyrnar að safni Herðubreiðarmynda sem málaðar hafa verið í tilefni árvissrar Möðrudalsgleði.

„Við ákváðum að stofna til 100 mynda maraþons í tilefni aldarafmælis Stórvals 2008 og í tilefni 103. afmælisársins verða nú 103 Herðubreiðar málaðar," segir Vilhjálmur sem skaffar trönur, liti og annan efnivið til myndasmíðanna.

„Fólk kemur til að mála í safnið og vegna þess að Stefán málaði mest á spóna- og masónítplötur mála flestir á plötur eins og karlinn," segir Vilhjálmur sem tekur mót jafnt kunnum listmálurum sem leikmönnum og börnum að trönunum, enda vinsælt að spreyta sig á drottningu íslenskra fjalla.

„Safnið geymir nú talsvert af eigulegum verkum og alltaf eitthvað um að fólk bjóði í verkin á sýningunni en við höfum ekki enn ákveðið hvað verður um safnið í heild sinni," segir Vilhjálmur.



Barnslega máluð Herðubreið eftir Stórval er með eftirsóknarverðustu málverkum þjóðarinnar.

Stefán frá Möðrudal, eða Stórval eins og hann kallaði sig sjálfur, seldi málverk sín fyrir lítið fé á meðan hann lifði en nú eru myndir hans metnar á hundruð þúsunda.

„Herðubreið er vinsælust en Herðubreið með hestum þó enn eftirsóknarverðari," upplýsir Vilhjálmur sem átti góð kynni við afabróður sinn Stórval.

„Stefán kom þó sjaldan að Möðrudal því þótt staðurinn væri honum hugleikinn var hann á sama tíma í einhverri fýlu gagnvart honum. Hann var afar sérstök týpa, en varð aldrei samur eftir að hafa næstum orðið úti sem ungur maður á Mývatnsöræfum. Þá lenti hann í aftakaveðri með rekstur yfir heiðina á Jökuldal og villtist 25 kílómetra inn á hálendið. Það varð honum til lífs að afi var á beitarhúsum í áttina inneftir og sá til hans, en þá var Stefán nær dauða en lífi og talið að hann hafi ofkælst því persónubreytingin varð mikil. Skrækur rómur hans er mörgum minnisstæður, en mörgum Möðrudælingum liggur hátt rómur," segir Vilhjálmur lágstemmt og brosir.

Að sögn Vilhjálms felast töfrar Möðrudals í hásléttunni og fjallakyrrðinni. Dagskrá Möðrudalsgleði má sjá á ormsteiti.is, en meðal annars mun Valgeir Guðjónsson verða með útitónleika við Sauðána og dansleikur fram á rauða nótt með Nefndinni.

thordis@frettabladid.is


VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Nýtt námskeið hefst 26. ágúst.



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414




John og bróðir hans Frank stóðu vaktina á pylsubarnum sem sló í gegn meðal Torontobúa. MYND/BRADLEY REINHARDT

Framhald af forsíðu

urnar inn. Viðskiptavinum var sérstaklega ráðlagt að biðja um „eina með öllu".

Af hverju ákváðuð þið að endurskapa Bæjarins beztu pylsur? „Þetta var hluti af sérstöku viðburðakvöldi sem haldið var af hönnunarverslunum í hverfinu," segir John og bætir við að um kvöldið hafi verið haldin götuveisla. „Við hugsuðum með okkur að nauðsynlegt væri að hafa mat á götuhátíð. Við rekum skandinavíska búð þannig að það lá beint við að bjóða upp á pylsur og þær íslensku eru bestar," upplýsir John sem sótt hefur Ísland heim nokkrum sinnum.

John segir að margir viðskiptavinanna hafi komið til Íslands. „Þeir þekktu þess vegna pylsurnar frá Reykjavík. Svo komu líka Íslendingar en aðrir höfðu ekki heyrt um íslenskar pylsur," útskýrir John sem ekki hefur ákveðið hvort boðið verður aftur upp á íslenskar pylsur. Fyrstu viðskiptavinirnir höfðu fengið pylsur á Íslandi og á meðan þær suðu ræddu John og bróðir hans Frank sem stóðu vaktina á pylsubarnum við fólk um hvernig best væri að hafa þær. Allir voru sammála um að best væri að setja steiktan lauk, remúlaði og einfalda línu af tómatsósu til að byrja með, svo væri pylsan sett í brauðið og að lokum sinnepið.

martaf@frettabladid.is




# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 12. ágúst 2011



## LINDA BJÖRG ÁRNADÓTTIR

### Fagstjóri á leið í sjónvarpið

- Nýtt íslenskt nettímarit
- Illmenni í tískunni


FRÁBÆR TÖLVA Í SKÓLANN

Acer Aspire 3820T-374G32nks

- Intel Core i3-370M
- 4GB DDR3 minni
- 320GB diskur
- Intel HD Graphics skjákort
- HDMI tengi
- Bluetooth 3.0

AÐEINS 1,8 KG

13.3"

Rafhlöðuhleðsla endist allt að 8 tíma

TILBOÐ Kr. 109.950

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

# núna

farðu ótroðnar slóðir



**HAUSTVÖRUR** Þó að sumarið sé ekki alveg búið og sólin hefur leikið við landsmenn undanfarna daga er haustið á næsta leiti. Nú er útsölum lokið í flestum verslunum landsins og þær að fyllast af girnilegum haustfatnaði. Það er því um að gera að kíkja í búðirnar og sjá hvaða nýjungar þær hafa upp á að bjóða.

## meðmælin

### Fatamarkaðir

Á þessum tíma árs eru það ekki bara verslanir borgarinnar sem vilja tæma hillurnar fyrir nýjum haustvörum. Fólk er gjarnt á að endurnýja fataskápinn fyrir komandi vetur í þessum mánuði. Kolaportið er að venju stútfullt af gullmolum úr fataskápum landans. Einnig er um að gera að hafa augu jafnt sem eyru opin fyrir fatamörkuðum víðs vegar um borgina. Til dæmis er sunddrottningin Ragnheiður Ragnarsdóttir með fatamarkað í Bolholti 4 á morgun. Sömuleiðis er Elma Lísa Gunnarsdóttir ásamt systur sinni, Nínu Björk, með markað á Lindargötu 6.



### Tæma lagerinn

Íslenska barnafatamerkið Sunbird boðar allsherjar lagersölu á sumarlínunni sinni til að rýma fyrir nýjum vörum. Salan er haldin í höfuðstöðvum fyrirtækisins að Sundaborg 9, 2 hæð. Opið í dag frá 16-19 og á morgun milli 13-17. Þrátt fyrir að vera sumarlína er bómullarfatnaðurinn frá Sunbird hentugur fyrir veturinn og þægilegur í leikskólann fyrir börnin. Tilvalinn viðkomustaður á helgarrúntinum.



Heimir Berg vildi prófa eitthvað nýtt

# NÝTTI FÆÐINGARORLOFIÐ Í AÐ GERA TÍMARIT

Það má segja að ég hafi stefnt lengi að þessu en ekki hrint í framkvæmd fyrr en nú," segir Heimir Berg Vilhjálmsson, ritstjóri nýs nettímarits Kavalér.

Tímaritið kom út á netinu í vikunni og hefur Heimir fengið góðar viðtökur lesenda. Fyrirmyndir tímaritsins eru blöð á borð við Rolling Stone og GQ með umfjallanir um bíómyndir, tónlist, bíla, tísku, íþróttir og sitthvað fleira. Heimir er að reyna að höfða til lesenda á háskólaaldrinum eða frá 18-35 ára.

„Ég er svona að prófa mig áfram með þetta þannig að það er kannski ekki alveg að marka fyrsta tölublaðið. Þetta er svona dellublað sem stiklar á stóru innan margra sviða."

Heimir sá um alla uppsetningu en hann hefur verið í fæðingarorlofi í sumar og hófst þá handa við að vinna í blaðinu eða að fikta sig áfram, eins og hann sjálfur orðar það.

„Ég hef verið að vinna í Hvalstöðinni í Hvalfirði síðustu sumur og ætlaði mér að fara þangað aftur í vor. Þeirri starfsemi var svo frestað með stuttum fyrirvara. Ég ákvað því að fara í fæðingarorlof og henda mér í þessa vinnu samhliða því," segir Heimir og viðurkennir að öll vinnan á bak við blaðið hafi komið honum á óvart.

„Þetta var miklu meiri vinna en ég bjóst við. Ég er með nokkrar manneskjur sem skrifuðu smá í þetta blað en mestallt gerði ég sjálfur."

Á forsíðu blaðsins er að finna mynd af söngkonunni Amy Winehouse sem lést nýverið en myndina fann Heimir á myndasíðunni Flickr. „Ég ætlaði að hafa umfjöllun um Winehouse í blaðinu en féll á tíma. Mér fannst myndin bara svo flott að ég ákvað að halda henni á forsíðunni. Næst verð ég þó með forsíðumynd sem tengist blaðinu," segir Heimir, sem áætlar að gefa blaðið út á tveggja mánaða fresti til að byrja með. Þeim sem hafa áhuga á að skrifa í blaðið er velkomið að hafa samband við Heimi gegnum vefsíðuna www.kavaler.is.

*alfrun@frettabladid.is*



**Dellublað** Meðal umfjallana í blaðinu er tíska fyrir karlmenn en Heimir undirstrikar að blaðið sé fyrir bæði kynin.



**Ritstýrir nýju blaði** Heimir Berg Vilhjálmsson stofnaði og ritstýrir nýja nettímaritinu Kavalér sem stílar inn á lesendahóp á háskólaaldri eða frá 18-35 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


# SALON REYKJAVÍK

Hvet þig til að koma og prufa
**NATURA KERATIN**
kraftaverkameðferð sem virka!



*Haft eftir viðskiptavinum okkar:*

*Vilborg: Ég vaknaði á venjulegum tíma dreif mig í sturtu, eftir hana eyddi ég 5 mínútum í hárið, ég vissi ekki hvað ég átti að gera við næstu 45 mínúturnar sem ég yfirleitt eyddi í hárið á morgnanna!*

*Guðlaug: Besta fjárfestingin sem ég hef gert hvað varðar hár mitt!*



BYLTINGAKENND MEÐFERÐ ÞAR SEM KERATIN OG ALOE BARBADENSIS ER NOTUÐ TIL AÐ INNSIGLA HÁRIÐ. MÖGNUÐ MEÐFERÐ SEM GERIR HÁRIÐ MJÚKT, SLÉTTARI, HEILBRIGT OG GLANSANDI. ÞESSI MEÐFERÐ VIRKAR EINS OG KRAFTAVERK Á ÞURRT, ÚFIÐ, VIÐKVÆMT OG BROTTHÆTT HÁR. BESTI KOSTURINN FYRIR LITAÐ HÁR, HÁR MEÐ STRÍPUM EÐA SKEMMT HÁR.

**SALON REYKJAVÍK** GRANDAGARÐUR 5
101 REYKJAVÍK SÍMI: **56 85 305**


Acne í samstarf með listamanninum David Silver:

# Leður, munstur og sterkir litir

Sænska tískumerkið Acne vinnur að sérstakri fatalínu með listamanninum Daniel Silver. Afrakstur þessa skemmtilega samstarfs verður fáanlegur í verslunum í október.

Línan nefnist Capsule og er innblásin af æskuárum listamannsins sem ólst meðal annars upp í Ísrael, Austur-Evrópu og Afríku. Flíkurnar eru litríkar og mikið er um skræpótt „tribal" munstur og leður og lofa kynningarmyndirnar góðu líkt og sjá má. Alls mun línan innihalda um sextíu flíkur fyrir bæði karla og konur.

Silver er hvað þekktastur fyrir skúlptúra sína sem eru meðal annars til sýnis í London en áður hefur Acne meðal annars unnið með Lanvin að sköpun fatalínu.



**Flott samstarf** Sænska tískumerkið Acne vinnur að nýrri fatalínu með listamanninum David Silver. Línan inniheldur falleg munstur og litríkar flíkur.

## augnablikið



**GLEÐI** Norski hönnuðurinn Veronica B. Vallenes hlær að lokinni sýningu sinni á tískuvikunni í Kaupmannahöfn um helgina. Hún þykir einn efnilegasti hönnuður Skandinavíu um þessar mundir. NORDICPHOTOS/GETTY


föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Andrew Burgess **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

# Þau vita hvað þarf til að ná árangri

enda afreksfólk í fremstu röð og vel að sér um næringu og heilsu.

# Heilsuréttir Nings

Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Heilsuréttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

*Annie Mist*
*Heimsmeistari í Crossfit 2011*
*Silfurhafi á heimsleikum í Crossfit 2010, Evrópumeistari í Crossfit 2009 og 2010 ásamt því að vera margfaldur þrekmótsmeistari Íslands*

*Arnaldur Birgir*
*Framkvæmdastjóri og eigandi BootCamp á Íslandi og keppandi í Sahara eyðimerkurhlaupi 2011*

*Ágúst Guðmundsson*
*Slökkviliðsmaður og keppandi í Sahara eyðimerkurhlaupi 2011*
*ásamt verðandi heimsmeistara!*

*Pavel Ermolinski*
*Einn af bestu körfuboltamönnum landsins úr KR*

*Eva Sveinsdóttir*
*Margfaldur Íslandsmeistari í Icefitness*

*Hreggviður Magnússon*
*Einn af bestu körfuboltamönnum landsins úr KR*

*Rannveig Kramer*
*Íslandsmeistari í fitness 2010*

*Sveinbjörn Sveinbjörnsson*
*Margfaldur BootCamp- og Crossfitt meistari Íslands*
*ásamt verðandi Íslandsmeistara í einhverju!*



# NINGS

*og kroppurinn blómstrar*




**Suðurlandsbr. 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12**
**sími 588 9899 • www.nings.is**

MSG
TRANS FITA

# HREINSKILNI ER MINN HELSTI K

***Linda Björg Árnadóttir,* fatahönnuður og fagstjóri fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands, er þekkt fyrir hreinskilni sína. Hún sest í dómarasætið í sjónvarpsþáttunum Hannað fyrir Ísland sem verða frumsýndir í vetur.**

*Viðtal:* **Sara McMahon**
*Ljósmynd:* **Andrew Burgess**



Linda er fædd og uppalin í Reykjavík en var lengi með annan fótinn í París þar sem hún nam fatahönnun og vann í fjölda ára. Hún á þrjú börn, það elsta er átján ára gamalt og það yngsta er fimm ára.

Strax sem barn var Linda staðráðin í að leggja hönnun eða myndlist fyrir sig þrátt fyrir mótbárur foreldra sinna. „Ég var alltaf mjög góð að teikna og var snemma viss um að ég vildi fara í einhvers konar listnám þó að fjölskyldan hafi ekki hvatt til þess enda var lítið um þess háttar vinnu að hafa á þeim tíma. Ég fór samt í Myndlista- og handíðaskólann og lærði textílhönnun, sem þótti ekki heldur vera góð fjárfesting, en ekkert annað kom til greina hjá mér. Ég gat ekki hugsað mér að vera í þeirri stöðu þegar ég væri orðin eldri að líta til baka og vera ósátt við sjálfa mig vegna þess að ég hafði ekki elt drauma mína.“

Eftir námið í Myndlista- og handíðaskólanum flutti Linda til Parísar með ungan son sinn og hóf nám í fatahönnun við Studio Bercot-hönnunarskólann. „Mér fannst mjög mikilvægt að fara í góðan skóla fyrst ég var að gera þetta á annað borð. Þetta er einkaskóli sem er mjög franskur og harður. Þau tóku alltaf of marga nemendur inn á fyrsta ári og losuðu sig svo við helminginn hreinlega með andlegu ofbeldi. Ætli þrjóskan og metnaðurinn hafi ekki hjálpað mér að þrauka námið,“ segir hún brosandi.

Á þessum tíma var Linda nýútskrifuð með hæstu einkunn úr Myndlista- og handíðaskólanum og hafði einnig borið sigur úr býtum í Smirnoff Fashion Awards sem var alþjóðleg hönnunarkeppni þar sem Alexander McQueen, John Rocha og Joe Casely-Hayford vermdu dómarasætin. „Ég upplifði mig sem svolítið númer þegar ég byrjaði í skólanum en þau voru fljót að leiðrétta það og ég þurfti bara að byrja á núlli eins og hinir.“

Linda viðurkennir að það hafi oft verið erfitt að vera einstæð móðir í ókunnugri borg en segir það einnig hafa fengið hana til að vilja standa sig þeim mun betur. „Það sem mér þótti erfiðast var að tala ekki tungumálið og þess vegna gat ég ekki tjáð mig við neinn. En þetta gekk allt saman og barnsfaðir minn var duglegur að styðja okkur og flaug reglulega út til okkar.“

### FÉKK DRAUMASTARFIÐ HJÁ MARTINE SITBON

Að náminu loknu var henni boðið draumastarfið hjá Martine Sitbon sem var þá eitt vinsælasta tískuhús Frakklands. Linda sá um hönnun alls munsturs hjá Sitbon og vann hjá tískuhúsinu allt til ársins 2004 þegar merkið lagði upp laupana. „Þetta var akkúrat fyrirtækið sem mig langaði að vinna hjá. Það var ungt og framsækið en gömlu merkin þóttu á þessum tíma svolítið gamaldags og hallærisleg. Fyrsta verkefni mitt hjá Sitbon var að hanna munstur fyrir nýja línu og ég fékk ekki nema tíu daga til að gera það og ég hafði lítið hannað munstur áður.“ Linda náði þó að leysa verkefnið og vann hjá sama hönnuðinum næstu tólf árin. „Ég held ég hafi lent með rosalega góðu fólki hjá Sitbon því öll hafa þau farið áfram í mjög góðar stöður innan tískubransans og ég hef til dæmis nýtt mér þau sambönd fyrir LHÍ.“

Innt eftir því hvort glamúr og kampavínsteiti hafi ekki fylgt starfinu innan tískuheimsins svarar Linda því neitandi. Hún segir flesta hönnuði vinna langa vinnudaga og hafa lítinn tíma aflögu í skemmtanir. „Fólkið á bak við merkin, sem gerir alla vinnuna, hefur ekki tíma fyrir slíkt. Maður vann oft í þrjátíu daga samfleytt og í marga klukkutíma í senn, sérstaklega vikurnar fyrir sýningar.“

### SKAPAÐI FATAHÖNNUNARDEILD LISTAHÁSKÓLANS

Árið 2000 bauðst Lindu að taka þátt í að búa til nýja hönnunardeild LHÍ ásamt öðrum fagaðilum. Upphaflega átti deildin að vera tvískipt og átti að kenna iðnhönnun og fatahönnun undir sama hatti. Sú hugmynd gekk þó ekki eftir og til urðu tvær deildir og tók Linda að sér starf fagstjóra fatahönnunardeildar. „Deildin hefur breytt miklu fyrir íslenska fatahönnun, þú þarft bara að líta í kringum þig á Laugaveginum til að sjá áhrifin. Ég held að í framtíðinni nái nokkur af þessum fatamerkjum að verða að stórum nöfnum. Mér finnst samt ákveðinn „localismi“ enn þá í íslenskri hönnun sem er ekki nógu gott. Ég hefði viljað sjá fleiri af mínum nemendum fara út í framhaldsnám eða vinnu og verða sér þannig úti um meiri reynslu og þekkingu. Margir fóru aftur á móti beint út í það að opna verslun og vinnustofu og það gengur kannski í nokkur ár en ekki til lengdar. Allir nemendur mínir fóru út í starfsþjálfun í gegnum námið í LHÍ en fáir nýta sér þessi tengsl til að byggja upp eigið tengslanet og stundum hugsa ég með mér hvort þau séu að fá of mikið fyrir of lítið.“

### HREINSKILIN OG ÓHRÆDD

Linda er alveg óhrædd við að tjá skoðanir sínar á opinberum vettvangi og er nokkuð umdeild fyrir þær sakir. Hún kveðst þó lítið velta sér upp úr áliti annarra og segir hreinskilni vera hennar helsta kost. „Mér er sama hvað sagt er um mig. Það að ég hafi skoðanir og tjái þær er einn af mínum helstu kostum þó að það fari gjarnan fyrir brjóstið á Íslendingum. Í hönnunarheiminum vill fólk fá skýr svör svo ekki sé verið að hanna og framleiða vöru sem ekki selst, fólk má ekki vera meðvirkt. Ég leita sjálf eftir áliti þegar ég hanna mína vöru og þá þarf ég sjálf að taka gagnrýni, fólk má alls ekki taka henni of persónulega,“ segir hún og bætir við: „Ég tek einmitt á þessu í LHÍ. Nemendur eiga að geta kynnt verk sín, hlustað á gagnrýni og nýtt sér hana í framhaldinu.“

Linda verður einn af dómurunum í sjónvarpsþættinum Hannað


**Útsalan í fullum gangi**
**50-70% afsláttur**



Kjóll verð ~~6.990~~
Nú 3.495.
Til í tveimur litum. S-M-L



Pils ~~3.990~~
Nú 1.197
Til í rauðu, bleiku, svörtu, hvítu og beige.



Toppur ~~7.990~~
Nú 3.995
Til í hvítu og svörtu.



Toppur ~~5.990~~
Nú 2.500
Til í bleiku, hvítu og turkish. S-M-L

SOHO MARKET

SOHO/MARKET Á FACEBOOK
Grensásvegur 16, sími 553 7300
Opið mán–fös 12–18 og laugd 12–17

# ENSKI BOLTINN

FÖSTUDAGUR 12. ÁGÚST 2011

SPORT 2
enski boltinn

FRÉTTABLAÐIÐ




Síminn
10-11 ...alltaf opið!
ICELANDAIR
OPIN KERFI 25 ára



# Fimm meistarar

Aðeins fimm framkvæmdastjórar hafa fagnað sigri í ensku úrvalsdeildinni frá því að hún var sett á laggirnar árið 1992.

Sir Alex Ferguson er sigursælasti stjórinn í enska boltanum frá upphafi. Hann hefur tólf sinnum stýrt Manchester United til sigurs í þessari sterkustu deildarkeppni í heimi og lið hans hefur aldrei lent neðar en í þriðja sæti síðan keppni í úrvalsdeildinni hófst.

Arsene Wenger hefur þrisvar fagnað sigri í deildinni með Arsenal og José Mourinho tvisvar með Chelsea. Carlo Ancelotti leiddi Chelsea einnig til sigurs og Kenny Dalglish var við stjórnvölinn hjá Blackburn Rovers þegar liðið varð meistari árið 1995. Hann stýrði einnig Liverpool þegar liðið varð síðast meistari, vorið 1990 í gömlu 1. deildinni og var það þriðji meistaratitill liðsins undir hans stjórn.

## EFSTU LIÐ FRÁ UPPHAFI ÚRVALSDEILDARINNAR

| Tímabil | 1. sæti | 2. sæti | 3. sæti |
|---|---|---|---|
| 1992–93 | Man. Utd. | Aston Villa | Norwich |
| 1993–94 | Man. Utd. | Blackburn | Newcastle |
| 1994–95 | Blackburn | Man. Utd. | Nottm. Forest |
| 1995–96 | Man. Utd. | Newcastle | Liverpool |
| 1996–97 | Man. Utd. | Newcastle | Arsenal |
| 1997–98 | Arsenal | Man. Utd. | Liverpool |
| 1998–99 | Man. Utd. | Arsenal | Chelsea |
| 1999–00 | Man. Utd. | Arsenal | Leeds |
| 2000–01 | Man. Utd. | Arsenal | Liverpool |
| 2001–02 | Arsenal | Liverpool | Man. Utd. |
| 2002–03 | Man. Utd. | Arsenal | Newcastle |
| 2003–04 | Arsenal | Chelsea | Man. Utd. |
| 2004–05 | Chelsea | Arsenal | Man. Utd. |
| 2005–06 | Chelsea | Man. Utd. | Liverpool |
| 2006–07 | Man. Utd. | Chelsea | Liverpool |
| 2007–08 | Man. Utd. | Chelsea | Arsenal |
| 2008–09 | Man. Utd. | Liverpool | Chelsea |
| 2009–10 | Chelsea | Man. Utd. | Arsenal |
| 2010–11 | Man. Utd. | Chelsea | Man. City |


Jákvæðar fréttir fyrir sumarið



Þú færð Fréttablaðið á 12 stöðum á Suðurnesjum.

Það er engin ástæða til að missa af neinu í sumar. Fréttablaðið er aðgengilegt um land allt. Því er dreift ókeypis í lúgur og kassa á kjarnadreifingarsvæði okkar. Auk þess er það selt í lausasölu á kostnaðarverði á **120 sölustöðum um land allt**.

**Þú getur alltaf fengið Fréttablaðið beint í símann, fartölvuna eða spjaldtölvuna hvar sem er og hvenær sem er á Vísi.is eða fengið það sent með tölvupósti daglega.**

Nánar um dreifinguna má lesa á visir.is/dreifing.

Fjöldi lausasölustaða á Suðurnesjum

N1 þjónustustöð, Aðalstöðinni, Keflavík
10-11, Keflavík
N1 verslun, Keflavík
Olís, Básinn, Reykjanesbæ
Samkaup Strax, Reykjanesbæ
10-11, Leifsstöð
Eymundsson, Leifsstöð
Tíu ellefu Hraðkaup, Reykjanesbæ
Nettó, Grindavík
Samkaup Strax, Sandgerði
Samkaup Strax, Garði
Bónus, Fitjum, Njarðvík




**Það fá allir afmælisblöðru* á sölustöðum Fréttablaðsins um land allt.**

*Meðan birgðir endast

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011

Allt sem þú þarft


## KENNY DALGLISH VEKUR VONIR MEÐAL STUÐNINGSMANNA „RAUÐA HERSINS“



Kenny Dalglish tók við Liverpool í 12. sæti deildarinnar í janúar og undir hans stjórn náði liðið þriðja besta árangri allra liða það sem eftir lifði tímabilsins. Núna hefur hann sett stefnuna á toppinn á ný og lofar betri árangri á Anfield.

# „Kóngurinn“ ætlar aftur á toppinn

**Stuðningsmenn Liverpool sjá fram á bjartari tíma undir stjórn „Kóngsins á Anfield“ – Skotans Kenny Dalglish.**

Aðdáendur Liverpool fögnuðu þegar Kenny Dalglish skrifaði undir nýjan þriggja ára samning við félagið í maí. Hann tók við liðinu af Roy Hodgson í janúar þegar það var í 12. sæti og náði að rífa upp móralinn og skilaði liðinu í 5. sæti í lok tímabilsins. Hann stýrði liðinu í 18 deildarleikjum og liðið hefði lent í þriðja sæti deildarinnar ef bara væri tekið mið af 18 síðustu umferðunum.

Dalglish hefur sett stefnuna á eitt af fjórum efstu sætunum í vetur. „Það er heiður að fá að stýra þessu félagi og ég get lofað aðdáendum því að við munum leggja allt í sölurnar til að ná árangri,“ segir Dalglish.

### LIVERPOOL Í TOPPBARÁTTU

Staðan eftir síðustu 18 deildarleiki

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 18 | 11 | 4 | 3 | 33:15 | 37 |
| Man. Utd. | 18 | 11 | 3 | 4 | 35:18 | 36 |
| Liverpool | 18 | 10 | 3 | 5 | 35:17 | 33 |
| Man. City | 18 | 10 | 3 | 5 | 28:17 | 33 |
| Arsenal | 18 | 7 | 8 | 3 | 40:21 | 29 |
| Tottenham | 18 | 6 | 8 | 4 | 25:23 | 26 |

**FÆDDUR SIGURVEGARI**

Dalglish varð átta sinnum meistari sem leikmaður Liverpool, þar af þrisvar sinnum sem spilandi framkvæmdastjóri. Hann lék með liðinu til ársins 1990 og var orðinn 39 ára þegar hann lagði skóna á hilluna. Hann sagði óvænt upp tæpu ári síðar og sagðist vilja hvíld frá álaginu sem fylgdi starfinu.

## NÝR FRAMKVÆMDASTJÓRI CHELSEA, ANDRÉ VILLAS-BOAS, ER AÐEINS 33 ÁRA



### ANDRÉ VILLAS-BOAS

**Fullt nafn:** Luís André de Pina Cabral e Villas-Boas
**Fæddur:** 17. október 1977 (33 ára)
**Starfsferill:**
**1993:** Lærlingur undir stjórn Sir Bobby Robson hjá Porto
**1994:** Þjálfunarréttindi C hjá UEFA á námskeiði í Skotlandi
**2002:** Ráðinn í starfslið José Mourinho hjá Porto
**2004:** Fylgir Mourinho til Chelsea
**2008:** Fer með Mourinho til Inter Milan
**2009:** Ráðinn framkvæmdastjóri Academica
**2010:** Tekur við stjórnartaumum stórliðsins Porto
**2011:** Vinnur deild og bikar í Portúgal og Evrópudeildina

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Ritstjórn og hönnun:** Sævar Hreiðarsson saevar@365.is
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Ívar Örn Hansen ivarorn@frettabladid.is s. 512 5429.
**Ljósmyndir:** Nordic Photos / Getty Images

# Jói útherji

síðan 1999




## ENSKI BOLTINN RÚLLAR HJÁ OKKUR !

**Jói útherji Ármúla 36 108 Reykjavík - S: 5881560** **www.joiutherji.is**

# Hver verður markakóngur?

**Öll toppliðin í ensku úrvalsdeildinni eru með framherja sem kunna að skora mörk. Það má búast við harðri samkeppni um markakóngstitilinn í vetur.**

Framherjar Manchester United (Berbatov, Rooney, Hernandez og Owen) skoruðu samtals 46 af 78 mörkum liðsins í deildinni. Núna ætlast aðdáendur United til þess að fá fleiri mörk frá Rooney sem átti í talsverðum erfiðleikum framan af síðastliðnum vetri, bæði vegna meiðsla og vandræða við samningaviðræður við forráðamenn United. Eftir áramót fór honum að ganga betur og hann endaði með 11 mörk í deildinni.

Arsenal hefði líklega gengið betur ef Robin van Persie hefði ekki glímt við erfið meiðsli síðastliðinn vetur. Hann skoraði 18 mörk í aðeins 25 leikjum (19 í byrjunarliði) og ljóst að hann er orðinn einn af bestu leikmönnum deildarinnar. Núna er hann kominn með Gervinho til að mata sig af færum og mörkin gætu orðið mun fleiri.

Spænski markahrókurinn Fernando Torres stóð alls ekki undir væntingum á síðasta tímabili, hvorki með Liverpool né Chelsea þar sem hann skoraði bara eitt mark eftir að hann var keyptur fyrir 50 milljónir punda. Ef hann finnur leiðina í markið á ný er voðinn vís.

Luis Suárez var óstöðvandi þegar hann lék með Ajax og frammistaða hans í fyrstu leikjunum með Liverpool lofar góðu. Andy Carroll byrjaði einnig síðasta tímabil vel hjá Newcastle og skoraði 11 mörk í 19 leikjum og bætti síðan við 2 mörkum í 7 leikjum með Liverpool.

Manchester City bindur vonir við að Sergio Agüero taki við af landa sínum Carlos Tévez sem aðalmarkaskorari liðsins. Agüero skoraði 20 mörk í spænsku deildinni síðastliðinn vetur.

## MARKAHÆSTU MENN ENSKU ÚRVALSDEILDARINNAR FRÁ UPPHAFI

| Tímabil | Markahæstur | Mörk | Tímabil | Markahæstur | Mörk |
|---|---|---|---|---|---|
| 1992–93 | Teddy Sheringham (N. Forest/Tottenham) | 22 | 2000–01 | Jimmy Floyd Hasselbaink (Chelsea) | 23 |
| 1993–94 | Andrew Cole (Newcastle) | 34 | 2001–02 | Thierry Henry (Arsenal) | 24 |
| 1994–95 | Alan Shearer (Blackburn) | 34 | 2002–03 | Ruud van Nistelrooy (Man. Utd.) | 25 |
| 1995–96 | Alan Shearer (Blackburn) | 31 | 2003–04 | Thierry Henry (Arsenal) | 30 |
| 1996–97 | Alan Shearer (Newcastle United) | 25 | 2004–05 | Thierry Henry (Arsenal) | 25 |
| 1997–98 | Chris Sutton (Blackburn) | 18 | 2005–06 | Thierry Henry (Arsenal) | 27 |
| 1997–98 | Dion Dublin (Coventry) | 18 | 2006–07 | Didier Drogba (Chelsea) | 20 |
| 1997–98 | Michael Owen (Liverpool) | 18 | 2007–08 | Cristiano Ronaldo (Man. Utd.) | 31 |
| 1998–99 | Jimmy Floyd Hasselbaink (Leeds) | 18 | 2008–09 | Nicolas Anelka (Chelsea) | 19 |
| 1998–99 | Michael Owen (Liverpool) | 18 | 2009–10 | Didier Drogba (Chelsea) | 29 |
| 1998–99 | Dwight Yorke (Man. Utd.) | 18 | 2010–11 | Dimitar Berbatov (Man. Utd.) | 20 |
| 1999–00 | Kevin Phillips (Sunderland) | 30 | 2010–11 | Carlos Tévez (Man. City) | 20 |

## ● LAUNAHÆSTU MENN ÚRVALSDEILDARINNAR

**Wayne Rooney – Man. Utd.**
£250.000 á viku - £13m á ári

**Yaya Toure – Man. City**
£220.000 á viku - £11,5m á ári

**Sergio Agüero – Man. City**
£200.000 á viku - £10,5m á ári

**Carlos Tevez – Man. City**
£200.000 á viku - £10,5m á ári

**Fernando Torres – Chelsea**
£175.000 á viku - £9,1m á ári

**John Terry - Chelsea**
£150.000 á viku - £8m á ári

**E. Adebayor – Man. City**
£140.000 á viku - £7,5m á ári

**Frank Lampard - Chelsea**
£140.000 á viku - £7,5m á ári

**Steven Gerrard - Liverpool**
£125.000 á viku - £6,5m á ári

**Rio Ferdinand – Man. Utd.**
£125.000 á viku - £6,5m á ári

**Kolo Toure – Man. City**
£120.000 á viku - £6,25m á ári

**Gareth Barry – Man. City**
£120.000 á viku - £6,25m á ári

## LUIS SUÁREZ



### Liverpool

**Fullt nafn:** Luis Alberto Suárez Díaz
**Fæddur:** 24. janúar 1987 (24 ára)
**Verð:** £22.800.000 frá Ajax
**Ferill:**

| | | |
|---|---|---|
| 2005–2006 | Nacional | 27/10 |
| 2006–2007 | Groningen | 29/10 |
| 2007–2011 | Ajax | 110/81 |
| 2010–2011 | Liverpool | 13/4 |

**Landsleikir:** Úrúgvæ 48/21

## FERNANDO TORRES



### Chelsea

**Fullt nafn:** Fernando José Torres Sanz
**Gælunafn:** El Niño
**Fæddur:** 20. mars 1984 (27 ára)
**Verð:** £50.000.000 frá Liverpool
**Ferill:**

| | | |
|---|---|---|
| 2001–2007 | Atlético Madrid | 214/82 |
| 2007–2011 | Liverpool | 102/65 |
| 2010–2011 | Chelsea | 14/1 |

**Landsleikir:** Spánn 86/27

## WAYNE ROONEY



### Manchester United

**Fullt nafn:** Wayne Mark Rooney
**Fæddur:** 24. október 1985 (25 ára)
**Verð:** £25.600.000 frá Everton
**Upphafið:** Skoraði 114 mörk í 29 leikjum með drengjaliðum Everton
**Ferill:**

| | | |
|---|---|---|
| 2002–2004 | Everton | 67/15 |
| 2004–2011 | Man. Utd. | 217/102 |

**Landsleikir:** England 70/26

## ROBIN VAN PERSIE



### Arsenal

**Fullt nafn:** Robin van Persie
**Fæddur:** 6. ágúst 1983 (28 ára)
**Verð:** £2.750.000 frá Feyenoord
**Besta árið:** Lagði upp fleiri mörk en nokkur annar, 11 mörk, 2008–09.
**Ferill:**

| | | |
|---|---|---|
| 2001–2004 | Feyenoord | 59/15 |
| 2004–2011 | Arsenal | 156/66 |

**Landsleikir:** Holland 56/21

## SERGIO AGUERO



### Manchester City

**Fullt nafn:** Sergio Leonel Agüero del Castillo
**Gælunafn:** Kun
**Fæddur:** 2. júní 1988 (23 ára)
**Verð:** £38.000.000 frá Atlético Madrid
**Ferill:**

| | | |
|---|---|---|
| 2003–2006 | Independiente | 54/23 |
| 2006–2011 | Atlético Madrid | 175/74 |

**Landsleikir:** Argentína 30/13




Íþróttahelgin gerð upp í Fréttablaðinu

Vegleg og aukin íþróttaumfjöllun í Fréttablaðinu mánudaga




Allt sem þú þarft...

# Glæsileg saga enska fótboltans

**Enski boltinn á sér glæsilega sögu en oft hafa dunið yfir áföll sem hafa sett strik í reikninginn. Stiklum á stóru í sögu enska boltans fram til stofnunar úrvalsdeildarinnar árið 1992.**

## 1848
Fyrstu drög að fótboltareglum samin við háskólann í Cambridge.

## 1862
Notts County stofnað. Elsta starfrækta knattspyrnufélagið í dag.

## 1863
Enska knattspyrnusambandið (F.A.)stofnað.

## 1900
Aston Villa vinnur sinn fimmta meistaratitil á sjö árum.

## 1901
Liverpool er meistari í fyrsta sinn.

## 1908
Manchester United er meistari í fyrsta sinn.

## 1915-1919
Keppni í deildakeppninni liggur niðri á meðan fyrri heimsstyrjöld stendur yfir.

## 1925
Ný rangstöðuregla tekin upp.



**BUSBY BABES:** Meistaralið Manchester United árið 1957. Tæpu ári síðar fórst kjarni liðsins í flugslysi í München.

## 1871
Keppni í FA-bikarkeppninni hefst.

## 1888
Deildakeppni sett á laggirnar. Fyrsti leikur fór fram 8. september.

## 1889
Preston North End er fyrst allra liða til að sigra í ensku deildinni. Liðið sigrar einnig í FA-bikarnum.

## 1891
Net sett í mörkin og vítaspyrnur teknar upp.

## 1892
Önnur deild sett á laggirnar.

## 1897
Aston Villa vinnur bæði deild og bikar.

## 1926
Huddersfield Town er fyrst allra liða til að vinna deildina þrjú ár í röð. Fyrstu tvö árin undir stjórn Herberts Chapman sem tók síðan við liði Arsenal árið 1925.

## 1931
Arsenal er meistari í fyrsta sinn.

## 1934
Herbert Chapman, stjóri meistaraliðs Arsenal deyr úr lungnabólgu, aðeins 55 ára.

## 1935
Arsenal er meistari í þriðja sinn í röð og fjórða sinn á fimm árum.

## 1938
Fyrsta beina sjónvarpsútsendingin frá bikarúrslitaleik.



**FYRSTA SIGURLIÐIÐ:** Lið Preston North End sem sigraði tvöfalt árið 1889 og varð þar með fyrsta sigurliðið í ensku deildinni.

MYNDIR: NORDIC PHOTOS / GETTY IMAGES

## 1939-1946
Deildakeppnin liggur niðri á meðan heimsstyrjöldin síðari stendur yfir.

## 1956
Fyrsti deildaleikurinn sem leikinn er í fljóðljósum er viðureign Portsmouth og Newcastle.

## 1958
Kjarninn í liði Manchester United, sem hafði unnið deildina tvö ár í röð, ferst í flugslysi í München.

## 1959
Bill Shankly er ráðinn knattspyrnustjóri Liverpool sem er í botnbaráttu í 2. deild.

## 1961
Tottenham vinnur tvöfalt, bæði deild og bikar undir stjórn Bills Nicholson.

## 1965
Tíu leikmenn eru dæmdir í ævilangt bann fyrir að þiggja mútur og hagræða úrslitum.

## 1966
England er heimsmeistari á heimavelli.

## 1968
Manchester United er fyrst enskra liða til að verða Evrópumeistari.

## 1971
Arsenal vinnur tvöfalt, bæði deild og bikar.

## 1976
Gul og rauð spjöld eru notuð í enska boltanum í fyrsta sinn.

## 1977
Liverpool vinnur bæði deildina og Evrópubikarinn undir stjórn Bobs Paisley.

## 1981
Þriggja stiga reglan tekur gildi þar sem lið fá þrjú stig fyrir sigur.

## 1982
Aston Villa vinnur Evrópukeppni meistaraliða og er það sjötta árið í röð sem enskt lið vinnur bikarinn.



**RAUÐI HERINN:** Lið Liverpool sópaði til sín bikurum árið 1977..

## 1985
Stúkubruni í Bradford kostar 56 mannslíf og í óeirðum á úrslitaleik Evrópubikarsins í Heysel láta 39 menn lífið. Ensk lið eru dæmd í bann frá Evrópukeppnum.



**KÓNGURINN:** Eric Cantona, meistari með Leeds árið 1992.

## 1986
Liverpool vinnur tvöfalt á fyrsta ári Kenny Dalglish sem spilandi knattspyrnustjóra. Alex Ferguson tekur við Manchester United í botnbaráttu fyrstu deildar.

## 1987
Tveir varamenn eru leyfðir.

## 1989
Harmleikur á Hillsborough verður 95 að bana. Arsenal verður meistari með síðustu spyrnu mótsins.

## 1992
Leeds United er síðasti meistarinn áður en enska úrvalsdeildin er stofnuð.

# Skoraði 60 deildarmörk

William „Dixie“ Dean setti markamet sem seint verður slegið tímabilið 1927-28 þegar hann skoraði 60 mörk í 39 deildarleikjum fyrir Everton. Hann skoraði einnig þrjú mörk í FA-bikarkeppninni og 19 mörk í öðrum opinberum leikjum þetta tímabil þannig að samtals skoraði hann 82 mörk.

Alls skoraði „Dixie“ Dean 349 deildarmörk á ferli sínum með Everton (1925-37) og er það mesta sem leikmaður hefur skorað fyrir eitt lið.

Flest mörk í einum leik í efstu deild skoruðu Ted Drake fyrir Arsenal gegn Aston Villa í desember 1935 og James Ross fyrir Preston gegn Stoke í október 1888. Báðir skoruðu þeir sjö mörk fyrir lið sín í þessum leikjum.



**William „Dixie“ Dean skoraði 60 mörk fyrir Everton veturinn 1927-28.**

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

● **FIMM MÖRK Í LEIK** Fjórir leikmenn hafa skorað fimm mörk í einum leik síðan úrvalsdeildin var sett á laggirnar. Andy Cole (fyrir Manchester United gegn Ipswich Town, 4. mars 1995) Alan Shearer (fyrir Newcastle United gegn Sheffield Wed., 19. sept. 1999), Jermain Defoe (fyrir Tottenham gegn Wigan, 22. nóvember 2009) og Dimitar Berbatov (fyrir Manchester United gegn Blackburn Rovers, 27. nóvember 2010).

● **FLEST MÖRK VARAMANNS** Ole Gunnar Solskjær skoraði fjögur mörk eftir að hann kom inn á sem varamaður hjá Manchester United í leik gegn Nottingham Forest, sem fram fór 6. febrúar 1999.




● **FLOGIÐ Á LEIKINA** Til að komast á leiki í ensku deildinni þarf að komast yfir sæinn. Icelandair býður flugferðir á ýmsa áfangastaði í Bretlandi og má þar helst nefna London og Manchester. Vinsælustu leikirnir eru vissulega í Manchester og Liverpool. Þeir sem ætla á leiki Arsenal, Chelsea og Queens Park Rangers geta flogið til London.

Icelandair er einnig í góðu samstarfi við sérhæfða ferðaheildsala sem selja ferðir á leiki ensku úrvalsdeildarinnar. Til að mynda við VITA sport sem er stærsti söluaðili í fótboltaferðum hér á landi. Þá má einnig nefna IT ferðir og Úrval útsýn sem selja ferðir á þessa leiki.



# Íslendingar í efstu deild enska boltans

**Íslendingar eiga tvo fulltrúa í ensku úrvalsdeildinni í vetur, Heiðar Helguson og Grétar Rafn Steinsson. Þeir mætast strax í fyrstu umferð þegar Bolton heimsækir nýliða QPR á Loftus Road á laugardag. Leikurinn verður sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 3.**

Alls hafa 15 íslenskir leikmenn komið við sögu í efstu deild enska boltans. Albert Guðmundsson varð fyrstur Íslendinga til að leika með ensku liði þegar hann gekk til liðs við Arsenal haustið 1946. Það var ekki fyrr en Sigurður Jónsson gekk til liðs við Sheffield Wednesday í febrúar 1985 að Íslendingar eignuðust annan fulltrúa í þessari sterku deild.

Síðan hafa „strákarnir okkar“ gert það gott í ensku úrvalsdeildinni hver af öðrum og toppnum náði Eiður Smári Guðjohnsen þegar hann varð meistari með Chelsea vorið 2006.

Hermann Hreiðarsson varð FA-bikarmeistari með Portsmouth vorið 2008 en hefur einnig þann vafasama heiður að hafa fallið úr úrvalsdeildinni með öllum fimm félögunum sem hann hefur leikið með í efstu deild.



**Eiður Smári Guðjohnsen varð enskur meistari með Chelsea vorið 2006 en hélt síðan til Barcelona á Spáni.**

## HEIÐAR HELGUSON



Heiðar snýr núna aftur í úrvalsdeildina eftir þriggja ára fjarveru. Hann hefur leikið alls 80 leiki með þremur liðum í úrvalsdeildinni og skorað 19 mörk (Watford 16/6, Fulham 57/11 og Bolton 7/2). Heiðar hefur skorað tíu mörk með hægri, þrjú með vinstri og sex með skalla.

## GRÉTAR RAFN STEINSSON



Siglfirðingurinn Grétar Rafn kom til Bolton frá AZ Alkmaar í Hollandi í janúar 2008 fyrir £3,5m. Hann hefur leikið 103 deildarleiki fyrir Bolton (þar af 101 í byrjunarliði) og skorað fjögur mörk (þrjú með hægri og eitt með skalla). Áður hafði Grétar leikið með Young Boys í Sviss.

## EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN



Eini Íslendingurinn sem hefur fagnað sigri í úrvalsdeildinni. Hann lék 186 deildarleiki með Chelsea (2000-2006) og skoraði 54 mörk. Hann lék 11 leiki með Tottenham og skoraði 1 mark (2009-10) og sl. vetur lék hann fjóra leiki með Stoke og tíu með Fulham en skoraði ekki.

## HERMANN HREIÐARSSON



Eyjamaðurinn sterki hefur leikið alls 332 úrvalsdeildarleiki með fimm félögum og skorað 14 mörk (Crystal Palace 30/2, Wimbledon 24/1, Ipswich Town 74/2, Charlton 132/3 og Portsmouth 72/6). Hermann hefur fallið úr úrvalsdeildinni með öllum fimm liðunum og er það met.

## JÓHANNES K. GUÐJÓNSSON



Hefur leikið með þremur liðum í úrvalsdeildinni, alls 32 leiki og skorað 2 mörk (Aston Villa 11/2, Wolves 11/0 og Burnley 10/0). Hann hefur einnig leikið með KA, ÍA, Racing Genk, MVV Maastricht, RCK Waalwijk, Real Betis, Leicester, AZ Alkmaar og Huddersfield.

## BRYNJAR B. GUNNARSSON



Lék tvö ár með Reading í úrvalsdeildinni. 2006-07 lék hann 23 leiki (tíu í byrjunarliði) og skoraði þrjú mörk. 2007-08 lék hann 20 leiki (18 í byrjunarliði) en náði ekki að skora. Hann hefur einnig leikið með KR, Vålerenga, Moss, Örgryte, Stoke, Nottingham Forest og Watford.

## ÍVAR INGIMARSSON



Hóf ferilinn með Súlunni á Stöðvarfirði en lék með Val og ÍBV áður en hann hélt til Englands haustið 1999. Hann lék með Torquay, Brentford og Wolves áður en hann gekk til liðs við Reading í október 2003. Hann lék 72 leiki í úrvalsdeild (2006-08) og skoraði fjögur mörk.

## ARNAR GUNNLAUGSSON



Arnar lék alls 45 leiki í úrvalsdeildinni en aðeins tólf í byrjunarliði. Hann skoraði þrjú mörk, öll fyrir Leicester tímabilið 2000-01. Lék 15 leiki með Bolton veturinn 1997-98 og 30 með Leicester á fjórum árum, 1998-2002. Var lánaður til Stoke og gekk svo til liðs við Dundee United.

## GUÐNI BERGSSON



Guðni gekk til liðs við Tottenham í desember 1988 og lék alls 72 leiki og skoraði tvö mörk fyrir félagið í efstu deild. Þar af voru aðeins fimm leikir eftir að úrvalsdeildin var stofnuð. Hann lék í fjögur tímabil með Bolton í úrvalsdeildinni, alls 130 leiki og skoraði í þeim átta mörk.

## ÞÓRÐUR GUÐJÓNSSON



Þórður kom sem lánsmaður til Derby County frá Las Palmas á Spáni í mars 2001 og tók þátt í tíu leikjum en byrjaði bara inn á í tveimur þeirra. Hann skoraði eitt mark, gegn West Ham. Það var eina mark liðsins í 1-3 tapi en meðal markaskorara West Ham voru Joe Cole og Frank Lampard.

## JÓHANN B. GUÐMUNDSSON



Jóhann Birnir átti mjög stuttan feril í úrvalsdeildinni. Hann tók þátt í níu leikjum með Watford tímabilið 1999-2000, þar af var hann aðeins í byrjunarliði í einum leik. Hann lék alls 22 deildarleiki fyrir Watford og skoraði tvö mörk. Var einnig lánaður til Cambridge og lék þar þrjá leiki.

## LÁRUS ORRI SIGURÐSSON



Lárus Orri lék 200 deildarleiki með Stoke í neðri deildum á árunum 1994-1999. Gekk til liðs við WBA sumarið 1999 og vann sig upp í úrvalsdeildina með liðinu tveimur árum síðar. Lék alls 29 leiki í úrvalsdeildinni en félagið féll úr deildinni. Hann lék alls 116 deildarleiki með WBA.

## ÞORVALDUR ÖRLYGSSON



Brian Clough fékk Þorvald til Nottingham Forest eftir að hann varð Íslandsmeistari með KA haustið 1989. Hann lék alls 37 deildarleiki með Forest og skoraði tvö mörk en gekk til liðs við Stoke eftir að Forest féll úr úrvalsdeildinni vorið 1993. Lék einnig með Oldham í neðri deildum.

## SIGURÐUR JÓNSSON



Siggi Jóns gekk til liðs við Sheffield Wednesday í febrúar 1985. Hann lék alls 67 deildarleiki með liðinu og skoraði fimm mörk. Arsenal borgaði £475,000 fyrir hann sumarið 1989 en Siggi lék aðeins átta deildarleiki og skoraði 1 mark með Arsenal, þar af tvo leiki er félagið varð meistari 1991.

## ALBERT GUÐMUNDSSON



Albert Guðmundsson kom til Arsenal frá Glasgow Rangers árið 1946 en fékk ekki atvinnuleyfi og var því skráður sem áhugamaður. Hann lék tvo deildarleiki í nóvember 1946, gegn Stoke og Chelsea. Lék síðar með Nancy, AC Milan, Racing Club de Paris og Nice.

## HJÖRVAR HAFLIÐASON OG GUÐMUNDUR BENEDIKTSSON VELJA FJÓRA LEIKMENN SEM ÁHORFENDUR ÆTTU AÐ FYLGJAST MEÐ Í VETUR





### Luis Suarez (Liverpool)

„Breytti liði Liverpool eftir að hann mætti í fyrra en skoraði of lítið. Hann mun bæta úr því á þessari leiktíð.“



### Sergio Agüero (Man. City.)

„Argentínski töframaðurinn á eftir að skemmta áhorfendum enska boltans í allan vetur og gæti verið maðurinn sem tryggir City titilinn.“



### Wayne Rooney (Man. Utd.)

„Síðasta ár var sérstakt hjá Rooney. Vildi fara en hætti við. Nú er hann einbeittur og verður væntanlega frábær.“



### Romelu Lukaku (Chelsea)

„Tröllabarnið frá Belgíu. Og já hann er jafngamall og hann segist vera. Stór og stæðilegur. Hrárri og nýrri útgáfan af Didier Drogba.“

HEILÖG STUND EFTIR HVERJA UMFERÐ Á STÖÐ 2 SPORT 2

# Sunnudagsmessan

Sunnudagsmessan hefst skömmu eftir að flautað verður til leiksloka í síðasta sunnudagsleiknum.

Þar stendur tvíeykið vinsæla, Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason, vaktina ásamt vel völdum sparksperkingum og saman skoða þeir mörkin, öll umdeildu atvikin og allt annað sem tengist leikjum helgarinnar.

„Þátturinn verður með svipuðu sniði og hann var síðastliðinn vetur en auðvitað verðum við einnig með skemmtilegar nýjungar,“ segir Guðmundur.

Strákarnir munu meðal annars taka þátt í Fantasy League (www.fantasy.premierleague.com) sem er skemmtilegur leikur sem getur aukið áhuga og ánægju þeirra sem fylgjast með boltanum og þúsundir Íslendinga eru skráðir til leiks.

DRAUMALIÐSKEPPNI Í SUNNUDAGSMESSUNNI




Dæmi um lið í Draumadeildinni. Skráðu þig til leiks á: www.fantasy.premierleague.com

*Gummi Ben og Hjörvar taka þátt í draumadeild ensku úrvalsdeildarinnar í vetur en hvernig fer þessi skemmtilegi leikur fram.*

**Hér eru helstu reglurnar:**

- **Hver leikmaður fær 100 milljónir punda til að byggja upp lið sitt.**
- **Hvert lið er með fjóra varamenn.**
- **Má aðeins velja þrjá leikmenn frá hverju félagi í ensku úrvalsdeildinni**
- **Ein félagsskipti leyfð í hverri umferð.**
- **Stig leikmanna eru reiknuð út frá frammistöðu þeirra í leikjum.**

ÞRAUTREYNDIR ÍÞRÓTTAFRÉTTAMENN LÝSA LEIKJUNUM Á STÖÐ 2 SPORT 2

# United 3 - City 1

Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 búa yfir mikilli reynslu og þekkingu á enska boltanum og munu miðla henni til áhorfenda eins og þeim einum er lagið í lýsingum leikja. En hvernig spá þeir fyrir um gengi liðanna í vetur?

Guðjón Guðmundsson, Arnar Björnsson og Hörður Magnússon eru sammála um að Manchester United verði meistari enn eina ferðina. „United er með frábæran heimavöll og þar fá þeir rúmlega 50 stig,“ segir Arnar og Hörður tekur í sama streng. „Ég get ekki séð annað lið vinna deildina. United þarf reyndar að sýna betri fótbolta en á síðustu leiktíð til að vinna núna,“ segir Hörður. „Ferguson er enn og aftur með réttu blönduna,“ bætir Guðjón við.

Guðmundur Benediktsson telur hins vegar að það sé komið að Manchester City að vinna deildina. „City er komið með gríðarlega sterkan hóp sem mun duga félaginu til sigurs,“ segir Gummi.

Allir eru þeir sammála um að Chelsea, Liverpool, Arsenal og Tottenham blandi sér í toppbaráttuna, nema Arnar sem býst við að Everton nái einu af sex efstu sætunum á kostnað Tottenham.

### HVERJIR FALLA?

Guðjón er sannfærður um að öll þrjú liðin sem komu upp í vor, QPR, Norwich og Swansea fari niður aftur en Arnar heldur að þau haldi sér öll í deildinni en Wigan, Wolves, Fulham og Bolton verði í vandræðum. Gummi telur að Wigan, Norwich og Fulham falli en Hörður að Blackburn og Swansea fylgi Wigan niður.



## SPÁ ÍÞRÓTTAFRÉTTAMANNA STÖÐVAR 2

| Sæti | Arnar | Guðmundur | Hörður | Guðjón |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Man. Utd. | Man. City | Man. Utd | Man. Utd. |
| 2 | Chelsea | Man. Utd. | Chelsea | Man. City |
| 3 | Liverpool | Chelsea | Man. City | Liverpool |
| 4 | Man. City | Liverpool | Liverpool | Chelsea |
| 5 | Arsenal | Arsenal | Arsenal | Arsenal |
| 6 | Everton | Tottenham | Tottenham | Tottenham |
| **Liðin sem falla:** | | | | |
| | Fulham/Bolton | Wigan | Wigan | Norwich |
| | Wolves | Norwich | Swansea | Swansea |
| | Wigan | Fulham | Blackburn | QPR |
| **Leikmaður til að fylgjast með:** | | | | |
| | Scott Sinclair, Swansea | David Silva, Man. City | Luis Suarez, Liverpool | Luis Suarez, Liverpool |


### ● ALDREI FLEIRI LEIKIR Í HÁSKERPU

SPORT 2 HD

Áskrifendur að Stöð 2 Sport 2 geta séð alla aðalleikina í ensku úrvalsdeildinni í vetur í háskerpu ef þeir eru með háskerpumyndlykil á heimilinu. Allir úrvalsdeildarleikir sem sýndir eru á aðalrásinni, Stöð 2 Sport 2, eru einnig sýndir í háskerpu en ekki leikirnir á hliðarrásum. Auk þess eru stórleikirnir í Meistaradeildinni og spænska boltanum á Stöð 2 Sport sýndir í háskerpu og geta áhorfendur notið þess að sjá boltann í bestu mögulegum myndgæðum.




**● SELJA ÁSKRIFTARKORT ALLAN SÓLARHRINGINN** Í verslunum 10-11 er hægt að kaupa áskriftarkort að Stöð 2, Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2. Með áskriftarkortinu er hægt að virkja áskrift hvenær sem hentar á vefsíðunni stod2.is. Hægt er að kaupa mánaðar eða þriggja mánaða áskrift. Áskriftarkortin eru vinsæl og fást nú í öllum verslunum 10-11 allan sólarhringinn.





● **PAJTIM KASAMI** Það kom mörgum á óvart í sumar þegar Fulham borgaði fjórar milljónir punda fyrir Pajtim Kasami, 19 ára strák frá Udinese á Ítalíu. Þetta er efnilegur tengiliður sem er fæddur í Makedóníu en er af albönskum uppruna, uppalinn í Sviss og lék með svissneska U21 landsliðinu á Evrópumótinu í Danmörku í sumar. Hann var reyndar varamaður í öllum leikjunum en kom inn á í úrslitaleiknum gegn Spánverjum.

Pajtim hefur áður reynt fyrir sér hjá ensku liði en hann var á mála hjá Liverpool í skammantíma árið 2008. Hann fór síðan til Lazio á Ítalíu en fékk ekki tækifæri. Gerði samning við Bellinzona í Sviss í desember 2910, var seldur sl. sumar til Udinese og er nú kominn í enska boltann eftir aðeins 14 deildarleiki á Ítalíu.

**LIVERPOOL OG MANCHESTER UNITED KEYPTU KANTMENN FRÁ ASTON VILLA**





# Hvor er betri?

Manchester United og Liverpool leituðu bæði til Aston Villa eftir kantmönnum til að leggja upp mörk fyrir framherjana í vetur.

**TÖLFRÆÐI FYRIR 2010-11**

| Downing | | Young |
|---|---|---|
| (Liverpool) | | (Man. Utd) |
| 38 | leikir | 34 |
| 7 | mörk | 7 |
| 7 | stoðsendingar | 10 |
| 26 | skot sem hitta á mark | 34 |
| 62 | skot alls | 71 |
| 78 | sköpuð færi | 68 |
| 1487 | sendingar alls | 1141 |
| 1074 | heppnaðar sendingar | 741 |
| 28 | heppnaðar tæklingar | 20 |
| 10 | misheppnaðar tæklingar | 10 |

Liverpool borgaði 20 milljónir punda fyrir Stewart Downing og United borgaði 16 milljónir punda fyrir Ashley Young. En hvort liðið gerði betri kaup?

Það er gaman að bera þá saman út frá tölfræði síðasta vetrar með Aston Villa þar sem Young spilaði oftast í frjálsri stöðu fyrir aftan fremsta mann á meðan Downing var á vinstri kantinum.

Alls hefur Young lagt upp 82 mörk í 177 leikjum í úrvalsdeildinni eða 0,46 mörk í leik. Downing hefur lagt upp 65 mörk í 244 leikjum eða 0,26 í leik.

**STEWART DOWNING**

**Fullt nafn:** Stewart Downing
**Fæddur:** 22. júlí 1984 (27 ára)
**Staða á velli:** Vinstri kantmaður
**Verð:** £20.000.000 frá Aston Villa
**Ferill:**

| | | |
|---|---|---|
| 2001–2009 | Middlesbrough | 181/17 |
| 2003 | Sunderland (láni) | 7/3 |
| 2009–2011 | Aston Villa | 63/9 |
| **Landsleikir:** | England | 27/0 |

**ASHLEY YOUNG**

**Fullt nafn:** Ashley Simon Young
**Fæddur:** 9. júlí 1985 (26 ára)
**Staða á velli:** Vinstri kantmaður
**Verð:** £16.000.000 frá Aston Villa
**Ferill:**

| | | |
|---|---|---|
| 2003–2007 | Watford | 98/19 |
| 2007–2011 | Aston Villa | 157/30 |
| **Landsleikir:** | England | 15/2 |

Liverpool og Manchester United mætast á Anfield laugardaginn 15. október í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport

# Tveir góðir





Bæði Manchester United og Arsenal tefla fram ungum og efnilegum markvörðum. United keypti Spánverjann David de Gea frá Atlético Madrid í sumar fyrir 17,8 milljón pund og Pólverjinn Wojciech Szczesny var orðinn fastamaður í liði Arsenal undir lok síðasta tímabils. Margir hafa efasemdir um að þeir séu tilbúnir í slaginn með stórliðum en Petr Cech var aðeins 22 ára þegar hann kom til Chelsea.

**UNGIR OG EFNILEGIR MARKVERÐIR**

| De Gea | | Szczesny |
|---|---|---|
| (Man. Utd) | | (Arsenal) |
| 20 ára | aldur | 21 árs |
| 07.11.90 | fæddur | 18.04.90 |
| 193 sm | hæð | 196 sm |
| 82 kg | þyngd | 75 kg |

# Mörkin beint í símann



**Áskrifendur að 3G hjá Símanum þurfa ekki óttast að verða af einu einasta marki í enska boltanum. Með því að sækja um sérstaka þjónustu á M-inu, vefsíðu Símans, geta áskrifendur fengið myndbrot með mörkunum send í símann aðeins tíu mínútum eftir að þau gerast á rauntíma og verða mörkin aðgengileg í viku eftir hverja umferð. Þetta á einnig við um alla helstu viðburði leikjanna. Vefsíða Símans er á slóðinni www.m.siminn.is.**



# Grófasti leikmaðurinn

Kevin Davies, framherji Bolton, er grófasti leikmaðurinn í ensku úrvalsdeildinni. Hann hefur brotið oftar af sér en nokkur annar síðan byrjað var að telja allar aukaspyrnur tímabilið 2000-2001.

Alls hefur verið dæmd 881 aukaspyrna á Davies, sem setti met þegar dæmdar voru 110 aukaspyrnur á hann tímabilið 2008-2009. Hann bætti síðan eigið met á síðasta tímabili með 115 brotum.

Davies er greinilega ekkert lamb að leika sér við og kann best við sig í mikilli baráttu en það er einnig oft brotið á honum. Skyldi hann ná að bæta metið enn einu sinni í vetur?









**Ryan Joseph Giggs lék fyrst með aðalliði Manchester United gegn Everton í mars 1991. Hann hefur nú tekið þátt í 21 keppnistímabili með United og ávallt skorað.**

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Setur met í hverjum leik

Ryan Giggs hefur leikið lengur en nokkur annar í ensku deildinni, eða alls 613 leiki og skorað 110 mörk. Þar af eru 573 leikir og 105 mörk frá því að úrvalsdeildin var stofnuð árið 1992. Í þessum 573 leikjum hefur hann lagt upp 267 mörk og er það met. Næstur kemur Frank Lampard með 161 stoðsendingu í 492 leikjum. Giggs hefur 368 sinnum verið í sigurliði í úrvalsdeildinni, gert 127 jafntefli og tapað í 78 leikjum. Þeir sem hafa oftast verið með honum í liðinu eru Paul Scholes 337 sinnum og Gary Neville 297 sinnum.

# Framtíðin er björt

**Jack Wilshere kom inn í lið Arsenal aðeins 18 ára síðastliðinn vetur og sló rækilega í gegn. Hann var valinn efnilegasti leikmaður úrvalsdeildarinnar og vann sér sæti í enska landsliðinu. Hver verður næsta stórstjarna?**

Manchester United er með öflugt vara- og unglingalið og þar á bæ er búist við miklu af Ravel Morrison, sem er hálfgerður vandræðaunglingur og hefur komist í kast við lögin. Franski miðjumaðurinn Paul Pogba er einnig mjög efnilegur og fékk sitt fyrsta tækifæri í kveðjuleik Paul Scholes fyrir skömmu.

Liverpool bindur miklar vonir við kantmanninn Raheem Sterling sem liðið fékk frá QPR en hann hefur fengið tækifæri með liðinu á undirbúningstímabilinu þótt hann sé aðeins 16 ára. Conor Coady er einnig leikmaður sem gæti orðið leiðtogi liðsins í framtíðinni.

Arsenal hefur fjárfest í ungum leikmönnum á undanförnum árum og borgaði í sumar 11 milljón pund fyrir Alex Oxlade-Chamberlain, lipran kantmann frá Southampton. Hann er sonur Marks Chamberlain, fyrrum kantmanns Stoke og enska landsliðsins.




**Alex Oxlade-Chamberlain**
Arsenal
17 ára (f: 15.8.93)
Kantmaður
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL. TAL 3D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 2D ÍSL. TAL | KL. 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 5.40 | L |
| THE SMURFS 2D ENSKA | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 8 - 10.35 | 14 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 8 - 10.35 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 6 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 8 | 12 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 6 - 10.15 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

# Witherspoon í tískuna

Sænska verslanakeðjan Lindex, sem er á leið hingað til landsins í nóvember, var að frumsýna nýtt andlit keðjunnar og það er engin önnur en Hollywood-leikkonan Reese Witherspoon sem gegnir því hlutverki.

Witherspoon hefur fjórum sinnum komist inn á lista yfir fallegustu konur heims hjá People Magazine en hún auglýsir nýja haust- og vetrarlínu fataframleiðandans.

Íslenska útibú Lindex opnar í Smáralind um miðjan nóvember og geta kaupglaðir Íslendingar þá keypt fatnaðinn sem Witherspoon skartar í auglýsingunum.



**ANDLIT LINDEX** Leikkonan Reese Witherspoon auglýsir nýja haust-og vetrarlínu Lindex.

# Justin Bieber hegðar sér eins og fífl um allan heim

**Fréttir af látum í kanadíska hjartaknúsaranum Justin Bieber berast reglulega og virðast koma úr mörgum heimsálfum. Bieber blæs á kjaftasögurnar.**

„Hann var mjög erfiður í fluginu. Áhöfnin trúði ekki sínum eigin augum," segir heimildarmaður Fox-fréttastofunnar í Bandaríkjunum um söngvarann Justin Bieber.

Bieber flaug á dögunum frá Los Angeles til Asíu og neitaði að hlýða skipunum áhafnarinnar þegar hann var beðinn um að setjast niður og spenna beltin í flugtak. Flugstjórinn kynnti sig fyrir Bieber þegar líða tók á flugið og bað hann um eiginhandaráritun, en kanadíski söngvarinn hafnaði beiðninni með dónaskap.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem fréttir berast af leiðindahegðun Justins Bieber. Fyrir þremur mánuðum tók hann að sér gestahlutverk í glæpaþáttunum CSI. Marg Helgenberger, leikkona í þáttunum, sagði í samtali við franska útvarpsstöð að Bieber hefði hagað sér eins og fífl allan tímann. Hann læsti framleiðanda inni í skáp og kýldi í gegnum köku sem var í boði fyrir starfsfólk.

Nokkrum vikum síðar sagði ástralskur spjallþáttastjórnandi að Bieber hefði brjálast við tökur á þættinum og meðal annars öskrað á sviðsstjóra: „Ekki snerta mig aftur, andskotinn hafi það!"

Bieber heldur ró sinni þrátt fyrir fréttaflutning af meintum hálfvitaskap. „Fólk ætti ekki að trúa öllu sem það heyrir," sagði Bieber í samtali við fréttamiðilinn TMZ í vikunni. „Ég á líka að vera dáinn í dag, sá orðrómur er á kreiki."

atlifannar@frettabladid.is



**ALGJÖRT FÍFL?** Justin Bieber var með læti í flugvél á dögunum. Ekki trúa öllu sem þið heyrið, segir Bieber.

# Skilnaðurinn var algjör sprengja

Elsta dóttir leikarans Arnolds Schwarzenegger, Katherine, talar í fyrsta sinn út um skilnað foreldra sinna í viðtali við blaðið Harper´s Bazaar. Faðir hennar og móðir, Maria Shriver, skildu í byrjun þessa árs þegar upp komst um framhjáhald hans og síðar barn sem hann eignaðist utan hjónabands. Skilnaðurinn vakti heimsathygli og segir Katherine fréttirnar hafi komið eins og sprengja inn á heimilið.

„Foreldrar mínir hafa ávallt verið góð í að halda okkur systkinunum fyrir utan sviðsljósið. Þegar þetta kom upp var of mikil athygli í einu. Eitt sinn var ég úti að borða og allt í einu komu 20 manneskjur hlaupandi að mér með spurningar í von um að ég segði eitthvað dónalegt í garð pabba."

Katherine segist vera meiri mömmustelpa en pabba og tali við hana sex sinnum á dag. „Við pabbi eigum ágætis samband í dag en ég verð alltaf meiri mömmustelpa."



**MÖMMUSTELPA** Katherine Schwarzenegger, elsta dóttir Arnolds Schwarzenegger, segir að skilnaður foreldra sinna hafi komið eins og sprengja inn á heimilið. NORDICPHOTO/GETTY

BÍÓ ★ PARADÍS Sjá sýningartíma á midi.is og bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

# ÍSDAGUR KJÖRÍS 13. ÁGÚST 2011

## Velkomin á Ísdag Kjörís laugardaginn 13. Ágúst kl. 2011

**Fullt af ólíkindabrögðum svo sem Pizzaís, Bernaisesósuís, Sláturís, Hverarúgbrauðsís, Rósaís og margt fleira spennandi ásamt öllum hinum góðu ísunum.**

**Lifandi tónlist á sviði:**

## Ingó, Latibær og fleiri...

**Hoppukastali, líf og fjör.**

**Verið velkomin**

Kjörís



kjoris.is

# sport

sport@frettabladid.is



**HANNES ÞORSTEINN SIGURÐSSON** hefur spilað sinn síðasta leik með FH-ingum í Pepsi-deildinni þar sem hann hefur gengið frá samningi við rússneska liðið Spartak Nalchik fram að áramótum. Þetta kom fyrst fram á vefsíðunni fotbolti.net. Hannes heldur utan á laugardaginn en hann skoðaði aðstæður hjá rússneska liðinu fyrr í sumar. Spartak Nalchik lenti í 6. sæti rússnesku úrvalsdeildarinnar á síðustu leiktíð en situr í næstneðsta sæti deildarinnar í dag.

## ÚRSLITN Í GÆR

### *Pepsi-deild kvenna*

**Afturelding-Fylkir 1-1**
Lára Kristín Pedersen (63.) - Laufey Björnsd. (73.)

### *1. deild karla*

**Grótta-ÍR 4-1**
Andri Björn Sigurðsson 4 - Jón Gísli Ström.

**KA-Þróttur R. 4-1**
1-0 Haukur Heiðar Hauksson (32.), 2-0 Haukur (43.), 3-0 Guðmundur Óli Steingrímss. (74.), 3-1 Sveinbjörn Jónass. (78.), 4-1 Dan Howell (90.).

**HK-Selfoss 0-0**

**Leiknir R.-Víkingur Ó. 2-3**
0-1 Guðmundur Magnússon, 1-1 Ólafur Hrannar Kristjánsson, 2-1 Þórir Guðjónsson, víti, 2-2 Guðmundur, 2-3 Artjoms Goncars, víti.

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍA** | **15** | **14** | **1** | **0** | **42-6** | **43** |
| Selfoss | 16 | 10 | 2 | 4 | 31-14 | 32 |
| **Haukar** | **16** | **7** | **4** | **5** | **21-17** | **25** |
| Fjölnir | 16 | 6 | 6 | 4 | 24-25 | 24 |
| **Þróttur R.** | **16** | **7** | **2** | **7** | **21-31** | **23** |
| Víkingur Ó. | 16 | 6 | 4 | 6 | 21-20 | 22 |
| **BÍ/Bolungarvík** | **15** | **6** | **4** | **5** | **19-24** | **22** |
| KA | 16 | 6 | 2 | 8 | 21-27 | 20 |
| **Grótta** | **16** | **4** | **6** | **6** | **14-20** | **18** |
| ÍR | 16 | 4 | 3 | 9 | 19-30 | 15 |
| **Leiknir R.** | **16** | **3** | **4** | **9** | **22-24** | **13** |
| HK | 16 | 0 | 6 | 10 | 14-31 | 6 |

* **Skagamenn** vantar bara eitt stig til að komast upp í Pepsi-deildina og þeir taka á móti BÍ/Bolungarvík á Akranesi í kvöld.

### Flestar stoðsendingar:

**Þessir hafa lagt upp flest mörk í Pepsi-deild karla til þessa í sumar:**

| | |
|---|---|
| Guðmundur Steinarsson, Keflavík | 7 |
| Rafn Andri Haraldsson, Breiðabliki | 6 |
| Bjarni Guðjónsson, KR | 6 |
| Viktor Örn Guðmundsson, FH | 5 |
| Ólafur Páll Snorrason, FH | 5 |
| Gunnar Már Guðmundsson, Þór Ak. | 5 |
| Atli Sigurjónsson, Þór Ak. | 5 |

# Guðmundur leggur flest upp

**Guðmundur Steinarsson hefur ekki skoraði í 805 mínútur í Pepsi-deildinni en hefur á sama tíma tekið forystuna á listanum yfir þá sem hafa átt flestar stoðsendingar. Guðmundur ætlar að bæta tvö félagsmet í næsta leik Keflavíkur.**

**FÓTBOLTI** Keflvíkingurinn Guðmundur Steinarsson er sá leikmaður í Pepsi-deild karla sem hefur gefið flestar stoðsendingar í sumar. Guðmundur hefur gefið sjö stoðsendingar eða einni fleiri en Blikinn Rafn Andri Haraldsson og KR-ingurinn Bjarni Guðjónsson.

„Þetta hefur verið mitt hlutskipti í sumar. Þegar maður er einn uppi á toppnum þá opnast kannski fyrir aðra að stinga sér í gegn og það hefur heppnast að finna þessa stráka sem eru duglegir að hlaupa í gegnum varnirnar hjá mótherjunum,“ segir Guðmundur.

„Þeir sem eru frammi eru oftast dæmdir af mörkunum en þegar menn eru einir upp á topp þá er meiri áhersla lögð á að stoppa þá. Aðrir leikmenn gleymast kannski í staðinn og það er það sem hefur gerst í okkar mörkum,“ sagði Guðmundur en hann hefur þó aðeins náð að skora tvö mörk sjálfur. Það eru nú liðnar 805 leikmínútur síðan hann skoraði og jafnaði markamet föður síns Steinars Jóhannssonar. „Eigum við ekki að segja að það sé ríkjandi samkomulag á heimilinu um að við ætlum bara að deila þessu meti,“ sagði Guðmundur léttur.



**GUÐMUNDUR STEINARSSON** Tvö mörk og sjö stoðsendingar. FRÉTTABLÐAIÐ/STEFÁN

„Það er spennandi leikur fyrir mig á mánudaginn. Ég jafnaði leikjametið í síðasta leik og er því búinn að jafna metið á báðum vígstöðum. Ef ég skora í næsta leik þá tek ég tvö fyrir eitt. Það gæti verið spennandi að taka þessi met í sama leiknum, það myndi gefa þessu eitthvað auka og yrði því eftirminnilegra fyrir vikið,“ sagði Guðmundur sem á nú leikjametið með Sigurði Björgvinssyni og markametið með föður sínum.

„Ég fer inn í alla leiki til að reyna að koma mér í færi og skora. Það tekst misjafnlega. Ég mun reyna gera allt til þess að skora í næsta leik þar sem að leikurinn hefur meiri þýðingu og er á heimavelli,“ segir Guðmundur. Hann er ánægður með hversu honum hefur gengið vel að leggja upp mörk í sumar.

„Það hafa verið nokkrar fínar hjá mér í sumar. Það virðist vera lagt eitthvað kapp á það að reyna að loka á mann en ég virðist vera eitthvað fljótari en ég lít út fyrir að vera,“ segir Guðmundur hlæjandi.

„Það hafa margir leikmenn verið mjög góðir í að leggja upp mörk og nafni minn Benediktsson var algjör sérfræðingur í þessu. Ég viðurkenni það að maður hefur aðeins horft til hans í gegnum tíðina og fylgst með honum hvernig hans leikur var. Mér fannst hann algjör snillingur í þessu,“ segir Guðmundur. Guðmundur lagði upp sjö mörk í fyrrasumar og er því búinn að jafna það en persónulega metið hans er frá 2008 þegar hann átti níu stoðsendingar. ooj@frettabladid.is



**ÓÐINN BJÖRN ÞORSTEINSSON** FH reynir að ná bikarnum af ÍR. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bikarkeppnin í frjálsum:

# ÍR og FH talin sigurstrangleg

**FRJÁLSAR** Bikarkeppni Frjálsíþróttasambands Íslands hefst á Kópavogsvelli klukkan 18 í dag. Sex lið eru skráð til keppni. Ármann/Fjölnir, Breiðablik, FH, HSK, ÍR og Norðurland.

ÍR og FH eru talin líklegust til afreka. ÍR-liðið hefur unnið bikarinn undanfarin tvö ár og á titil að verja. Í fyrra sigruðu Breiðhyltingar í sameiginlegu keppninni og kvennakeppninni en FH hafði betur í karlakeppninni.

Nokkuð er um forföll í báðum liðum. Landsliðskonur vantar í lið ÍR en hjá FH-ingum glímir Bergur Ingi Pétursson sleggjukastari við meiðsli og verður ekki með. Helga Margrét Þorsteinsdóttir úr Ármanni verður heldur ekki með vegna meiðsla.

Að öðru leyti mætir fremsta frjálsíþróttafólk landsins til leiks en Ásdís Hjálmsdóttir mun ekki geta beitt sér að fullu á mótinu vegna meiðsla. - ktd




# Á VIRKILEGA EKKI AÐ TAKA Í TAUMANA?

**Staða íslenska landsliðsins versnar enn eftir neyðarlegt 4-0 tap gegn Ungverjum í vikunni. KSÍ verður að grípa til aðgerða strax og hefja endurreisnarstarf. Ímynd A-landsliðs karla er í molum.**

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu er orðið að aðhlátursefni. Liðið hefur ekki unnið leik í 441 dag, síðan í maí á síðasta ári, og hvorki meira né minna en 1.032 dagar eru síðan A-landslið Íslands í knattspyrnu vann mótsleik. Það fer að nálgast heil þrjú ár. Liðið hefur ekki einu sinni skorað mark á árinu 2011.

Hafi botninum ekki enn verið náð, sökk liðið ansi nálægt honum í fyrrakvöld þegar liðið steinlá fyrir Ungverjalandi, 4-0, í Búdapest. Það var vináttulandsleikur – fyrsti og líklega eini æfingaleikur ársins 2011.

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari er nú á sínu fjórða ári í starfinu. Fyrstu þrjú árin lék liðið samtals átján æfingaleiki en aðeins einn í ár.

Hverju sætir? Af hverju finnur íslenska liðið enga andstæðinga til að spila við? Ástæðan hlýtur að vera sú að knattspyrnulandsliðið er í ruslflokki. Það er dottið niður í 121. sæti styrkleikalista FIFA og komið í neðsta styrkleikaflokk í Evrópu. Í guðanna bænum, við erum fyrir neðan Færeyjar og Liechtenstein á listanum – með fullri virðingu fyrir þeim þjóðum. Það er með öllu óásættanlegt.

Þegar næsti listi kemur út, 24. ágúst, mun Ísland falla enn neðar á listanum ef allt er eðlilegt. Ísland mun sökkva dýpra en nokkru sinni fyrr.

Ástæðan fyrir því að Ólafur Jóhannesson er enn í starfi landsliðsþjálfara hlýtur að vera sú að hingað til hefur liðið sýnt inn á milli ágæta spilamennsku. Mér er þó til efs að það hafi náð að setja saman nokkuð heilsteyptar 90 mínútur í einum og sama leiknum. En forráðamönnum KSÍ hefur greinilega þótt liðið lofa nægilega góðu til að gefa Ólafi tíma og svigrúm til að byggja upp sitt lið.

Leikurinn í Búdapest sýndi þó að þeim tíma var sóað. Liðið sýndi engar framfarir og það var ekkert í leik liðsins sem benti til þess að eitthvað betra væri handan við hornið. Þetta var klaufaleg, vandræðaleg, tilviljanakennd og um fram allt léleg frammistaða liðsins í heild sinni. Og það er þjálfarinn sem ber ábyrgð á frammistöðu liðsins.

En þjálfarinn ber ekki einn ábyrgð á liðinu. Það er langt síðan það mátti vera öllum ljóst að hann einn ber ekki ábyrgð á stöðu liðsins á heimsvísu í dag. Knattspyrnuforystunni ber að taka í taumana og reyna að bjarga því sem bjargað verður. Miðað við hvað við eigum marga unga og góða knattspyrnumenn verður að sjá til þess að þeirra bíði viðunandi umgjörð þegar þeir koma heim til að klæðast bláa búningnum. Ímynd liðsins er í molum, eins og sést á því hversu dræm aðsóknin hefur verið á leiki þess hér heima, og uppbyggingin verður að hefjast strax.

Ísland á nú þrjá leiki eftir í undankeppni EM 2012 en eftir hana rennur samningur Ólafs við KSÍ út. Formaður KSÍ hefur marglýst því yfir að Ólafur fái að klára sinn samning en leikurinn í Búdapest sýndi að það er löngu orðið tímabært að taka í taumana, þótt ekki væri nema til þess að sýna einhverja smá viðleitni til að bjarga andliti íslenskrar knattspyrnu.



**KNÉSETTIR** Íslenska karlalandsliðið er í frjálsu falli. Hér er fyrirliðinn Hermann Hreiðarsson í leiknum gegn Dönum í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## UTAN VALLAR



Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@frettabladid.is

### Landsleikir Ólafs 2007-2011

Landsleikir í undankeppni eru í hástöfum.

| | |
|---|---|
| **2007** | |
| DANMÖRK (ÚTI, EM 2008) | 0-3 TAP |
| **2008** | |
| Hvíta-Rússland (vináttulandsleikur) | 0-2 tap |
| Malta (úti, vináttulandsleikur) | 0-1 tap |
| Armenía (vináttulandsleikur) | 2-0 sigur |
| Færeyjar (heima, vináttulandsleikur) | 3-0 sigur |
| Slóvakía (heima, vináttulandsleikur) | 2-1 sigur |
| Wales (heima, vináttulandsleikur) | 0-1 tap |
| Aserbaídsjan (heima, vináttulandsleikur) | 1-1 jafntefli |
| NOREGUR (ÚTI, HM 2010) | 2-2 JAFNTEFLI |
| SKOTLAND (HEIMA, HM 2010) | 1-2 TAP |
| HOLLAND (ÚTI, HM 2010) | 0-2 TAP |
| MAKEDÓNÍA (HEIMA, HM 2010) | 1-0 SIGUR |
| Malta (heima, vináttulandsleikur) | 1-0 sigur |
| **2009** | |
| Liechtenstein (vináttulandsleikur) | 2-0 sigur |
| Færeyjar (heima, vináttulandsleikur) | 1-2 tap |
| SKOTLAND (ÚTI, HM 2010) | 1-2 TAP |
| HOLLAND (HEIMA, HM 2010) | 1-2 TAP |
| MAKEDÓNÍA (ÚTI, HM 2010) | 0-2 TAP |
| Slóvakía (heima, vináttulandsleikur) | 1-1 jafntefli |
| NOREGUR (HEIMA, HM 2010) | 1-1 JAFNTEFLI |
| Georgía (heima, vináttulandsleikur) | 3-1 sigur |
| Suður-Afríka (heima, vináttulandsleikur) | 1-0 sigur |
| Írain (úti, vináttulandsleikur) | 0-1 tap |
| Lúxemborg (úti, vináttulandsleikur) | 1-1 jafntefli |
| **2010** | |
| Kýpur (úti, vináttulandsleikur) | 0-0 jafntefli |
| Færeyjar (heima, vináttulandsleikur) | 2-0 sigur |
| Mexíkó (vináttulandsleikur) | 0-0 jafntefli |
| Andorra (heima, vináttulandsleikur) | 4-0 sigur |
| Liechtenstein (heima, vináttulandsleikur) | 1-1 jafntefli |
| NOREGUR (HEIMA, EM 2012) | 1-2 TAP |
| DANMÖRK (ÚTI, EM 2012) | 0-1 TAP |
| PORTÚGAL(HEIMA, EM 2012) | 1-3 TAP |
| Ísrael (úti, vináttulandsleikur) | 2-3 tap |
| **2011** | |
| KÝPUR (ÚTI, EM 2012) | 0-0 JAFNTEFLI |
| DANMÖRK (HEIMA, EM 2012) | 0-2 TAP |
| Ungverjaland (úti, vináttulandsleikur) | 0-4 tap |




Þú ert búin(n) að skrá þig, er það ekki?

Skráningin er í fullum gangi á marathon.is. Vegalengdir við allra hæfi; heilt og hálft maraþon, 10 km hlaup, boðhlaup og svo Latabæjarhlaup fyrir börnin.

Boðhlaupið er skemmtilegra

Í boðhlaupi skipta 2–4 hlauparar milli sín heilu maraþoni. Skráðu þig og félaga þína núna á marathon.is.

Hlaupastyrkur – hlaupum til góðs

Þú getur látið gott af þér leiða með hlaupinu. Á hlaupastyrkur.is getur þú safnað áheitum til stuðnings góðgerðarfélagi að eigin vali með því að fá vini og vandamenn til að heita á þig.

23 ÁRA REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA 20. ÁGÚST 2011

Íslandsbanki

- Stoltur bakhjarl hlaupsins síðan 1997

## > Brittany Murphy

„Mér þætti gaman að vera karlmaður í einn dag, bara til að upplifa hvernig það er.“

***Brittany Murphy leikur í kvikmyndinni Love and Other Disasters, sem segir frá stúlku sem þrífst á því að hjálpa vinum sínum í ástarleit og er myndin sýnd á Stöð 2 kl. 21.55.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR NAGAR UPP Í KVIKU

# *Aftur á valdi vampíranna*

Fáar sjónvarpsseríur hafa náð öðrum eins tökum á mér og vampíruþættirnir True Blood. Ég get varla útskýrt af hverju. Ég er ekkert hrædd við vampírur né varúlfa dagsdaglega og yfirnáttúrulega hæfileika, eins og að breyta sér í dýralíki eða lesa hugsanir, tek ég ekki trúanlega. Ég sat þó sem steinrunnin í sófanum þegar fyrsta sería þáttanna rann í gegn og þorði varla að draga andann. Ég ætlaði alltaf að hætta að horfa. Ég fann að ég hafði ekki gott af þessu. Vampírurnar höfðu náð mér á sitt vald og ég sá nornir og vígtennur í hverju horni. Þegar mig var farið að dreyma illa og ég lá andvaka eftir hvern þátt leist mér ekki á blikuna. En ég gat



ekki slitið mig frá skjánum, missti ekki af þætti þar til fyrsta serían rann sitt skeið, og sú næsta.

Þá taldi ég mig lausa undan ægivaldi þáttanna, reglulegur svefn komst aftur á og martraðirnar hurfu. Nornirnar hurfu úr hornum og hversdagurinn féll í samt horf.

Ég var því allsendis óundirbúin þegar ég sá að þriðja serían er komin af stað, og það var eins og við manninn mælt. Við fyrstu tónana í upphafsstefi þáttanna spratt gæsahúðin fram, ég lamaðist í sófanum, þorði ekki að draga andann og sá útundan mér hreyfingu í hverju horni. Vampírurnar hafa náð mér aftur á sitt vald og svefnlausar nætur fram undan.

## RÚV

**15.50 Leiðarljós** (e)
**16.35 Leiðarljós** (e)
**17.20 Mörk vikunnar**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Litlu snillingarnir** (7:12)
**18.22 Pálína** (27:28)
**18.30 Galdrakrakkar** (31:47)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**

**19.40 Andri á flandri** (5:6) (Vesturland) Útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson fór á flakk um Ísland í sumar ásamt bolabítnum Tómasi á forláta húsbíl, Litla kút að nafni. Saman keyrðu vinirnir krókaleiðir kringum landið í leit að því skrýtna og skemmtilega.

**20.15 Í mat hjá mömmu** (6:6) (Friday Night Dinner) Bresk gamanþáttaröð um tvo bræður sem fara alltaf í mat til foreldra sinna á föstudagskvöldum.

**20.45 Einkastríð Erics** (Looking for Eric) Fótboltaóði bréfberinn Eric er að missa allt niður um sig en þá ræður spekingurinn Eric Cantona honum heilt. Leikstjóri er Ken Loach og meðal leikenda eru Steve Evets og Eric Cantona. Bresk bíómynd frá 2009.

**22.45 Barnaby ræður gátuna – Skallapopparar** (4:8) (Midsomer Murders) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi.

**00.25 Litríkt sumar** (Local Color) Bandarísk bíómynd frá 2006. Vinsæll myndlistarmaður rifjar upp góðar minningar frá sumrinu 1974 þegar hann mótaðist og þroskaðist í list sinni. (e)

**02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 30 Days Until I'm Famous**
**10.00 Sione's Wedding**
**12.00 Rails & Ties**
**14.00 30 Days Until I'm Famous**
**16.00 Sione's Wedding**
**18.00 Rails & Ties**
**20.00 Her Best Move**
**22.00 Changeling**
**00.20 Lions for Lambs**
**02.00 Prom Night**
**04.00 Changeling**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (9:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Life on Mars** (14:17)
**11.50 Making Over America With Trinny & Susannah** (6:7)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Get Smart**
**15.00 Auddi og Sveppi**
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (8:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**

**19.15 The Simpsons** (12:23) Tuttugasta og fyrsta þáttaröðin í þessum langlífasta gamanþætti bandarískrar sjónvarpssögu. Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur ef eitthvað er aldrei verið uppátektarsamari.

**19.40 So you think You Can Dance** (16:23)

**21.10 So you think You Can Dance** (17:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur áttunda sinn og hefur þátttakan aldrei verið meiri og aldrei fyrr hafi jafn margir hæfileikaríkir dansarar skráð sig. Þátttakendur eru líka skrautlegri en nokkru sinni. Að loknum prufunum er komið að niðurskurðarþætti í Las Vegas.

**21.55 Love and Other Disasters** Brittany Murphy leikur stelpu sem þrífst á að hjálpa vinum sínum að finna ástina.

**23.25 Criminal** Mögnuð spennumynd úr smiðju Steve Soderberghs sem byggð er á hinni margrómuðu argentísku mynd Níu drottningar. Myndin segir frá tveimur svikahröppum sem reyna að svíkja fé út úr gjaldeyrissala með því að selja honum sjaldgæfan gjaldmiðil sem ekki er til.

**00.50 Get Smart** Drepfyndin gamanmynd með Steve Carrell og Anne Hathaway byggð á samnefndum sjónvarpsþáttum um leynilögreglumanninn Maxwell Smart.

**02.35 Death Race**
**04.15 Shooting Gallery**
**05.55 The Simpsons** (12:23)

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**18.00 Pepsi-mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi-deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.

**19.10 Pæjumót TM** Sýnt frá Pæjumóti TM á Siglufirði þar sem knattspyrnustjörnur framtíðarinnar eru í aðalhlutverki. Það eru stelpur í 4., 5., 6. og 7. flokki sem keppa á Pæjumótinu og sýna snilldartilþrif. Umsjónarmaður þáttarins er Guðjón Guðmundsson.

**19.50 FH - KR** Útsending frá leik FH og KR í úrslitum VISA-bikars karla í knattspyrnu.

**22.05 Einvígið á Nesinu** Sýnt frá einvíginu á Nesinu þar sem flestir af bestu kylfingum landsins í karla- og kvennaflokki voru samankomnir.

**23.00 Box: Manny Pacquiao - Shane Mosley** Útsending frá hnefaleikabardaga í Las Vegas þar sem Manny Pacquiao og Shane Mosley berjast um heimsmeistaratignina í veltivigt.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.50 Season Highlights 2010/2011**

**18.45 Liverpool - Valencia** Útsending frá æfingaleik Liverpool og Valencia á Anfield Road.

**20.30 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.

**21.00 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Viðtöl við leikmenn og þjálfara og spáð í spilin fyrir leikina.

**21.30 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.

**22.00 Football Legends** Næstur í röðinni er hinn magnaði Raul, leikmaður Real Madrid á Spáni. Ferill Raul verður skoðaður og skyggnst verður á bak við tjöldin á ferli þessa magnaða leikmanns.

**22.25 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**22.55 Man. Utd. - Blackburn** Útsending frá leik Manchester United og Blackburn.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (18:28) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.35 Running Wilde** (10:13) (e)
**17.00 Happy Endings** (10:13) (e)
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 Life Unexpected** (13:13) (e)
**18.55 Real Hustle** (6:10) (e)
**19.20 America's Funniest Home Videos** (28:50)
**19.45 Will & Grace** (23:27)
**20.10 The Biggest Loser** (25:26)

**21.00 The Biggest Loser - LOKAÞÁTTUR** (26:26) Bandarísk raunveruleikasería um baráttu ólíkra einstaklinga við mittismálið í heimi skyndibita og ruslfæðis. Það er komið að lokaþætti The Biggest Loser. Allir keppendur sem tóku þátt fá tækifæri á að vinna 100.000 dollara. Einungis þeir þrír keppendur sem eftir eru, eiga möguleika á að næla í stóra vinningin, 250.000 dollara.

**21.45 The Bachelorette - NÝTT** (1:12) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð. Ali Fedotowsky valdi starfið sitt fram yfir ástina þegar hún hafnaði piparsveininum Jake Pavelka í síðustu þáttaröð af The Bachelor. Hún snýr nú aftur í leit að ást.

**23.15 Parks & Recreation** (14:22) (e)
**23.40 Law & Order: Los Angeles** (21:22) (e)
**00.25 The Bridge** (6:13) (e)
**01.10 Smash Cuts** (21:52)
**01.35 Last Comic Standing** (10:12) (e)
**02.35 Whose Line is it Anyway?** (31:42) (e)
**03.00 Real Housewives of Orange County** (9:15) (e)
**03.45 Million Dollar Listing** (8:9) (e)
**04.30 Will & Grace** (23:27) (e)
**04.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.00 PGA Championship 2011** (1:4)
**12.00 Golfing World**
**12.50 PGA Championship 2011** (1:4)
**17.10 Golfing World**
**18.00 PGA Championship 2011** (2:4)
**23.00 Golfing World**
**23.50 US Open 2009 - Official Film**
**00.50 ESPN America**

## STÖÐ 2 EXTRA

**19.35 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar.

**20.15 Chuck** (1:19) Chuck Bartowski er mættur í þriðja sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum. Chuck var ósköp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**

**21.45 The Closer** (3:15) Sjötta serían af þessum hörkuspennandi þætti sem er einn af allra vinsælustu þáttunum á kapalstöðvunum í Bandaríkjunum. Kyra Sedgwick hefur verið tilnefnd til Golden Globe-verðlauna sex ár í röð fyrir túlkun sína á yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnsons sem stöðugt þarf að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni.

**22.30 The Good Guys** (3:20) Nýir þættir sem bæði eru hlaðnir spennu og gríni um löggu af gamla skólanum, Jack, og nútímalega lögreglumanninn, Dan. Jack fer alltaf eftir bókinni og er af þeim sökum fastur í vonlausri stöðu hjá lögreglunni. Félagi hans, Dan, er bæði drykkfelldur og slóði en heldur starfi sínu hjá lögreglunni vegna hetjudáðar sem hann framdi mörgum árum áður.

**23.15 Sons of Anarchy** (3:13)
**00.00 Chuck** (1:19)
**00.45 The Doctors** (169:175)
**01.25 Fréttir Stöðvar 2**
**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Spjallþáttur um allt milli himins og jarðar.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin.

**21.00 Motoring** Stígur keppnis myndar þá sem stíga allt í botn.

**21.30 Kjúklingakræsingar** Kristján Þór Hlöðversson töfrar fram kjúklingarétti.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT SPORT SPORT SPORT

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.00
### So You Think You Can Dance

Fjörið heldur áfram í So You Think You Can Dance og núna eru tíu dansarar eftir. Þeir verða að standa sig í stykkinu eða eiga á hættu að vera sendir heim.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Foreldrahlutverkið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Og sólin rennur upp **15.25** Skrafað um meistara Þórberg **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Töfrateppið **20.00** Leynifélagið **20.30** Hringsól **21.30** Kvöldsagan: Ofvitinn **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**12.05** Keeping Up Appearances **12.35** Skavlan **13.25** Skavlan **14.15** Deal or No Deal **14.50** Deal or No Deal **15.25** Deal or No Deal **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** ‚Allo ‚Allo! **17.00** ‚Allo ‚Allo! **17.25** Fawlty Towers **18.00** Live at the Apollo **18.45** Live at the Apollo **19.30** Skavlan **19.55** Skavlan **20.50** Skavlan **21.40** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **22.25** Live at the Apollo **23.10** Live at the Apollo **23.55** Skavlan **00.50** Skavlan **01.40** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **02.25** Live at the Apollo

## DR 1

**10.10** Dyrehospitalet **10.40** Grøn glæde **11.10** Bag kulisserne i Zoo **11.40** OBS **11.45** Tall Ships Races - stort stævne i lille havn **12.00** Liv på balkonen **12.30** Uventet Besøg **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Klassen 2.b **14.15** Carsten og Gittes Vennevilla **14.30** Ernst **14.35** Dyk Olli dyk **14.50** Mægtige maskiner **15.00** Kærlighed i ukendt land **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** På optagelse med Livets planet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hit med Sangen

## NRK 1

**11.05** Toppidrettsveka **11.50** Andy Schleck. Min Tour **12.50** Glimt av Norge **13.00** Toppidrettsveka **15.00** Krøniken **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 90-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Norge rundt **17.55** Livet i tretoppene **18.45** 20 sporsmål **19.10** Toppidrettsveka **19.35** Kalde spor **21.15** Kveldsnytt **21.30** Friidrett **21.45** Canal Road **22.30** Martha Wainwright - i respekt for Edith Piaf **23.45** Country jukeboks m/chat **02.00** Dansefot jukeboks u/chat **05.10** Disneytimen

## svt1

**13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Det goda livet **14.55** Från Lark Rise till Candleford **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Minnenas television **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Hjalmar på Örebroadway **19.00** Mitt Afrika **21.35** Night of the Living Dead **23.00** Rapport **23.05** Cleo **23.35** Rapport **23.40** Förväntningar **00.10** Försvunna **00.40** Rapport **00.45** Jakten på världens mest dyrbara guldmynt **01.40** Rapport







512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



*„Ég kem mér í helgarstuð með laginu Sweat með hljómsveitinni Inner Circle.“*

Edda Sif Pálsdóttir, fréttakona á Ríkissjónvarpinu.

# The Blondies með lag á afmælisdegi Ásdísar

„Ég á afmæli í dag og það var því algjör skyndiákvörðun að skella laginu í spilun í tilefni af því,“ segir Ásdís Rán Gunnarsdóttir en í dag verður nýtt lag með dúett hennar og Óskar Norðfjörð frumflutt á útvarpsstöðinni FM 957.

Vinkonurnar kalla sig The Blondies sem er bein vísun í ljósan háralit stúlknanna. Lagið nefnist „All She Need Is Love“ og fellur undir tónlistarstefnuna „dubstep pop“.

„Þetta er ný stefna í tónlistarheiminum í dag og að koma mjög sterkt inn, til dæmis í Þýskalandi og fleiri löndum,“ segir Ásdís.

Ásdís Rán hefur verið með lagið í bígerð lengi og tekið upp búta úr laginu þegar hún hefur verið hérna heima í fríi. „Við erum búnar að hittast í stúdíói og erum að dunda okkur að þessu saman,“ segir Ásdís en eftir að lagið hefur verið frumflutt verður það fáanlegt á vefnum tonlist.is.

Vinkonurnar Ásdís Rán og Ósk hafa báðar gefið út lög hvor í sínu lagi en þetta er hins vegar í fyrsta sinn sem þær leiða saman hesta sína. „Verður maður ekki bara að hafa gaman af lífinu á meðan maður getur? Við erum bara í þessu til að skemmta okkur vel saman. Maður veit samt aldrei hvort þetta leiðir okkur eitthvert annað,“ segir Ásdís sem er byrjuð að skoða hvort lagið komist jafnvel í spilun í Búlgaríu.

„Nú ætlum við bara að sjá hvernig viðtökurnar verða og ég skála svo í hvítvíni í afmælisveislu í kvöld.“ **- áp**



**FRUMFLYTJA LAG** Þær Ásdís Rán og Ósk Norðfjörð frumflytja lag sitt „All She Need Is Love“ á útvarpsstöðinni FM957 klukkan 14. Hér eru þær ásamt Sigríði Klingenberg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hrifust af Æði-bitum og íslenskum partíum

„Ég held að þetta eigi eftir að koma vel út,“ segir Rebekka Bryndís Björnsdóttir tónlistarkona.

Rebekka og Arnar Sigurðsson tóku að sér framleiðslu á myndbandi fyrir bandaríska tónlistarmanninn Ernest Greene sem gefur út undir nafninu Washed Out. Tökum á myndbandinu lauk í vikunni og ætti afraksturinn að líta dagsins ljós á næstu vikum. Tónlist Washed Out flokkast sem „chillwave“ og fyrsta plata sveitarinnar, sem kom út í síðasta mánuði, hefur fengið góða dóma. Hún var til að mynda flokkuð sem „Best New Music“ á Pitchfork.com sem þykir ávísun á að tónlistarnirðir sperri eyrun.

Leikstjóri myndbandsins er David Yoonha Park sem getið hefur sér gott orð í óháða tónlistargeiranum. „Hann og framleiðandinn komu viku fyrr til að kynna sér aðstæður. Við buðum þeim að koma með okkur á ball í Trékyllisvík og þeir voru svo ánægðir að þeir ákváðu að ferð þeirra yrði innblástur að myndbandinu,“ segir Rebekka.

Meðal þess sem Bandaríkjamennirnir hrifust af voru Æði-bitar sem Rebekka segir að komi við sögu í myndbandinu. Þá hrifust þeir af partíum á heimili þeirra Steinþórs Helga, umboðsmanns Hjaltalín, og Atla Bollasonar, fyrrum liðsmanns Sprengjuhallarinnar. „Atli tók á móti þeim á nærbuxunum þegar þeir komu til landsins. Þeim fannst ógeðslega fyndið að ókunnugur maður kæmi til dyra á nærbuxunum og það varð að sjálfsögðu að vera í myndbandinu.“

Bandaríkjamennirnir tóku upp efni víðs vegar um landið, meðal annars á Mývatni og við Öskju. Upphaflega hugmyndin var að enda á partísenu á bar í Reykjavík en þess í stað var haldið alvöru íslenskt eftirpartí. „Þeim fannst þetta greinilega svona góð partí heima hjá Steinþóri.“ **- hdm**



**KVEÐJUSTUND** Hópurinn hittist á Prikinu áður en kvikmyndagerðarmennirnir héldu heim á leið. Frá vinstri eru Richard Peete framleiðandi, Rebekka, Yoonha leikstjóri, Arnar Sigurðsson, Nick tökumaður og Luke Rathborne sem lék aðalhlutverkið í myndbandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**METSÖLUBÓK SVIÐSETT**

Svar við bréfi Helgu seldist í um 8.000 eintökum fyrir síðustu jól. **Ólafur Egilsson** vinnur nú að leikgerðinni, en Kristín Eysteinsdóttir leikstýrir verkinu sem fer á svið Borgarleikhússins í vetur. **Þröstur Leó** og **Ilmur Kristjánsdóttir** fara með hlutverk í sýningunni.

**ÓLAFUR EGILSSON:** ÞARF AÐ KOMA NÁTTÚRUNNI Í BÓKINNI TIL SKILA

# Svar við bréfi Helgu á svið

„Þetta verður ekki og er ekki búið að vera auðvelt verk, en það er heldur ekkert endilega þannig sem það á að vera,“ segir Ólafur Egilsson, sem vinnur nú að leikgerð eftir metsölubókinni Svar við bréfi Helgu, eftir Bergsvein Birgisson.

Svar við bréfi Helgu fer á svið Borgarleikhússins í vetur. Bókin kom út fyrir síðustu jól og seldist í um 8.000 eintökum. Hún var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í fyrra og valin besta skáldsaga ársins að mati bóksala. Leikstjóri er Kristín Eysteinsdóttir og á meðal leikara eru Þröstur Leó Gunnarsson, Ilmur Kristjánsdóttir og Sigrún Edda Björnsdóttir.

Ólafur segir jákvætt að bókin sé lesendum í fersku minni þegar verkið fer á svið, en sá Ólafur bókina fyrir sér á sviði þegar hann las hana fyrst?

„Já og nei. Sagan er falleg, en það eru miklar myndlýsingar sem flytjast ekki beinlínis yfir á sviðið sem slíkar. Ég hikaði alveg. Það er kannski ekkert óeðlilegt. Ég hika alltaf og efast. Maður er í stöðugum efa og þetta eru endalaus helvítis vandræði.“ Ólafur segir ekki sjálfgefið hvernig á að sviðsetja verkið, en bætir við að í leikhúsinu séu til ýmis góð meðul og tæki sem hægt er að grípa til.

Svar við bréfi Helgu er á köflum erótísk, en Ólafur segir þó að ekkert kynlíf verði á sviðinu. „Kynlífið verður túlkað á listrænan hátt. Það er hægt að ýja að og gefa í skyn á hátt sem heldur áhuga án þess að fólki finnist gengið fram af því. Þá heitir það kannski ekki kynlíf, frekar erótík. Það er mikil náttúra í bókinni og henni verður að koma til skila.“

Ólafur þarf ekki aðeins að koma náttúrunni í Svari við bréfi Helgu til skila, heldur einnig ónáttúru.

„Já. Hann er aðframkominn af ástleysi og hjartasárum. Leitar huggunar í sínum skepnum. En ekki bara með holdlegum hætti, heldur andlegum fyrst og fremst.“ **atlifannar@frettabladid.is**

**krakkasíðan**
*krakkar@frettabladid.is*



**Nýkrýndur heimsmeistari**

**Hekla Katharína Kristinsdóttir bar nýverið sigur úr býtum í fjórgangskeppni ungmenna á Heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Austurríki.**

**Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins**

# Leikkonur hlaupa til góðs

„Ég er í fínu formi,“ segir leikkonan Nína Dögg Filippusdóttir.

Leikkonurnar Nína Dögg, Unnur Ösp Stefánsdóttir og Selma Björnsdóttir undirbúa sig nú fyrir Reykjavíkurmaraþonið sem fer fram 20. ágúst. Þær ætla að hlaupa 10 kílómetra til styrktar Unicef. Áheitin sem þær, og allir sem hlaupa fyrir Unicef, safna renna til neyðarsöfnunarinnar í Austur-Afríku.

„Ég ætla að styrkja gott málefni. Það þarf eitthvað að gerast í þessum heimi,“ segir Nína Dögg. „Það er náttúrulega fáránlegt að það séu sveltandi börn í Afríku á meðan maður lifir í vellystingum hérna heima. Óskiljanlegt.“

Nína Dögg hefur áður tekið þátt í Reykjavíkurmaraþoninu, en hleypur þó örlítið hægar nú þar sem hún á von á barni.

Er ekkert erfitt að hlaupa fyrir tvo?

„Nei, er maður ekki að hlaupa fyrir miklu fleiri? Ég ætla ekki að fara mér að voða, en ætla að léttskokka þetta. Ég hef einu sinni hlaupið 10 kílómetra áður og það gekk mjög vel. Ég náði góðum tíma, en ég stórefast um að tíminn verði sá sami núna. Enda er ég ekki að keppa við tímann.“ **- afb**



**ÞRÍEYKIÐ** Nína Dögg, Unnur Ösp og Selma Björns taka þátt í Reykjavíkurmaraþoninu fyrir Unicef. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# ÓTRÚLEGI ÚTSÖLUMARKAÐURINN

## ÚTSÖLULOK Á SUNNUDAGINN



# TÓNLIST LEIKFÖNG OG DVD

# VERÐHRUN!

**20%**
AUKA AFSLÁTTUR
Á ALLAR VÖRUR!

ALLT Á AÐ SELJAST

AÐEINS
**3**
DAGAR EFTIR

FÖSTUDAGUR, LAUGARDAGUR OG SUNNUDAGUR

SÍÐASTI SÉNS · OPIÐ KL. 11 - 19 ALLA DAGA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Boltabarn á leiðinni



**Guðrún Sóley Gunnarsdóttir**, landsliðskona í knattspyrnu, á von á sínu fyrsta barni með haustinu. Guðrún er búsett í Stokkhólmi ásamt kærasta sínum, Helga Má Magnússyni landsliðsmanni í körfubolta, sem leikur nú með sænska liðinu Uppsala Basket. Það má því fullyrða að sannkallað boltabarn er á leiðinni í höfuðstað Svíþjóðar.

### Breivik sést í Færeyjum

Kapteinn **Paul Watson** hvalavinur heiðrar Færeyinga þessa dagana með sérstakri „eftirlitssiglingu" og heimsókn. Hann segir frá því á Fésbókarsíðu sinni að hann hafi sloppið í gegnum færeyska útlendingaeftirlitið og ætli að halda fyrirlestur í Þórshöfn á laugardaginn næsta. Færeyskir fjölmiðlar segja þó að vertar og hótelhaldarar þar vilji ekki hýsa Watson. Á Fésbók á Watson 141.000 aðdáendur og vakti ein nýleg færsla athygli í Færeyjum. Í henni vill Watson meina að norski hægri-öfgamaðurinn Anders Behring Breivik hafi líklega verið undir áhrifum færeysks (hvala) slátrara.



– áp, kóþ

## Mest lesið vísir

1. Vilja lægra bjórverð svo gestir komi fyrr
2. Hætta getur stafað af fölsuðum snyrtivörum
3. „Tróju-treyjum" dreift til nýnasista
4. Hinn þýski Jack Sparrow höfðar mál gegn Disney
5. Kútvelta yfir Kollafirði
6. Fór þriggja kílómetra lengri leið til Úteyjar


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir

SAMSUNG

FARTÖLVUR

Samsung er stærsti raftækja framleiðandi heims í dag. Bilanatíðni Samsung fartölva er ein sú allra lægsta sem til þekkist.*




NP-N900X3A-A01SE

Samsung Series 9 Notebook

Þynnsta fartölva í heimi · Hefur hlotið mikla athygli og einróma lof gangrýnenda · Búin til úr sérhertri álblöndu – *DurAlumin*, samskonar álblöndu og er í flugvélum · Heimsins mesti ljósstyrkur í 13" skjá · Endurræsir sig á aðeins 3 sekúndum

ÞYNNSTA · LÉTTASTA OG STERKASTA FARTÖLVA Í HEIMI

Stýrikerfi: Genuine Windows® 7 Home Premium (64-bit) · Office 2010 Pre-installed · Örgjörvi: Intel® Core™ i5 Processor 2537M · Skjár: 13,3" SuperBrightPlus© 400 nit Anti-reflex HD (1366 x 768) LED · Skjákort: Intel® HD Graphics 3000 · Vinnsluminni: 4GB DDR3 · Geymslurými: 128 GB Solid State Drive · Hjóð: 3 W Stereo Speaker (1.5 W x 2) with HD Audio · Myndavél: 1.3 MP HD Webcam · Netstýring: 10/100/1000 LAN · Þráðlaust netkort: 802.11 b/g/n · Raffhlaða: 7 klukkutíma rafhlöðuending · **Verð: 299.900 kr.**

*Skv. **Square Trade** könnun sem gerð var á þriggja ára tímabili og voru yfir 30.000 fartölvur frá öllum framleiðendum í þessari könnun.

KVIKA



**RV515**

Skjár: 15.6" 1366x768 LED Gloss · Örgjörvi: AMD E350 · Vinnsluminni: RAM 4 GB · Harður diskur: 320GB 5400RPM · Skjákort/stýring: ATI HD6470M 512mb · Rafhlöðuending: 4,5 klst · Litur: Svört og silfur · Stýrikerfi: Genuine Windows® 7 Home Premium

**Verð: 89.900 kr**



**R510**

Skjár: 15,6" HD (1366x768) LED Gloss · Örgjörvi: Intel Celeron T3500 2,1GHz · Vinnsluminni: RAM 4 GB · Harður diskur: 320 GB 5400RPM · Skjákort/stýring: Intel HD Graphics · Rafhlöðuending: 4 klst · Litur: Svört og silfur · Stýrikerfi: Genuine Windows® 7 Home Premium

**Verð: 99.900 kr.**



**RV720**

Skjár: 17.3" 1600x900 LED Gloss · Örgjörvi: Intel Core i3-2310M 2,1GHz · Vinnsluminni: RAM 4 GB · Harður diskur: 640 GB 5400RPM · Skjákort/stýring: NVIDIA GeForce GT 520M · Rafhlöðuending: 4 klst · Litur: Svört og silfur · Stýrikerfi: Genuine Windows® 7 Home Premium

**Verð: 139.900 kr.**

*Komið og kynnist af eigin raun þessum frábæru fartölvum!*

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

BT
SKEIFUNNI 11 & GLERÁRTORGI

| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 |